

DRÖM



Viðtal

LALLI JOHNS LIFIR

Edrú í fjögur ár

- Íhugar að setjast á skólabekk
- Miðlar reynslu til yngri fíkla

29-31

DÓPIÐ ÆALIÐ Í SKÁKVÖRUM

■ „Þetta var eins og í Hollywood-mynd“



SAKLAUS

2



Óstjórn í Krýsuvík

Kynferðisbrot, óttastjórnun og andlát

„Þessi strákur átti ekki að deyja“

■ „Fór út fyrir öll mörk varðandi samskipti mín við skjólstaðinga“ 6-10



Nornin hætt að trúá á drauga

56-58



Karen er 16 ára móðir

■ Áreitt af þritugri konu 16

ERFIÐUSTU MÁLIN

■ Þekktir lögfræðingar segja frá



18-19

Kristín syrgir þorvald

SONUR MINN VAR DREPINN

■ Fékk hótanir áður en hann fannst látinn í desember



4

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

VÖNDUÐ VINNU BRÖÐ



Bilastjarnan

BÆJARFLÓT 10, RVK | S: 567 8686 | BILASTJARNAN.IS

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara




Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is





Stefán Blackburn laus af Litla-Hrauni

Stefán Blackburn er laus af Litla-Hrauni. Greint var frá því í Fréttablaðinu fyrir áramót að Stefán hefði verið fluttur á Litla-Hraun tveimur dögum fyrir jól. Áður var hann laus með ökkla-band en Fangelsismálastofnun ákvað að vista hann, ásamt Berki Birgissyni, á Litla-Hrauni eftir að hafa fengið upplýsingar frá lögreglu um að Stefán væri grunaður um líkamsárás. Stefán hefur nú verið látinn laus, en til hans sást á skyndibitaðnum Serrano í Krínglunni á fimmtudaginn ásamt nafna sínum Sívarssyni.



Ökuferðin endaði með ósköpum

Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt 27 ára karlmann í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Maðurinn var ákærður fyrir að hafa, þann 15. febrúar í fyrra, ekið bifreið sinni vestur Suðurlandsveg undir áhrifum MDMA, amfetamíns og kannabisefna. Ökuferðin endaði ofan í skurði eftir að maðurinn missti stjórn á bifreiðinni. Farþegi sem var með í för slasaðist; hlaut brot á lendarlið og mar á brjóstakassa. Við leit á manninum fundust tæp tólf grömm af amfetamíni. Maðurinn hefur ítrekað komist í kast við lögin vegna umferðarlagabrotu en þegar slysið varð var þegar búið að svipta hann ökuréttindum ævilangt.

Dómurinn ítrekaði ökuleyfissviptinguna og dæmdi manninn sem fyrr segir í tveggja mánaða fangelsi. Þá var honum gert að greiða sakarkostnað sem nam rúmum 400 þúsund krónum.

Þessar fréttir bar hæst í vikunni

Helgi barði Ósk

Fyrirverandi kærasti Óskar Matthíasdóttur, Helgi Sigurðsson einkaþjálfari, var dæmdur í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir ofbeldisbrot gegn henni.

dv.is

Ævintýralegar nágrannadeilur

„Hann reyndi að drepa mig,“ segir Hreggviður Hermannsson, bóndi að Langholti 1b í Árnassýslu. Hreggviður sakar nágranna sinn, sem býr í Langholti 2, um að hafa reynt að keyra yfir hann.

dv.is

Fékk ekki gin og tónik

Þorvaldur Gissurarson missti stjórn á sér í flugi WOW air á dögnum eftir að áhöfn vélarinnar neitaði honum um áfengi.

dv.is

Þetta var eins og í Hollywood-mynd

Sérsveitin braust inn í Skáksamband Íslands

Forseti Skáksambandsins handtekinn þegar hann tók grunlaus við sendingu sem reyndist innihalda fíkniefni

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Síðastliðinn mánudag ruddust fjórtán sérsveitarmenn með alvæpni inn í skrifstofuhúsnæði við Faxafen og handtöku þar tvo menn á vettvangi. Aðgerðin tengdist innflutningi á fíkniefnum en kassi, þar sem fíkniefni voru falin í tilteknum munum, hafði skömmu áður borist í DHL-sendingu í húsnæðið. Það sem var óvenjulegt við þessa aðgerð er það að vettvangur hennar var skrifstofa Skáksambands Íslands og annar hinna handteknu var Gunnar Björnsson, forseti sambandsins. „Það má segja að ég sé bara lítið það sem var fórnað í valdatafli undirheimanna,“ segir Gunnar glettinn í samtali við DV. Hann þurfti að dúsa í varðhaldi í nokkra klukkutíma og þurfti að undirgangast yfirheyrslu lögreglu. Rétt er að geta þess að lögregla telur að aðild Gunnars að málinu sé aðeins sú að hann tók grunlaus við sendingunni.



Forsetinn færður í járn

„Við fengum tilkynningu um að okkur hefði borist pakki frá spænski skákvörverslun. Framkvæmdastjóri sambandsins sér yfirleitt um að panta vörur og hún kannaðist ekkert við pakkann. Ég ákvað engu að síður að kvitta fyrir móttöku hans þegar mér var tilkynnt að flutningsgjöldin hefðu verið greidd fyrirfram,“ segir Gunnar. Brögð reyndust vera í tafla því þrátt fyrir að í kassanum væru sannarlega skákvörur þá kom á daginn að þær voru fullar af fíkniefnum.

DHL-sendillinn var nýfarinn þegar riddarar sérsveitarinnar ruddust inn með látum. „Þetta var eins og í Hollywood-mynd. Ég væri að ljúga ef ég segðist ekki hafa komist í uppnám,“ segir Gunnar sem var umsvifalaust handtekinn. Þá ákváðu sérsveitarmenn að tefla ekki á tvær hættur heldur færðu forsetann einnig í járn. Yfir Gunnari stóð völdugur sérsveitarmaður og spurði í skipandi tón hver Gunnar væri. „Ég svaraði því til að ég væri forseti Skáksambandsins,“ segir Gunnar og getur ekki annað en hlegið þegar hann rifjar atburðarásina upp.

Braut allt og bramlaði

Skrifstofa Skáksambandsins að Faxafeni 12 er samtengd húsnæði Taflfélags Reykjavíkur. Á milli rýmanna er völdug millihurð og eftir að hafa kembt húsnæði sambandsins beindist áhugi sérsveitarmanna að húsnæði Taflfélagsins þar sem þeir urðu varir við mannaferðir. Þar leigir einstaklingur skrifstofurými og honum varð verulega brugðið þegar sérsveitarmaður með lambhúshettu öskraði á hann að opna dyrnar. Maðurinn komst að þeirri niðurstöðu eftir skamma umhugsun að besti leikurinn í stöðunni væri sá að láta sig hverfa af vettvangi. Leikfléttan gekk þó ekki

upp því maðurinn var handtekinn þegar hann freistaði þess að komast út um annan útgang á húsnæðinu. Við handtökuna gaf maðurinn þær skýringar að hann hafi ekki vitað að um sérsveitarmann lögreglu væri að ræða heldur talið að þarna væri einhver óprúttinn misindismaður á ferðinni. Því hafi hann yfirgefið húsnæðið. Manninum var strax sleppt úr haldi enda augljóst að hann tengdist málinu ekki neitt.

Að sögn Gunnars bætti ekki úr skák að sérsveit lögreglu gekk mjög hart fram í aðgerðinni. Hurðir voru brotnar niður í Skáksambandinu sem og Taflfélagi Reykjavíkur. „Brot úr hurðunum voru úti um allt og óneitanlega talsvert tjón. Lögreglan hefur tilkynnt mér að allt tjón verði bætt,“ segir Gunnar. Þegar sérsveitarmenn voru búnir að tryggja húsnæðið var Gunnar færður til yfirheyrslu.

Yfirheyrður bróðurpart úr degi

„Mér var tjáð að lögreglan yrði að yfirheyra mig enda tók ég við pakkanum,“ segir Gunnar. Hann þurfti því að dúsa í haldi lögreglu bróðurpart úr degi, aðgerðin átti sér stað um klukkan 13.00 mánudaginn 8. janúar en Gunnar losnaði úr haldi lögreglu um kvöldmatar leytið. „Þetta var ákveðin lífsreynsla, það er ekki hægt að segja annað. Ég hefði samt alveg viljað sleppa við hana,“

Eitruð með Skákvörurnar reyndust innihalda fíkniefni.

segir Gunnar en bætir við að lögreglumennirnir sem handtöku hann hafi sýnt fyllstu kurteisi og háttvísi miðað við aðstæður. Aðspurður um framhaldið segist Gunnar ekki hafa hugmynd um hvað taki við: „Ætli svartur eigi ekki leik.“

Á sama tíma og aðgerðin í Skáksambandinu fór fram var svipuð aðgerð í húsnæði Hvíta Riddarans í Mosfellsbæ. Þar var einn einstaklingur handtekinn og annar síðar um daginn. Mennirnir eru á þrítugsaldri og hafa þeir verið úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald, grunaðir um að hafa skipulagt innflutning á efnunum. Samkvæmt heimildum DV lagði lögreglan hald á um átta kílógrömm af eiturflyfjum í aðgerðinni. Heimildum blaðsins ber ekki saman um hvort um amfetamín eða kókaín hafi verið að ræða. Ljóst er þó að söluandvirði efnanna á götunni hleypur á tugum, ef ekki hundruð milljónum króna. ■



Gunnar Björnsson Forseti Skáksambandsins tók grunlaus við DHL-sendingu á skrifstofu sambandsins í vikunni. Andartaki síðar var Gunnar handtekinn.

ER MYNDAVÉLIN ÍÞYNGJANDI?

Lausnir frá Peak Design gera það ánægjulegt að ferðast með myndavélina, hvort sem það er innan borga eða í óbyggðum



EVERYDAY MESSENGER TÖSKUR FRÁ PEAK DESIGN



Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogur, sími 577 6000, garmin.is


GARMINBÚÐIN

„ALLTAF SAGT AÐ HANN HAFI VERIÐ DREPINN“

■ Hafói verið hótað af mönnum úr undirheimum ■ Móðir vill rannsókn

Hjálmar Friðriksson
Kristján Kormákur Guðjónsson
hjalmar@dv.is / kristjon@dv.is



Þorvaldur villtist ungur af leið niður í undirheimana. Hann gerði tilraunir til að komast út úr myrkrinu og viðbjóðnum en þær báru ekki árangur. Hann hélt þó góðu sambandi við fjölskyldu og vini sem lýsa honum sem góðhjörtuðum manni með stórt hjarta. Þorvaldur var á leið til Spánar þann 13. desember. Daginn fyrir ferðina fannst hann látinn, aðeins 35 ára að aldri.


Líkið fannst í Fossvogsdal um klukkan fjögur síðdegis þann 12. desember. Í fyrstu fréttum var sagt að rannsókn stæði yfir til að skera úr um hvort um slys hefði verið að ræða en samkvæmt lögreglu benti ekkert til að neitt saknæmt hefði átt sér stað. Móðir Þorvaldar, Kristín Guðmundsdóttir, og aðstandendur eru hrædd um að Þorvaldi hafi verið ráðinn bani. Á líkinu hafi verið áverkar og Þorvaldur sætt hótunum dagana fyrir andlátíð. Lögregla hélt sig enn við þá niðurstöðu að ekkert saknæmt hefði átt sér stað þegar DV leitaði viðbragða.

Kristín segist hafa fengið mjög mismunandi svör frá lögreglu um hvernig Þorvaldur fannst. „Lögregla sagði okkur fyrst að höfuð-áverkar bentu til að hann hefði dottið aftur fyrir sig. Og hann væri með stungusár víða um líkamann, en ekki eftir hníf. Daginn eftir fengum við að sjá hann, þá spurðum við út í áverka á andliti, hálsi og meira. Svarið þá var að hann hefði legið a grúfu,“ segir Kristín.

Á leið til Spánar

Kristín var með syni sínum degi fyrir andlátíð. Þau höfðu átt góða stund saman og hún ekið honum að hitta vinkonu sína. Hann var á leið með bróður sínum til Spánar og allt virtist leika í lyndi. Sonur hennar var fíkill sem hélt, eins og áður segir, sambandi við sína nánustu. Þann 11. desember virtist nokkuð bjart yfir Þorvaldi. Að vísu hafði honum borist hótanir frá manni sem hafði lagt á hann skuld eins og það er kallað. Slíkt tíðkast í undirheimunum og getur skuld sem er 50 þúsund orðið að 500 þúsund krónum eða fimm milljónum á einni nóttu hafi ekki verið gengið frá greiðslu eða skuldarinn brúkað munn.

Kristín kvaddi son sinn sem steig út úr bílnum og gekk burt. Hann ætlaði að kasta kveðju á vinkonu sína. Kristín átti ekki eftir að sjá son sinn á lífi. Síðan þá hefur Kristín vart matast. Hún settist með blaðamönnum á Kringlukurána og á meðan þeir gæddu sér á hádegisverði fékk hún sér kaffisopa. „Ég furða mig á, að aðeins einum degi eftir að lík hans fannst, hélt lögregla fram að ekkert saknæmt hefði átt sér stað,“ segir Kristín.



Dularfullt Kristín er hrædd um að Þorvaldi hafi verið ráðinn bani. Hún kveðst hafa fengið óskýr svör frá lögreglu um hvernig hann fannst.

SÁRT SAKNAÐ

Þorvaldur er sárt saknað af fjölskyldu og vinum. Kristín, móðir hans, lýsir honum sem lífsglöðum og skemmtilegum manni. Þau hittust nær daglega óháð því hvort hann hafi verið í neyslu eður ei. „Hann var bæði dýravinur og mannvínur,“ segir Kristín.

Á samskiptamiðlum hafa margir tjáð sig um mannkosti hans og ljóst að vínahópurinn var nokkuð stór. Kristín skrifadi á Facebook-síðu sína: „Sakna þess svo að heyrja ekki röddina þína og geta ekki knúsað þig og faðmað þig. Elska þig út í geim og til baka. Vonandi ertu í faðmi pabba þíns núna. Guð geymi þig Snúlli minn.“

Einn vina hans lýsir honum á þennan veg: „Hann Valdi var ofboðslega góður drengur sannur vinur. Hans verður sárt saknað. Hugur minn er hjá ykkur öllum.“ Hugrún Jósepsdóttir segir: „Vá ég fékk sting í hjartað þegar ég sá myndirnar. Í gær voru 2 ár síðan hann var hjá mér og hjálpaði mér að undirbúa jólin [...] Sakna hlátursins og knúsanna.“

Þá segir systir hans, Harpa Særós: „Finnst þetta ekki vera satt er að bíða enn þá eftir að hann hringi til að láta sækja sig eða spjalla. Finnst hjartað mitt vera brotið. Þetta er svo ósanngjarn. Guð geymi þig Snúlli.“

Heilsuhraustur

Rannsókn er ekki lokið og niðurstaða krufningar liggur ekki fyrir. Bráðabirgðaniðurstaða gat ekki gefið fjölskyldu í sárum nein svör. Kristín dregur ekki dul á að Þorvaldur hafi verið í neyslu en hann hafi þó verið heilsuhraustur og ekki kennt sér meins þegar hún var með honum degi áður en hann lést. „Ég hef alltaf sagt að hann hafi verið drepinn. Ég fer ekki ofan af því.“



sem þekktum hann vitum að þetta var óeðlilegt, þótt hann hafi verið í neyslu. Áhugaleysi lögreglu er algjört,“ segir Kristín.

Undirheimamenn höfðu hótað

Kristín telur líklegast að Þorvaldur hafi látist eftir árá. Þegar hún fékk loks að skoða líkið tók hún eftir augljósu mari á andliti hans og bringu. Á mynd hér til hliðar lítur út fyrir að Þorvaldur hafi verið beittur ofbeldi. Kristín segir enn fremur að við sneringu hafi hún fundið að hann væri viðbeinsbrotinn. Ofan á þetta bættist að Þorvaldur hafði með sér poka með tölvum þegar hann gekk inn í Fossvogsdalinn en sá poki fannst nokkrum metrum frá líkinu. Tölvurnar voru í molum og því ljóst að þær féllu ekki einungis í jörðina. Þá hafi Þorvaldur verið rukkaður um fíkniefnaskuldir nokkrum dögum áður en hann lést.

„Undirheimarnir höfðu hótað honum. Ég fer ekki ofan af því að hann hefur verið barinn. Þegar við skoðuðum hann návar tókum við eftir að hann var bæði nef- og viðbeinsbrotinn. Það eru líka áverkar á augabrún og á nefi. Á fingraförum á líkinu má merkja að hann hafi verið tekinn kverkatakí.“

Kristínu finnst lögregla sýna málinu lítinn sem engan áhuga.

„Það eru líka áverkar á augabrún og á nefi. Á fingraförum á líkinu má merkja að hann hafi verið tekinn kverkatakí.“

Hún furðar sig enn fremur á því að ekkert hafi verið minnst á áfallahjálþ þegar hún ræddi við lögreglumenn. Ofan á þetta hafi sjúkrahúsprestur á Landspítalanum sagt að hann hefði ekki tíma til að sinna þessu máli fjölskyldunnar. „Það er ekkert í gangi. Fyrir þeim er þetta einum fíkinum færra en á meðan við fáum ekki svör gróa sárin ekki. Við sem elskuðum Þorvald viljum sannleikann upp á yfirborðið. Þetta er allt mjög dularfullt. Ef þetta væri sonur áhrifamanns í samfélaginu væri búíð að kalla út alla mögulega menn til að leysa málið,“ segir Kristín og bætir við: „Við vorum mörg sem elskuðum hann og hann var falleg sál sem elskaði marga þótt hann hafi villst af leið. Við viljum svör.“ ■

Komdu í áskrift

BESTU ÁSKRIFTARTILBOÐ OKKAR FINNUR ÞÚ Á:

birtingur.is



HÚS OG HÍBÝLI



GESTGJAFINN



VIKAN

„**Áð mínu mati á að loka þessari stofnun**“

JÓN LÉST DAGINN EFTIR UMDEILDA BROTTVÍSUN

■ „Ég dey í kvöld“ ■ Engir starfsmenn eftir klukkan fjögur ■ Gríðarleg starfsmannavelta ■ Fjölskylda og vinir stjórna meðferðarstöðinni ■ Óeðlilegt samneyti við skjólstæðinga

Björn Þorfinnsson, Kristjón Kormákur Guðjónsson, Sigurvin Ólafsson
bjornth@dv.is / kristjon@dv.is / sigurvin@dv.is

Óttastjórnun, starfsmaður kærður fyrir alvarlegt kynferðisbrot, óviðeigandi samskipti yfirmanns við kvenkyns skjólstæðinga og andlát sem aldrei hefði átt að eiga sér stað. Þetta eru atvik sem koma við sögu á síðustu tveimur árum á meðferðarstöðinni og tengjast rekstri Krýsuvíkursamtakanna á meðferðarheimili í Krýsuvík.

„Ég dey í kvöld,“ sagði ungur maður, Jón Einar Randversson, við vini sína og ráðgjafa meðferðarheimilisins þegar honum var vísað úr meðferð í byrjun október. Jón Einar hafði dvalið í níu vikur í Krýsuvík. Hann hafði ekki lokið meðferð sem tekur sex mánuði. Samkvæmt heimildum DV hafði Jón Einar staðið sig með miklum sóma og þótti starfsfólki og öðrum skjólstæðingum meðferðarheimilisins brottvísunin afar ósanngjörn. Daginn eftir var Jón Einar látinn.

Gríðarleg starfsmannavelta

Þetta er aðeins eitt dæmi af nokkrum sem virðast benda til þess að pottur sé brotinn í mállefnum meðferðarheimilis Krýsuvíkursamtakanna. Heimildir DV herma að nokkrir stjórnenda og starfsmanna heimilisins hafi síð-

„**Í raun og veru er þetta landsliðið í neyslu, fólkíð sem er við það að fara að deyja**“

ustu misserin átt óviðeigandi samskipti og sambönd við skjólstæðinga heimilisins og hefur einn þeirra kært fyrrverandi starfsmann til lögreglu fyrir kynferðisbrot. Þá þykir stjórnun nokkurra helstu starfsmanna hafa verið mjög harðneskjuleg og ósanngjörn, bæði í garð skjólstæðinga og undirmanna. DV hefur rætt við ótal starfsmenn og skjólstæðinga vegna þeirra mála sem upp eru komin.

„Áð mínu mati á að loka þessari stofnun,“ segir Inga Lind Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðgjafi sem starfaði hjá Krýsuvíkursamtökunum um hálfis árs skeið. Inga Lind segist hafa verulegar efasemdir um að þar innandyra sé unnið faglegt starf og að árangurinn, sem stjórnendur hreykja sér af, sé í besta falli ýktur.

Um Krýsuvíkursamtökin

Krýsuvíkursamtökin eru sjálfseignarsamtök sem voru stofnuð árið 1986, upphaflega til að sjá um meðferð unglunga í vímuefnavanda. Eftir erfið byrjunarár var starfið endurreist og því breytt verulega árið 1997. Í dag reka samtökin áfengis- og vímuefna meðferð fyrir fólk af báðum kynjum frá 18 ára aldri og upp úr. Meðferðarheimilið er staðsett í Krýsuvík.

Starfið á meðferðarheimilinu byggist á þremur þáttum; meðferð, vinnu og námi. Meðferðin er grundvöllur á 12 spora kerfinu og felur m.a. í sér einkaviðtöl, hópfunði, fyrirlestra, kennslu og líkamsmætti. Meðferðartíminn er að lágmarki sex mánuðir. Vinnan miðast við almenn húsverk innanhúss svo og viðhald á húsinu og nánasta umhverfi þess. Umsjón húsdýra er einnig í höndum vistmanna. Í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi er boðið upp á nám á framhaldsskólastigi fyrir skjólstæðinga. Námið er að miklu leyti sjálfsnám en kennarar menntaskólans hitta nemendur einu sinni í viku.

Samkvæmt heimasíðu samtakanna starfa að jafnaði í kringum 15 manns við meðferðarheimilið, þar á meðal áfengisráðgjafar, kennarar, matreiðslumenn, handleiðarar, lækni, forstöðumaður, sálfræðingur, staðarhaldari og bílstjóri.

Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor emerita, er formaður samtakanna. Framkvæmdastýra er Lovísa Christiansen og sonur hennar, Þorgeir Ólason, er forstöðumaður meðferðarheimilisins.

Á heimasíðu samtakanna er heimilinu lýst sem framsæknasta meðferðarúrræði í Evrópu sem völ er á í dag.

„Þann tíma sem ég var þarna þá held ég að það sé einn sem sé enn edrú, sem tókst að bjarga. Aðrir eru á kafi í neyslu eða látnir,“ segir Inga Lind. Þá segir hún að aðrar meðferðarstofnanir, til dæmis SÁÁ, nái mun betri árangri að hennar mati. Þá sé starfsmanna-

veltan gríðarleg, þvert á það sem stjórnendur halda fram.

Fjölskylda og vinir stjórna meðferðarstöðinni

Krýsuvíkursamtökin reka áfengis- og vímuefna meðferð fyrir fólk af báðum kynjum frá 18 ára aldri.

Skjólstæðingarnir eru rúmlega 22 hverju sinni og eru jafnan þeir sem hafa átt í hve mestum vandræðum að fóta sig í samfélaginu og á öðrum meðferðarstofnunum.

Í kringum 15 manns starfa fyrir samtökin og tengjast þau sterkum fjölskyldu- og vinaböndum. Framkvæmdastýra samtakanna er Lovísa Christiansen en sonur hennar, Þorgeir Ólason, er forstöðumaður meðferðarheimilisins. Á skrifstofunni starfar einnig mágkona Þorgeirs og meðal annarra lykilstarfsmanna hafa valist nánustu vinir Þorgeirs. Hafa nýir starfsmenn fundið fyrir því á eigin skinni að falli þeir ekki inn í þá fjölskyldustemningu og þann kultúr sem hefur myndast á heimilinu þá verði þeir ekki langlífir í starfi. Þorgeir heldur fram að starfsmannavelta sé lítil sem engin en heimildir DV segja allt aðra sögu. Starfsmenn hafa flúið eða verið reknir skyndilega og er þar fyrst og fremst skorti á faglegri umgjörð um að kenna varðandi ógöngurnar í stjórnun Krýsuvíkursamtakanna. Þá séu þeir látnir fara sem hafa út á starfsþætti yfirmanna að setja.

Óeðlilegt samneyti starfsmanna við skjólstæðinga

Blaðamenn DV hafa síðustu daga átt samtöl við ótal einstaklinga



Hann var látinn fara og ég hef engan áhuga á að vita hvar hann er niðurkominn

Maðurinn, sem heitir Björn Ragnarsson, er um sextugt en skjólstæðingurinn um tvítugt. Í samtali við DV við Björn gengst hann við því að hafa farið út fyrir siðferðisleg mörk í samskiptum sínum við skjólstæðinga en neitar alfarið að hafa brotið gegn þeim kynferðislega eða að hafa átt við þá kynferðislegt samneyti. Svör hans í heild má lesa á öðrum stað í umfjölluninni.

„Ég lagði fram kæru,“ segir konan sem kveðst þrátt fyrir það sem á undan hafi gengið elska Krýsuvík og segir meðferðina hafa bjargað lífi hennar. „Ég veit ekki hvar kærán er stödd í kerfinu. Hann var látinn fara og ég hef engan áhuga á að vita hvar hann er niðurkominn.“

Auðvelt sé að misnota sér traust skjólstæðinga.


„Það er svo auðvelt að verða hrifinn af ráðgjafanum sínum. Það verður svo mikil nánd á milli ráðgjafa og skjólstæðinga og fólk treystir þér fyrir lífi sínu og öllum áföllum sem það hefur orðið fyrir og hefur jafnvel aldrei treyst öðrum fyrir. Maður ert skyndilega bjargvættur þeirra og skjólstæðingarnir dýrka mann, þeir elska mann út af lífinu. Maður ert fyrsta manneskjan sem viðurkennir þá. Þess vegna eru mjög strangar siðareglur,“ segir fyrrverandi starfsmaður og bætir við: „Þessar reglur eru bara ekki virtar.“

Nokkrir starfsmenn og skjólstæðingar sem DV hefur rætt við telja að yfirmaður meðferðarheimilisins, Þorgeir, hafi átt í óeðlilegum samskiptum við skjólstæðing. Þorgeir, sem er um fimmtugt, er sagður eiga í sambandi við konu á þrítugsaldri sem hefur verið án vímuefna í skamman tíma. Rík áhersla er lögð á það í meðferðum bæði á Krýsuvík og hjá SÁÁ að fólk einbeiti sér að eigin bata eftir meðferð og forðist sambönd fyrst í stað. Þykir fyrrverandi starfsfólki Þorgeir ekki vera góð fyrirmynd í þeim efnum, bæði fyrir ráðgjafa og skjólstæðinga hans.

„Ég dey í kvöld“

Heimildarmenn DV upplýstu blaðamenn um annað sláandi og sorglegt dæmi um að reglum heimilisins hafi verið beitt í þágu vildarvina stjórnenda. Meðal skjólstæðinga heimilisins á síðasta ári var áður nefndur Jón Einar Randversson, rúmlega þrítugur maður sem stóð sig vel í meðferðinni og var á réttri leið. Skömmu síðar kom kona í meðferð á heimilið en hún var frænka eins lykilstarfsmanns. Hún og Jón Einar áttu sér forsögu sem þar en reglur eru hins vegar stífar um samneyti skjólstæðinga. Tekið skal fram að þau höfðu verið þar þegar þau voru á unglingsaldri.

Þegar slíkar eða aðrar svipaðar aðstæður eru uppi setur heimilið jafnan upp samskiptabann ▶



Jón Einar Randversson
Fyrrverandi starfsmenn
gagnrýna brottvísun Jóns
Einars. Degi síðar fannst
hann látinn.

sem hafa komist í kynni við samtökin síðustu misserin, einkum fyrrverandi starfsmenn. Þeir hafa allir staðfest að samskipti ýmissa starfsmanna og yfirmanna við skjólstæðinga hafi verið óeðlileg og ósiðleg. Að minnsta kosti tveir starfsmanna hafi átt í lengra sambandi, ástarsambandi, við að minnsta kosti þrjá skjólstæðinga, á meðan þeir hafi verið í meðferð á heimilinu. Rétt er að hafa í huga að skjólstæðingar Krýsuvíkur-

heimilisins eru alla jafna afar illa settir andlega, og jafnvel líkamlega, og oftast en ekki flytja þeir þangað inn af götunni. Þá greiða skjólstæðingar fyrir vistina.

„Í raun og veru er þetta landsliðið í neyslu, fólkíð sem er við það að fara að deyja. Það voru ógnvekjandi aðstæður og ég fékk á engan hátt nægilegan stuðning né þjálfun til þess að sinna því starfi. Enginn sem þarna starfar er

með menntun við hæfi. Það kemur lækni einu sinni í viku sem og ráðgjafi varðandi kynferðisbrot. Að öðru leyti eru starfsmenn að mestu ómenntaðir,“ segir fyrrverandi starfsmaður. Þá segist hún strax hafa tekið eftir skrýtnum vinnubrögðum og áherslum forstöðumannsins, Þorgeirs Ólasonar. „Hann sat á fundum, alltaf aðeins hærra uppi en við og horfði valdsmannslega yfir okkur. Ef við

vorum að ræða um einhvern skjólstæðing þá gerði hann oft athugasemdir eins og „eigum við ekki að reka hann?“ eða „er hann ekki bara að klæða sig í jakkann í þessum töluðu?“. Ég hugsaði oft hvernig hann gæti eiginlega hagað sér svona,“ segir annar starfsmaður.

Björn kærður fyrir kynferðisbrot

Samkvæmt heimildum DV eru skýrar reglur gegn samneyti starfsmanna við skjólstæðinga, rétt eins og á öðrum meðferðarstofnunum. Heimildarmenn DV upplýstu hins vegar um að þegar í eitt skiptið komst upp um slíkt brot starfsmanns þá hafi hann verið leystur frá störfum sem ráðgjafi en að hann hafi skömmu síðar verið ráðinn aftur sem bílstjóri fyrir heimilið. Jafnvel þó að þá hafi þegar verið starfandi bílstjóri en hann var látinn fara til að koma hinum brotlega starfsmanni aftur til starfa. Sögðu heimildarmenn DV að þetta væri aðeins eitt af mörgum dæmum um frændhygli stjórnenda. Umræddur starfsmaður var ekki löngu síðar aftur bendlaður við ósæmilegt athæfi gagnvart skjólstæðingi og hefur hann nú vegna þess verið kærður til lögreglu fyrir kynferðisbrot. Konan staðfesti við DV að hafa kært manninn.

„Mín hlið skiptir engu máli“

Sá sem var kærður fyrir meint kynferðisbrot heitir Björn Ragnarsson og var náinn vinur Þorgeirs Ólasonar forstöðumanns. Hann starfaði fyrst sem ráðgjafi um tíma en var vikið frá störfum fyrir meint ástarsamband við skjólstæðing.

Hann var síðan ráðinn aftur nokkrum mánuðum síðar og þá sem bílstjóri fyrir skjólstæðinga. Á meðan hann gegndi þeirri stöðu var hann sakaður um nauðgun og var honum því sagt upp störfum. Í samtali við DV gengst Björn við óeðlilegum samskiptum við skjólstæðinga Krýsuvíkursamtakanna en vísar ásökunum um kynmök og kynferðisbrot alfarið á bug.

„Ég fór út fyrir öll mörk varðandi samskipti mín við skjólstæðinga. Það voru óeðlileg samskipti, daður, fadmlög og léttir kossar á kinn og eitt sinn á háls. Það er hins vegar af og frá að ég hafi stundað þeim kynlíf,“ segir Björn. Hann segist fyrir löngu hafa áttað sig á því að hann sé berskjaldaður gagnvart ásökunum. „Mín hlið skiptir engu máli, ég er búinn að átta mig á því. Ég er miðaldra karlmaður og því á ég engan séns,“ segir Björn,

sem segist upplifa fullkomna útskúfun frá sínum gamla vinnustað og vinnufélögum.

Hann segist hafa hrunið gjörsamlega eftir uppsögnina. „Ég er búinn að eiga mjög erfitt og meðal annars reynt að svipta mig lífi tvisvar. Ég er bara á núlli, á byrjunarreit og er að reyna að púsla lífi mínu saman,“ segir Björn.

Þá segist hann vera afar feginn að vera laus úr þessum aðstæðum hjá Krýsuvíkursamtökunum. „Ég kaus að fara í aðstæður sem ég réð ekki við án þess að hafa nægilegan stuðning. Ég er sjálfur alkóhólisti og þarf að glíma við mína bresti og síðleysi tengt því, það gerði eflaust að verkum að ég sá ekki hvað ég var að gera rangt á sínum tíma. Þessar aðstæður sem skapast, þegar þú ert sjálfur veikur og ert að reyna að meðhöndla þá allra veikustu, eru mjög erfiðar og að mínu mati verða að endingu allir jafn veikir, starfsfólk og skjólstæðingar, ef ekkert er að gert. Þú þarft að hafa góðan stuðning, einhvern til þess að fylgjast með og pikka í þig og spyrja hvað sé í gangi,“ segir Björn.

Hann segir að upphaflega hafi verið boðið upp á handleiðslu fyrir ráðgjafa en því hafi verið hætt fyrir rúmunum tveimur árum. Þá hafi fljótt molnað undan honum. „Ástandið var alveg brjáláð þarna og eins og í öllum alkóhólistaffjölskyldum þá eru allir meðvirkir, starfsmenn og stjórnarmenn. Þetta er mjög lasið andrúmsloft,“ segir Björn.

Eins og áður segir viðurkennir Björn fúslega að hafa farið yfir strikið með tveimur skjólstæðingum en vísar því alfarið á bug að kynmök eða kynferðisbrot hafi átt sér stað. „Það myndast mjög náíð samband milli skjólstæðinga og ráðgjafa og auðvelt að fara út fyrir mörk í þeim efnun. Sumar stúlkur dögdu við mann og gáfu til kynna að þær hefðu mikinn áhuga á manni. Það kitlaði að sjálfögðu en að sama skapi þarf maður að hafa í huga það brenglaða valdajafnvægi sem þarna er í gangi milli ráðgjafa og skjólstæðings. Ég fór út fyrir mörk í samskiptum en ég er ekki kynferðisafbrotamaður. Allar ásakanir um slíkt eru lygi,“ segir Björn.

milli skjólstæðinga og brot gegn þeim varðar brottrekstur. Samkvæmt heimildum DV leitaði konan engu að síður eftir því að ná samskiptum við Jón Einar og var að lokum tilkynnt um að þau hefðu átt í samskiptum á heimilinu. Fyrirverandi starfsmenn sem DV hefur rætt við segja heimilið lítið og á sex mánaða tímabili sé ekki hjá því komist að eiga í einhverjum samskiptum.

Vegna tengsla konunnar við áður nefndan lykilstarfsmann heimilisins var hins vegar ákveðið að líta framhjá brotinu. Í kjölfarið kom betur í ljós að konan var hinn mesti vandræðagripur á heimilinu og fór að lokum svo að stór hluti annarra skjólstæðinga óskaði eftir að vera settur í samskiptabann við hana. Þá var ákveðið að taka gamla brotið aftur upp og vísa henni af heimilinu. Hins vegar var jafnframt ákveðið að vísa Jóni Einari á brott en sem fyrr greinir hafði hann að öðru leyti staðið sig með þryði í meðferðinni og var á réttri leið. Samkvæmt heimildum DV mun hann hafa brotnað niður við tíðindin og grátið sín örlög að viðstöddum öðrum skjólstæðingum og starfsmönnum. Mun hann þá meðal annars hafa sagt: „Ég dey í kvöld.“ Sama dag var ekið með Jón Einar frá heimilinu og hann skilinn eftir við bensinstöð í Hafnarfirði. Daginn eftir lést Jón Einar vegna of stórs skammts af eiturlyfjum.

„Jón Einar var búinn að standa sig rosalega vel. Það var aldrei vesen. Hann var búinn að vera í meðferð í níu vikur þegar honum var fórnað til þess að réttlæta aðra brottvikningu,“ segir fyrirverandi skjólstæðingur. Jón Einar brotnaði algjörlega saman. Hann hágrét og sagði „ég dey“

Jón Einar ræddi við félagu sína á staðnum. „Að mínu viti var ekkert vesen á honum. Hann brotnaði niður fyrir framan okkur alla og sagði: „Ég á ekki eftir að meika þetta. Ég mun deyja.“ Hann var síðan keyrður á bensinstöð í Hafnarfirði og skilinn þar eftir með dótið sitt. Hann fór og dó. Þetta hefði ekki átt að gerast.“

Þá var aðstandendum Jóns Einars ekki kunnugt um af hverju hann var látinn farinn. „Fólk hefur haldið að þarna væri vandræðagemlingur og hann hefði gert upp á bak. Það var langur vegur frá. Þessi strákur átti ekki að deyja,“ segir annar heimildarmaður sem þekkir vel til í Krýsuvík.



Þorgeir Ólason Forstöðumaður meðferðarheimilisins.

Óttastjórnun og einstaklingsbundnar reglur

Stjórnunarháttum og hegðun lykilstarfsmanna í garð skjólstæðinga hafa heimildarmenn DV einnig lýst sem harðneskjulegum og á köflum mjög grófum. Í viðtali í 30 ára afmælisriti samtakanna árið 2016 lýsti Þorgeir Ólason meðferðinni meðal annars

þannig að í henni fælist mikill innri sveigjanleiki. Meðferðarúræðið væri byggt á tilteknum grunni sem síðan væri sérsníðinn hverjum og einum skjólstæðingi. Samkvæmt heimildum DV virðist þessi sveigjanleiki einnig gilda um hvernig skjólstæðingum ber að umgangast húsreglurnar eða aðrar meðferðarreglur.

Hafa fyrirverandi starfsmenn lýst því að stjórnendur og ráðgjafar beiti óspart óttastjórnun gagnvart skjólstæðingum og hótí þeim sífellt brottrekstri ef þeir haga sér ekki eins og kröfur eru gerðar um. Þeir hiki jafnframt ekki við að standa við þær hótanir og oft fyrir litlar sakir. Hins vegar sé allur gangur á því hvaða eða hvers kyns

Þessi strákur átti ekki að deyja

brott á reglum teljist leiða til brottreksturs. Sumum skjólstæðingum leyfist meira en öðrum og fá að halda meðferð áfram þrátt fyrir eitt eða fleiri brot á reglum.

Í öðrum tilfellum nægi hins vegar ef skjólstæðingur misstígur sig einu sinni, til dæmis missir af eða skrópar á einn hópfund. Oftast sé þá um að ræða skjólstæðinga sem stjórnendum þykir af einhverjum ástæðum óæskilegir og er þá gengið á lagið til að losna við þá af heimilinu við fyrsta brot. Samkvæmt tölum sem samtökin hafa sjálf birt hefur fjöldi skjólstæðinga sem útskrifa sig sjálfir innan þriggja mánaða eða eru reknir ávallt verið mikill, það átti sem dæmi við um 60 prósent allra skjólstæðinga heimilisins árið 2013.

Að sögn fyrirverandi ráðgjafa má líkja framkomu ráðgjafa og stjórnenda við andlegt ofbeldi.

„Það var götustelpa sem hafði komið áður inn. Í þetta skipti var hún mjög veik, bæði af neyslu og undirliggjandi sjúkdóm. Hún var sem sagt mjög brotin og sat í setustofnu fyrir framan eldhúsið og fékk sér kaffi. Það var verið að ræða daginn og veginn en allt í einu var byrjað að ræða almennt hreinlæti og þá sagði stelpa að hún hefði alltaf verið duglega að halda sér hreinni á meðan hún var á götunni. Þá kom einn ráðgjafi þarna og hreytti í hana að það væri djöfulsins kjaftæði. Hann hefði séð hana í því ástandi, hún hefði verið ógeðsleg með klepra í hárinu og meikklessur á andlitinu. Þarna var síðasta arðan af sjálfslíti og reynslu af stelpunni. Ég var agndofa,“ segir konan.

„Það er mikil starfsmannavelta á Krýsuvík. Það er eitt og annað vel gert en ég tel nauðsynlegt að rétta skútuna af,“ segir Berglind Ólafsdóttir sem starfaði í eitt og hálf ár á Krýsuvík. Hún telur að hægt sé að gera mun betur í meðferðarstarfinu. Hún vildi að öðru leyti ekki tjá sig um hinar alvarlegu ásakanir annarra, fyrirverandi starfsmanna og skjólstæðinga. ▶

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is



Skilin eftir á bensinstöð á aðfangadag

Þá hafi ákvarðanir um að vísa fólki úr meðferð verið mjög handahófskenndar og oft borð keim af skorti á umburðarlyndi og samkennd.

„Þeir skjólstæðingar sem koma í meðferð í Krýsuvík eru yfirleitt mjög veikir. Þetta er fólk sem kann ekki að vera í meðferð og kann jafnvel ekki að fara eftir reglum. Við þurfum að hafa reglur og aga en samt umburðarlyndi, kenna þeim og halda betur utan um þau,“ segir Inga Lind. Því hafi verið sárt að sjá einstaklinga rekna burt fyrir litlar sakir og sérstaklega þegar hún var í böðulshlutverkinu. „Ég var á vakt og var beðin um að reka eina stelpu úr meðferð. Hún var nýlega komin og var þá mjög veik, bæði vegna neyslu og út af undirliggjandi sjúkdómi. Ástæðan fyrir brottrekstrinum var sú að hún hafði ekki fylgt dagskránni í einu og öllu, til dæmis ekki mætt í tvo fyrirlestira. Mér fannst það rosaleg grimmd að vísa henni á dyr en ég hafði engan annan kost en að framfylgja skipuninum,“ segir Inga Lind. Hún þurfti því að færa stúlkunni hinar nöturlegu fréttir sem og að skutla henni til Reykjavíkur. „Ég keyrði hana svo á bensinstöð við Smáralind og hjálpaði henni út með pokana sína, það litla sem hún átti. Síðan skildi ég hana eftir þar og keyrði í burtu. Þetta var hrikalega erfitt. Það er gott að hafa aga og reglur en mannúðin verður að vera í fyrirrúmi,“ segir Inga Lind.

Að hennar sögn beið ekkert þeirra sem vísað var úr meðferð. Það er ekkert sem tekur við hjá slíkum einstaklingum. Þau fá að hringja og athuga með pláss annars staðar, til dæmis hjá SÁÁ, Draumasetrinu eða á geðdeild. Síðan er þeim bara sparkað út á götuna,“ segir konan. „Réttlætið skiptir mig miklu máli, það sem



Lovísa Christiansen Lovísa er framkvæmdastjóri meðferðarheimilisins og móðir Þorgeirs forstöðumanns.

þarna fer fram á ekkert skylt við réttlæti.“

Oftast er ráðgjafa viðkomandi skjólstæðings falið það verkefni að tilkynna um brottreksturinn og jafnvel að keyra viðkomandi í bæinn og skilja hann þar eftir.

Eitt dapurlegasta dæmið sem blaðamenn DV voru upplýstir um var þegar eldri kona var fyrir nokkrum árum rekin af heimilinu fyrir litlar sakir á aðfangadag jóla og ráðgjafi látinn keyra hana síðdegis þann dag á bensinstöð í Hafnarfirði. Þar tók enginn á móti henni og hún átti ekki í nein hús að venda.

„Það er rosalega ofnotað að hóta brottrekstri,“ segir fyrirverandi starfsmaður. „Endalausar hótanir yta undir kvíða og vinna gegn bata. Auðvitað reyna alkóhólistar að ganga eins langt og

Ég fór út fyrir öll mörk varðandi samskipti mín við skjólstæðinga

þeir geta en það þarf að gæta að því að bera líka virðingu fyrir fólki. Yfirleitt eru þeir sem koma á Krýsuvík komnir í andlegt þrot og það er hægt að tuska þá til og hella sér yfir þá og hundskamma þá. Þeir eru vanir því að vera í

Stóraukin framlög frá ríkinu síðustu ár

Meðferðarheimilið hefur um árabíl notið framlaga frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Á bilinu 2010 til 2015 nam árlegt framlag um og yfir 70 milljónum króna. Í viðtali við Sigurlínu Davíðsdóttur, formann og einn stofnenda samtakanna, í Bítinu á Bylgjunni árið 2015, kom fram að hún teldi að framlag ríkisins dygði ekki til og að samtökin þyrftu að draga saman seglin. Varpaði hún því fram að nægilegt væri ef framlögin hækkuðu í 105 milljónir króna á ári en að ríkisvaldið þyrfti annars að fara að gera það upp við sig hvort það vildi að starfsemin héldi áfram. Árið 2016 var framlag ríkisins hækkað í 106 milljónir króna. Í fyrra var það 112 milljónir króna og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2018 verður það 114 milljónir króna.

Után framlaga ríkisins eru margir styrktarfélagar í samtökunum sem rétta fram hjálparhönd þegar á þarf að halda auk samtaka á borð við Lions, Kiwanis og Oddfellow.

Að auki greiðir hver skjólstæðingur um 100 þúsund krónur á mánuði fyrir vistina í Krýsuvík en DV hefur ekki fengið staðfestingu á nákvæmri upphæð.

Erfitt er að fá upplýsingar um fjárhagsstöðu samtakanna en þar sem um félagasamtök er að ræða þurfa Krýsuvíkursamtökin ekki að skila ársreikningum.

þannig umhverfi. Þeir eru líka á brotnum stað, þeir myndu aldrei leita réttar síns.“

Þeir fyrirverandi ráðgjafar sem DV hefur rætt við telja að á Krýsuvík hafi einnig verið unnið gott starf en of miklir hnökror séu á starfsháttum.

„Sigurlína Davíðsdóttir, andlit og formaður Krýsuvíkursamtakanna. Hún veit af öllu. Það vita allir um þetta en hún sópar öllu undir teppið. Hugmyndin og meðferðin er mjög flott ef það væri ekki svona mikið rugl í gangi og allir tengdir,“ segir einn heimildarmanna DV. „Þetta er eins og meðvirk fjölskylda. Þú ert með fínt kerfi á heimilinu á pappír en það er enginn sem fer eftir því. Það er öllu sópað undir teppið.“

Einir eftir klukkan fjögur

Fyrirverandi starfsmenn gagnrýna jafnframt að klukkan fjögur yfir-

gefi starfsmenn meðferðarheimilið og skjólstæðingarnir séu þá einir á heimilinu. „Það er algjört rugl. Þarna eru veikir einstaklingar í stífu prógrammi á skrifstofutíma en eru síðan eftirlausir utan hans. Maður getur rétt ímyndað sér hvað fer í gangi. Samkvæmt heimildum DV bauðst velferðarráðuneytið til þess að útvega vaktmann á kvöldin en það hafi stjórnendur ekki þegið. „Stjórnendur vilja ekki að utanaðkomandi einstaklingar fái innsýn inn í starfið,“ segir einn af mörgum heimildarmönnum blaðsins.

DV reyndi að ná sambandi við Þorgeir. Slökkt var á síma hans. DV ræddi stuttlega við móður hans, Lovísu Christiansen sem er framkvæmdastjóri. Hún vildi ekki ræða við blaðamann DV eða aðstoða blaðamann að komast í samband við son hennar. Sagðist hún ekki mega gefa upp símanúmer hans. ■

VARMADÆLUR

EVROPSK GÆÐI, SÉRSTAKLEGA HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR OG SKILA HÁMARKS ORKUSPARNAÐI.



DAIKIN loft í loft og loft í vatn varmadælar hafa staðið sig mjög vel og skilað miklum orkusparnaði. Í nýjstu prófunum á öllum helstu loft í loft varmadælum komu Daikin loft í loft varmadælar best út.



Hilmar Magnússon smá mont! tengdi þessa (ururu sarara 42) 15 ágúst. Slökkti á öllum rafmagnsofnum samtímis. Hef fylgst með rafmagnsnotkun síðan og er staðan núna 1200kw á næstum 21/2 mánuði. Er að greiða áætlun mv fyrri notkun uppá 2000kw á mánuði! Er sem sagt 70%+ undir áætluninni. Er með 110fm hús kynt í 21gráðu og hitamunur milli rýma er max 2-3gráður. Nú er bara að sjá hvað restin af vetrinum gerir í orkueyðslu. Verulega ánægður með startið á þessu.

Líkar ekki við · Svára · Skilaboð · 1 · 24. október kl. 20:13



THERMIA varmadælar hafa löngum sannað sig á Íslandi. Þær vinna mjög vel og skila hámarks orkusparnaði. Fullkominn stjórnúnaður hvort sem er fyrir íbúðarhús eða iðnað. Thermia er með mest seldu jarðvarmadælu á Íslandi. Búið er að setja upp Thermia varmadælar í fjölda íbúðarhúsa, hótela, iðnaðarhúsnæða og sundlauga.



VARMASKIPTAR

SWEP varmaskiptar hafa getið sér gott orð á Íslandi. Endingartími þeirra hefur verið mjög langur ásamt því sem þeir hafa skilað góðri nýtingu. Við bjóðum uppá mikið úrval varmaskipta frá SWEP og getum afgreitt sérpantanir á 3-5 virkum dögum. Við eigum einnig tilbúna grindur í flest öll kerfi.

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

Smiðjuvegur 70 - gulgata / 200 Kópavogur
www.verklagnir.is / verklagnir@verklagnir.is

Píratar vilja hjálpa ríkisstjórninni

■ Gætu myndað ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í framtíðinni ■ Margir með fordóma í garð Pírata

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Píratar fóru með himinskautum í skoðanakönnunum frá vormánuðum 2015 þangað til greint var frá Panamaskjölunum vorið 2016. Eftir tvennar þingkosningar eru Píratar enn og aftur mættir í stjórnarandstöðu og miðað við vinsældir ríkisstjórnarinnar er erfitt að sjá að flokkurinn verði áhrifamikill í þjóðmálaumræðunni á næstunni. Blaðamaður DV settist niður með Smára McCarthy, þingmanni Pírata, sem er í óðaönn að skipuleggja þingstórfin í vor og ræddi við hann um stöðuna í dag og verkefnið sem þarf að leysa.

Verðmætasköpun og hvernig Ísland verður í framtíðinni er Smára ofarlega í huga. „Í dag koma 40 prósent af gjaldeyristekjum okkar í gegnum ferðaþjónustuna, svo ál, fiskur og allt hitt. Það þarf ekki mikið að klicka til að skapa stórt vandamál mjög hratt. Okkur gengur afar vel sem samfélagi en það eru mjög mörg egg í fáum körfum.“

Smári leggur mikla áherslu á að koma á fót fleiri sterkum atvinnuvegum og kempa regluverkið til að skapa sem flest tækifæri. „Minn draumur er að við séum leiðandi í heiminum þegar kemur að upplýsingafrelsi og friðhelgi einkalífsins og að við séum með kerfi þar sem þróun hugmynda og tækni getur blómstrað hratt. Við erum að horfa upp á ritskoðunartilburði og lokun markaða, þá er boltinn hjá okkur og við erum alveg tilbúin að hjálpa ef á okkur er hlustað.“

Smári segir að stjórnmaláumræðan sé föst og ekki sé horft nóg til framtíðar, einungis þurfi að breyta kerfinu lítillega til að gera Ísland samkeppnishæfara á ýmsum sviðum. „Í dag var ég til dæmis að þvælast með bandarískum frumkvöðli sem vill fara burt frá Bandaríkjunum, hann er að þróa gámaflutninga með drónum. Ef okkur tekst að lokka svona fyrirtæki hingað með góðu regluverki þá er það stórt. Það á við um líftækni, þróun gervigreindar, nanótækni og kjötræktun.“

Það kemur sá dagur að hægt verður að rækta fiskikjöt og verð á fiski fellur, hvernig væri að við værum leiðandi í stað þess að fá þetta í andlitið þegar að því kemur? Það er margt sem við erum að gera ágætlega þegar kemur að nýsköpun en þegar við berum okkur saman við önnur lönd þá eru til dæmis endurgreiðslur til rannsóknar og nýsköpunar hreinlega brandari. Það er erfitt að fá sérfræðinga til að flytja hingað, þeir finna ekki grunnskóla fyrir börnin sín með alþjóðlega vottun og þótt það sé auðvelt fyrir sérfræðinga að fá dvalarleyfi þá á það ekki við um maka.“

Skortir viðleitni til að gera hlutina rétt

Píratar gagnrýndu Sigríði Á. Andersen dómsmálaráðherra harðlega fyrir kosningar, bæði í tengslum við uppreist æru sem og skipun dómara í Landsrétt. Smári segir það stuðandi að sjá Sigríði áfram í dómsmálaráðuneytinu. „Hún braut lög. Við erum ekki að tala um kvart-

“Ég held að stjórnarandstaðan sé sterk, þrátt fyrir undarlega samsetningu.

anir, kærur eða einstaka dóma, en það er munur á því að klúðra einhverju minniháttar og að skipa heilt dómstig þegar það var margþúið að benda á að það væri ólöglegt. Við

báðum um að þetta yrði gert rétt og það eru kannski málefnalegar ástæður fyrir því að fara gegn niðurstöðu hæfnisnefndarinnar, en við vitum það ekki því hún sinnti ekki upplýsingaskyldu sinni sem ráðherra,” segir Smári.

„Svo erum við með fjármálaráðherra sem hefur ekki reynt að gera hreint fyrir sínum dyrum varðandi Panamaskjölin og ýmislegt þannig. Almennt þá skortir viðleitni til að reyna að gera hlutina rétt og viðhalda ákveðnum siðferðislegum viðmiðum sem ég held að almenningur í landinu vilji að sé gert. Þetta ætti að vera auðvelt að laga, í tilfelli Bjarna Benediktssonar þá gæti hann hæglega birt upplýsingar um að hann hefði ekki verið að stunda viðskipti í skattaskjólum og hefði ekki verið að misnota vitneskju sína fyrir hrun. Í tilfelli Sigríðar Andersen þá ætti hún að víkja úr dómsmálaráðuneytinu á meðan það fer fram rannsókn á gjörðum hennar í embætti.“

Hvernig sérðu fyrir þér næstu fjögur ár í stjórnarandstöðu?

„Ég held að stjórnarandstaðan sé sterk, þrátt fyrir undarlega samsetningu, og þingflokkur Pírata er mjög sterkur í augnablikinu. Ég held að við getum gert mikið gagn en það fer eftir því hvort þessi ríkisstjórn muni standa við öll þessi loforð um breytt vinnubrögð eða hvort þetta sé sama kjaftæðistalið og oft áður. Ef þetta er bara tal þá sé ég fram á leiðinleg fjögur ár þar sem maður þarf að hamast og hamast á ríkisstjórninni. Ef það er hins vegar eitthvað satt í þessu og ef það verður aðeins tekið tillit til hugmynda og tillagna stjórnarandstöðunnar, ef það verður tekið samtal og fólk hlustar á hvert annað í stað þess að fara í fylkingar, þá gæti kjörtímabilið orðið skemmtilegt og gagnlegt. Ég skora hreinlega á ríkisstjórnina; það hversu góð þessi fjögur ár verða fer algjörlega eftir því hvernig þau spila úr þeirra stöðu.“

Margir með fordóma í garð Pírata
Píratar útilokuðu að starfa með Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn, fyrir kosningar 2016 útilokaði flokkurinn einnig samstarf við Framsóknarflokkinn. Smári segir að það þýði ekki að Píratar vilji ekki vinna með þeim í ákveðnum málum. „Við treystum okkur ekki til þess að fara í ríkisstjórn með þeim því við höfum séð hvernig það gengur fyrir sig. Munurinn skiptir máli, í starfinu á þinginu er maður að vinna með fólki sem maður er ósammála í sumum efnum, þannig á þetta að virka. En vegna þess að flestir flokkar sem hafa farið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum hafa farið laskaðir eða ónýtir út úr því samstarfi, þetta lítur út eins og algjört ofbeldissamband, þá er vont fyrir flokk eins og okkur að ætla að vinna með honum í ríkisstjórn. Það er línan sem við drögum um fyrir síðustu kosningar. Það er ekkert til frambúðar, það gæti alveg komið sá tími að við yrðum til í að fara með þeim í ríkisstjórn.“

Upplifun margra á Pírötum er að þeir séu stefnulausir stjórnleysingar sem vilja bara sitja fyrir framantölvuna á borgaralaunum. Smári hafnar því alfarid og segir marga hreinlega vera með fordóma í garð Pírata. „Þetta er upplifun sem hefur aldrei byggst á neinu öðru en fordómum. Ef fólk kæmi og sæi hvernig við störfum þá gæti það ekki komist að þessari niðurstöðu. Það er rétt að við störfum að sumu leyti allt öðruvísi en aðrir flokkar, annað er mjög hefðbundið. Við erum ekki með formann en það hefur komið til umræðu. Við erum alltaf tilbúin í samtal, ef einhver er með gagnrýni á okkur þá erum við alveg til í að fara yfir það. Varðandi borgaralaun þá orðaði Halldóra Mogensen, þingmaður okkar, það vel í tengslum við starfslaun listamanna að nú vantaði bara að bæta 300 þúsund manns í viðbót og þetta væri komið,” segir Smári og hlær. ■

Ekki formaður eða kaftinn Pírata
Smári McCarthy segir að Píratar séu formannslaus flokkur en það hafi komið til umræðu innan flokksins að breyta því.

MYND SIGTRYGGUR ARI

PÍLUKAST ER FYRIR ALLA!



Síðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í 20 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnarhlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar.

INTERFLON

Úrval af efnavörur
Nýjar umbúðir, sömu gæða efnin



OLÍUVÖRUR

Smuróla, glussi, Koppafeiti, giróla og sjálfskiptivökvi



SVO ALLT GANGI SMURT



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

 **kemi**
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Fjölskylda Connels Tim, Chloe og Nathalie.



Opinn og vinmargur ■ Lögreglumenn í fríi ■ Óumbeðin þjónusta

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Hinn 21 árs gamli Connel Arthur kom hingað til lands í ágústmánuði sem skiptinemi frá Skotlandi. Hann þekkti engan en eignaðist strax fjölda vina enda opinn og skemmtilegur strákur. Hann starfði sem barþjónn á krá í miðborg Reykjavíkur og eignaðist þar eins konar fjölskyldu. Fjórum dögum fyrir jóli svipti hann sig lífi og þegar móðir hans, stjúpfadurinn og systir komu til landsins til að sækja hann mætti þeim ekkert nema ómanneskjulegt skilningsleysi og peningaplokk að þeirra mati.

Mogwai tileinkaði lag

Connel nam efnafræði í Háskólanum í Glasgow og hann kom hingað til lands á Erasmus-styrk til að læra jarðvarmaverkfræði. Robyn Phaedra Mitchell er frá Vancouver í Kanada og hefur búið hér á landi í fimmtán ár. Hún kynntist Connel daginn sem hann kom hingað til landsins. Í samtali við DV segir hún: „Hann var ótrúlegur. Allir sem kynntust honum elskuðu hann. Hann var klár, mannblandinn og laus við alla feimni. Hann hafði mikinn áhuga á snjóþremtum og útiveru. Einnig hjólabrettum, hann gekk um alla borgina með brettið sitt.“

Tónlist hefur verið mikil ástríða fjölskylda Connels alla tíð og tónleikar sér í lagi. Móðir hans, Nathalie, og stjúpfadurinn, Tim Slack, sóttu um 200 tónleika á árinu 2017. Um jólin 2016 fór Connel með þeim að sjá skosku hljómsveitina Mogwai í heimalandinu og fjölskyldan var búin að skipuleggja að heimsækja hann á Íslandi og sjá Mogwai aftur á tónleikahátíðinni Nordur og Niður í Hörpu 29. desember.

Vinir Connels hérna á Íslandi vissu ekki að hann glímdi við þunglyndi. Þess vegna kom fráfall

„Það er alltaf erfitt að nefna það í svo sorglegu máli, en við þurfum að fá greiðslu í dag eða snemma á morgun. Heildarupphæðin er 698.802 IKR og bankanúmerið er xxx“

hans aðfaranótt 20. desember eins og þruma úr heiðskíru lofti. Hann átti fjölskyldu, kærustu í Englandi og hjarta framtíð. Robyn segist hafa grátið viðstöðulaust. „Ég var í algeru áfalli. Þetta var svo sorglegt. Við vinir hans höfðum heyrt frá honum rétt áður en þetta gerðist. Hann sendi mér gif-myndir af risaeðlum og við göntuðumst. Við vorum algerlega grandalaus um það sem var í vændum.“

Þegar fjölskyldan kom hingað hitti hún hljómsveitarmeðlimi Mogwai og ræddu við þá fyrir tónleikana. Hljómsveitin tileinkaði svo Connel eitt lagið sem þeir fluttu í Hörpu.

Skipað að blása

Háskólinn og Félagsstofnun stúdentanta gátu ekki útvegað honum húsnæði þegar hann kom hingað til lands og átti hann í basli allan þann stutta tíma sem hann var hér. Hann bjó á þremur stöðum en var í sfellu að missa fbúðir, meðal annars vegna þess að þær voru leigðar út í Airbnb. Um það leyti sem hann svipti sig lífi fékk hann að gista á Stúdentagörðunum hjá vini sínum.

Vinur hans, kanadískur skiptinemi, kom að honum nokkru seinna og þá var Connel augljóslega löngu látinn. Þegar hann hringdi í neyðarlínuna var honum engu að síður skipað að reyna endurlífgunartilraunir. Það fékk



Connel Arthur í fríi í Búlgaríu skömmu áður en hann lést.

mjög á hann að blása í Connel og hann vissi að það þjónaði engum tilgangi. Þegar lögregluþjónar mættu á svæðið var þeim meira umhugað að vita hvað sá sem fann hann væri að gera þarna en hann var þá í algjöru losti.

Fjölskylda Connels úti í Skotlandi fékk fregnirnar af andlátinu hans frá Háskólanum og síðan aðstoð frá breska sendiráðinu sem Robyn segir að hafi reynst fjölskyldunni mjög vel. Þau fengu hins vegar ekki að vita hvernig það gerðist, það fréttu þau á samfélagsmiðlum.

Jólafrí hjá lögreglunni

Þann 22. desember voru þau komin til Íslands og fóru á lögreglustöðina til að fá upplýsingar um andlátinu og persónulega muni hans. Þar var þeim sagt að koma aftur eftir viku þar sem svo margt starfsfólk væri í jólafrí. „Sá sem sagði þeim þetta var þá með munina hans inni á skrifstofu en sagði þeim engu að síður að koma seinna. Þau fengu ekki að

sjá neinar skýrslur eða vita neitt. Þau vissu ekkert hvað þau áttu að gera, nýbúin að missa son sinn, á jölunum og í landi sem þau þekktu ekki.“

Sem betur fer fyrir fjölskylduna var Connel vinmargur og vinir hans hér hjálpuðu fjölskyldunni eins og þeir gátu. Þeim var ekki boðin nein áfallhjálp eða sálfræðiaðstoð. Skiptineminna sem kom að Connel þurfti að segja fjölskyldunni hvernig þetta gerðist og fara með þau á staðinn. Robyn segir: „Við sátum þarna og héldumst í hendur á meðan hann sýndi okkur hvernig þetta hafði gerst.“ Nemanum sem var með stúdentabúðina á leigu var síðan gefinn tveggja vikna frestur til að yfirgefa hana vegna þess að hann hefði leyft Connel að vera þar.

Það var ekki fyrr en Robyn setti inn færslu á Facebook að lögreglan tók við sér, hafði samband við fjölskylduna og lét þau fá síma, veski og aðra muni Connels. Tim var þá sagt að einhver hjá lögreglunni hefði séð færsluna.

Fengu innheimtubréf meðan þau sáu son sinn í hinsta sinn

Að flytja lík erlends ríkisborgara til heimalands kostar um eina milljón íslenskra króna. Skólastjóri háskólans í Glasgow hafði samband við fjölskylduna að fyrra bragði og bauðst til þess að skólinn borgaði flutninginn. En þegar útfararþjónustan sendi þeim reikningsyfirlit yfir annan kostnað brá þeim heldur betur í brún því hann hljómaði upp á 700 þúsund krónur.

Sumt af því sem þar var listað kom þeim ekki á óvart, svo sem smurning líksins. En þegar þau skoðuðu yfirlitið sáu þau að rukk- að var fyrir hluti sem þau höfðu ekki beðið um eða datt aldrei í hug að yrði rukk- að fyrir. Þau voru rukk- að fyrir hvern tölvupóst og hvert orð í hverjum tölvupósti, túlkþjónustu á hvern tölvupóst og hvert orð í hverjum tölvupósti, hvert símtal (talið í 30 sekúndna einingum), þýðingu á dánarvottorði, túlkþjónustu þó að aldrei hafi verið neinn túlkur á svæðinu, líkskyrtu sem þau báðu aldrei um, lögfræðiþjónusta án þess að vita að þau væru að tala við lögfræðing og fleira. Þeim var einnig sagt að ef þetta yrði ekki staðgreitt áður en þau færu úr landi færi Connel ekki með þeim.

Fjölskyldan sá Connel í síðasta skipti 4. janúar áður en kistunni var lokað. Þá var önnur útför í gangi í kapellunni í næsta herbergi og lögfræðingur útfararstofunnar var inni á skrifstofu að senda Tim tölvupóst með ítrekun á innheimtunni: „Það er alltaf erfitt að nefna það í svo sorglegu máli, en við þurfum að fá greiðslu í dag eða snemma á morgun. Heildarupphæðin er 698.802 IKR og bankanúmerið er xxx.“ Fjölskyldan komst heim til Skotlands með Connel þann 6. janúar eftir samningalotu við útfararstofuna og Háskólann í Glasgow. Hann verður jarðaður á næstunni í athöfn sem send verður út á Apple TV svo fjölmargir vinir hans víða um heim geti fylgst með. ■

LAGERHREINSUN

AÐEINS Í KRINGLUNNI 2.HÆÐ



30-70%
AFSLÁTTUR



50%



70%



50%

hrím

www.hrim.is



Síðasti dagur er 14.janúar



20%



30%



50%



50%

KRINGLUNNI 2.HÆÐ / 553-3003

Karen er 16 ára móðir

■ Vinsæl á Snapchat ■ Segist áreitt af þrítugri konu ■ Finnur fyrir fordómum

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Karen Hrund var fimmtán ára þegar hún varð ólétt. Í dag er sonur hennar, Adrían, fjögurra mánaða gamall. Karen er í sambandi með barnsföður sínum, Ómari Berg. Ómar er 21 árs og hafa þau verið saman síðan Karen var fjórtán ára. Karen fann fyrir miklum fordómum þegar hún varð ólétt vegna aldurs hennar. Hún ákvað að byrja að snappa til að ræða um fordóma. Nú fylgjast yfir tíu þúsund manns með daglegu lífi Karenar sem ungrar móður á Snapchat. En frægðin hefur sína galla. Karen segir fullorðna konu hafa staðið í hótunum við hana og talað illa um hana við fyrirtæki og aðra snappara.

„Ég hef talað við rosalega marga sem hafa einnig lent í henni. Ég þekki hana varla og veit ekki hvað ég á að hafa gert henni. Hún er að eyðileggja mannorð mitt,“ segir Karen.

Í einlægu viðtali ræðir Karen um hvernig er að vera ung móðir, fordómanna sem hún finnur fyrir og deilur við annan snappara.

Fær mikinn stuðning

Hvernig hafa síðustu fjórir mánuðir verið?

„Mjög upp og niður. Maður getur aldrei ímyndað sér fyrir fæðingu hvernig þetta verður. Þetta hefur verið erfitt en Adrían er mjög gott barn. Við erum mjög heppin. Hann sefur á næturnar, grætur lítið, tekur pela og snuð. Það er ekkert að hjá honum.“

Karen Hrund og Adrían búa hjá móður Karenar. Ómar býr rétt fyrir utan Akureyri en er oft hjá þeim og öfugt. „Ég hefði örugglega aldrei búist við þessu fyrir rúmlega ári, en þetta gengur vel. Ég er að standa mig betur í þessu en

Karen Hrund Var fimmtán ára þegar hún varð ólétt að syni sínum Adrían. Hún fann fyrir miklum fordómum. Hún byrjaði að snappa til að ræða um fordómanna.



”
Við erum mjög heppin

ég myndi standa mig í námi ef ég væri í skóla núna.“

Fáið þið mikinn stuðning frá fjölskyldu ykkar?

„Já. Í byrjun þurfti ég sérstaklega á því að halda. Upp á síðkastið hef ég verið mjög mikið með Adrían og verið að bæta upp tímunn í byrjun, en þá fór ég mjög oft út að hitta vini mína. Þar sem ég er svona ung fann ég fyrir svo mikilli þörf eftir fæðinguna að fara út og skemmta mér. Líka til að jafna mig eftir meðgönguna. Ómar var mikið með hann, mamma mín eða mamma Ómars. Það var mjög fint en núna er ég byrjuð að vera mikið ein með Adrían og það gengur mjög vel. Ég veit alveg að ég þurfti á því að halda í byrjun að fara út og

hitta vini svo líðan mín væri góð. Amma mín og afi hafa hjálpað okkur mikið líka,“ segir Karen og bætir við að Ómar hafi staðið sig rosalega vel.

Fæðingarþunglyndi

Karen grunar að hún þjáist af fæðingarþunglyndi. „Ég hef ekki leitað mér hjálpar eða fengið greiningu. En ég held ég sé með fæðingarþunglyndi. Ég er undir svo miklu áreiti.“

Áreitið segir Karen aðallega koma frá samfélagsmiðlum eins og Snapchat. Karen Hrund er mjög vinsæl á Snapchat, undir nafninu @KarenHrund, og fylgjast yfir tíu þúsund manns með henni daglega. Þegar hún var ólétt fylgdust

tæplega fimmtán þúsund manns með henni daglega.

„Ég er ekki að snappa eins mikið og ég gerði áður fyrr, enda hefur fylgjendafjöldinn verið í takt við það. Ég tek fleiri pásur núna og er ekki allan daginn að snappa. Þetta getur verið mjög erfið vinna. Það þarf allt að vera svo skipulagt á snappinu. Eins og ef ég segist ætla að koma inn klukkan tíu þá þarf ég að gera það þótt Adrían sé grátandi. Það er frekar böggandi. En ég læt mig hafa þetta,“ segir Karen.

„Ég fæ oft ljót skilaboð frá fólki en oftast er það frá gerviaðgöngum á Snapchat, frá fólki sem þorir ekki að segja þessa hluti við mig undir nafni. Ég tek lítið mark á þeim skilaboðum.“

Byrjaði að snappa út af fordómum


„Ástæðan fyrir því að ég byrjaði að snappa voru fordómar sem ég var að finna fyrir,“ segir Karen og heldur áfram:

„Fordómarnir eru vegna þess að ég er ung og á barn. Ég hef fengið að heyra „oj, þú ert ógeðsleg að eiga barn“ og fengið alls konar skilaboð sem fólk myndi ekki senda til dæmis þrítugri móður. Fólk telur sig hafa skotleyfi á mig og geta sagt hvað sem er því ég er svo ung. Það passar sig enginn á því hvað hann segir á Snapchat. Fólk lætur allt vaða, það er ótrúlegt. Mér myndi ekki detta í hug að senda neinum þau skilaboð sem ég fæ.“

Segir annan snappara hafa gert sér lífið leitt

Rétt fyrir jóli var mikið rætt um meint rifrildi milli Karenar og annars snappara á samfélagsmiðlum. Karen tjáði sig um málið á Snapchat á þeim tíma. Karen vill ekki nafngreina snapparann, sem hún segir hafi hótað sér bæði ofbeldi og lögsókn.

„Þetta byrjaði allt á því að þessi kona hafði samband við mig þegar ég var ólétt og komin með ágætis fylgjendahóp á Snapchat. Konan er yfir þrítugt og er sjálf að snappa. Hún sagðist vilja gefa mér pakka og spurði hvort ég væri til í að hitta hana. Ég svaraði því játandi, alltaf gaman að hitta aðra snappara,“



Fjölskyldan Karen Hrund, Ómar Berg og sonur þeirra Adrían. Karen segir Adrían vera mjög gott barn og þau séu mjög heppin með hann.

segir Karen og heldur áfram: „Hún virkaði mjög vel á mig í byrjun. Ég tók samt eftir því að það var eitt-hvað bogið við hana, en þældi ekkert meira í því.“

Rifrildið sjálft

Karen segir að rekja megi upphaf deilna þeirra til færslu á Beauty Tips sem Karen hafði skrifað athugasemd við. Karen segir konuna hafi talið Karen vera tala um sig og allt hafi farið í háaloft. Nokkrum mánuðum síðar það konan Karen afsökunar að sögn Karenar.

„Ég komst síðan að því að hún hafði sagst ætla að senda fólk að berja mig og Ómar. Ég komst einnig að því að hún segði við fólk að Ómar væri ekki faðir Adríans, að við værum í dópi og alls konar bull. Mér var einnig sagt að hún væri stöðugt að tala um mig, við aðra snappara og fyrirtæki. Ég hef mjög öruggar heimildir fyrir því að hún hafi farið til fyrirtækja til að hvetja þau að vera ekki í samstarfi með mér. Hún er enn þá að þessu. Ég þekki þessa konu varla og ég skil ekkert hvaðan allt þetta kemur.“

Karen segist ekki vilja standa í deilum við konuna og hafi fyrst um sinn ekki ætlað að gera neitt í málinu. Hún hafi þó ákveðið að tjá sig um málið til að bjarga mannorði sínu. „Ég er bara sextán ára, ég skil ekki af hverju þessi þrítuga kona er að gera mér þetta. Ég vil að ég, Ómar og sonur minn séum látin í friði.“

Bjóst ekki við viðbrögðunum

„Ég bjóst ekki við því að fá svona marga fylgjendur þegar ég byrjaði að snappa. Ég hef fengið alls konar skilaboð frá fylgjendum mínum, um hvað ég sé dugleg og hugrökk. Ég hef líka fengið skilaboð frá stelpu sem sagðist hafa verið ólétt en farið í fóstureyðingu því hún þorði ekki að eiga barnið út af fordómum. Þá vissi ég hvað ég væri að opna á mikilvæga umræðu.“

Aftur á móti hef ég einnig fengið skilaboð frá ungum stúlkum sem segjast ætla að verða óléttar alveg eins og ég. Ég er alls ekki að hvetja til þess að unglingsstúlkur verði óléttar. Í mínu tilviki varð ég óvart ólétt og við unnum úr aðstæðunum á þennan hátt. Fjölskylda mín og vinir hafa verið mikið til staðar og hefur stuðningur þeirra verið ómetanlegur.“ ■

Lesá má viðtal DV við Karen Hrund í heild sinni á du.is

Alhliða veisluþjónusta

Útskrift · Brúðkaup · Skírn · Ferming

Tertur – Tapas snittur – Spjót – Súrdeigsbrauð
Konfekt – Kransakökur – Súpur – Brauðréttir

Eingöngu fyrsta flokks hráefni



Jón Arilúss
KÖKULIST

Gerðu daginn eftirminnilegan

Kökulist | Firðinum í miðbæ Hafnarfjarðar | Sími: 555 6655 og 662 5552 | kokulist@kokulist.is
Valgeirsbakarí | Hólagótu 17 | Reykjanesbæ | Sími: 421 2630 | kokulist@kokulist.is



EINS OG FÆTUR TOGA

Risa Útsala

**Pökkum fyrir frábærar
móttökur á útsölnunni**

Höfum bætt við 500 pörum af götuskóm,
ræktarskóm, utanvega hlaupaskóm
og léttum gönguskóm.

Allir skór á kr. 14.000

Allir toppar á kr. 4.000

Fatnaður á 20-40% afslætti
(var á sama verði og í USA)

Opnunartími

Virkir dagar 10 - 18

Laugardagur 11 - 16



Brooks hefur verið kosið fjögur ár í röð hlaupamerki ársins í heiminum hjá IRRRA (Independent Running Retailers Association).

Brooks er með 28% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í USA og 25% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í Evrópu..... þar sem hlauparnir versla er þér óhætt.

Brooks hefur fengið flest verðlaun hjá Runners world 2015 - 2017. Allir core skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá RW. Runners World er lang stærsti óháði aðili sem metur hlaupaskó.

Brooks er á sama verði á Íslandi og í flestum löndum Evrópu og alltaf samkeppnisfærir í verðum á Íslandi.

Brooks skór eru framleiddir fyrir mismunandi fótlag og niðurstig.

Samkvæmt árlegri skókönnun hlaup.is fyrir árið 2012 hlupu 5% hlauparar Reykjavíkur maraþons í Brooks skóm, í sömu könnun 2016 hlupu 23% hlaupara í Brooks. Brooks er því orðið stærsta hlaupamerki í Reykjavíkur maraþoni.

Lögfræðingar rifja u

■ Kio Briggs, Shaken Baby Syndrome og stóra kóktappamálið

Lögmenn starfa á átakaflötum þjóðfélagsins þar sem deilt er um staðreyndir og réttar túlkanir á oft óskýrum textum löggjafans. Á borði þeirra lenda því bæði erfið og furðuleg mál, misalvarleg eins og gefur að skilja. DV spurði nokkra af þekktustu lögfræðingum landsins nokkurra spurninga um ferilinn.

kristinn@dv.is

Sveinn Andri Sveinsson

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður? Karl faðir minn, Sveinn Haukur Valdimarsson, var hæstaréttarlögmaður og hvatti mig lengi til að gera eitthvað allt annað en fara í lögfræði. Það var annaðhvort að fara í arkitektúr eða skella sér í lögfræðina. Að dæmum mín á gamla mannum varð síðan til þess að ég ákvað að velja lögfræðina og feta svo í hans fótspor. Það var samt þegjandi samkomulag okkar á milli að ég myndi ekki sækja um vinnu hjá honum.



Fyrsta málið þitt?

Eftir útskrift starfaði ég í nokkur ár sem löglærður fulltrúi hjá mætum Ásgeiri Thoroddsen hrl. og Ingólfi Hjartarsyni heitnum. Ég fékk síðan eitt mál upp í hendurnar til að reka fyrir bæjarþingi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sem ég sótti um sem mitt fyrsta prófmál til að verða héraðsdómslögmaður. Málið hafði allt til að bera til að vera prófmál, en eftir mikinn og vandaðan undirbúning var því hafnað að málið væri tækt sem prófmál. Ég flutti það engu að síður, enda mátti löglærður fulltrúi án lögmansréttinda flytja mál þá fyrir þeim dómi. Málið varðaði gallaða glerisetningu í sólhyssi heima hjá foreldrum núverandi utanríkisráðherra í Borgarnesi. Málið flutti ég gegn Óla sterka heitnum. Hann sá aldrei til sólar í þessu máli enda hefði ég getað tekið próf í byggingafræði eftir þennan málflytingu.

Erfiðasta málið?

Það mál sem tekið hefur mest á mig er svokallað SBS-mál (Shaking Baby Syndrome). Það er í endurupptökufæri en ég hef verið að glíma við þetta mál, þar sem dagfaðir var ákærður og dæmdur fyrir að hrista ungabarn til ólífis.

Furðulegasta málið?

Þau hafa mörg furðuleg mál verið í gegnum tíðina. Eitt það einkennilegasta var þegar ég og Vilhjálmur Hans vorum verjendur tveggja Nígeríumanna sem ákærðir voru og dæmdir fyrir fjársvik með því að hafa sannfært íslenska fjölskyldu um að mörg búnt af hvítum bleðlum væru í raun evrur sem aðeins þyrfti að hafa í bréfpoka og sprautu í pokann tilteknun vökva sem þeir voru með, þá myndi hvíta duftið fara af evrunum. Um væri að ræða eina milljón evra sem þeir sannfærðu Íslendingana um að kaupa á 100.000 evrur. Það tæki efnið átta klukkustundir að hvarfast í burtu. Það var akkúrat sá tími sem félagarnir töldu sig þurfa til að komast úr landi. Dómarinn í málinu hafði það á orði að væri heimska refsiverð, þyrftu fórnarlömbin í málinu að dúsa lengi í fangelsi.

Sætasti sigurinn á ferlinum?

Sætasti sigurinn á enn eftir að koma. Það gerist þegar ég vinn sigur í málaferlunum gegn Valitor vegna WikiLeaks. Krafan stendur í sex milljörðum í dag rúmlega.

Mest svekkjandi ósigurinn?

Það var dómur Hæstaréttar í áður nefndu SBS-máli. Ferlega súrt að sjá saklausan mann dæmdan í fangelsi, á „af því bara“ forsendum. En það er enn von.

Helgi Jóhannesson

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður? Þegar ég útskrifaðist sem stúdent úr Verzló fóru langflestir skólafélaganna þar beint í viðskiptafræðina. Mér fannst að ég þyrfti að gera eitthvað öðruvísi og valdi lögfræði. Reyndar kom þá alveg eins til greina að fara í leiklistarskólann og hugsaði ég mikið um það, en ég var líklega of jarðbundinn til að elta þann draum lengra. Eftir laganámið heillaði lögmennskan mig svo meira en til dæmis dómstórf, störf í ráðuneytum eða önnur störf sem lögfræðingar leita í og nú á ég 30 ára starfsafmæli sem lögmaður í vor og mér hefur fundist þetta gaman allan tímann. Ég valdi því sennilega rétt.



Fyrsta málið þitt? Það man ég nú ekki, en eins og flestir nýbyrjaðir þá voru það innheimtu-málin sem voru langfyrirferðarmest.

Erfiðasta málið? Það er erfitt að segja. Auðvitað koma lögmenn oft að málum sem eru full af sorg og mannlegum harmleikjum. Það er oft erfitt að vinna að málum fyrir fólk sem hefur misst fótanna í lífinu og horfir á eftir dýrmætum árum bak við lás og slá eða hefur misst allt sitt í fjármálavafstri. Það eru þess konar mál sem eru erfið og mikilvægt fyrir lögmenn að brynja sig fyrir til að lifa af í þessu starfi.

Furðulegasta málið? Það eru svo sannanlega mörg mál sem eru óvenjuleg og furðuleg sem rekur á fjöru lögmanna. Oft og tíðum hafa þau spaugilegar hlíðar. Í einu máli voru atvik þau að tveir svilar héldu sameiginlega upp á fertugsafmæli sín. Þeir keyptu aðföng sameiginlega þar á meðal gos til að nota í veisluna. Þá var í gangi tappaleikur og kom bifreið í vinning úr einni flöskunni. Sá aðili sem átti barnið sem opnaði þá flösku vildi meina að hann ætti vinninginn einn en minn umbjóðandi taldi augljóst að þeir ættu hann saman enda keypt til veislunnar í sameiningu. Úr þessu varð dómsmál milli þessara ágætu manna og vann minn umbjóðandi málið og vinningurinn sem sagt talinn sameign. Ég held að þessar deilur hafi því miður sett fleyg í samskipti fólks í þessari fjölskyldu sem er sorglegt, en málið var óvenjulegt.

Ég minnst líka deilna tveggja aðila á Húsavík. Ég var þar að vinna fyrir vin minn en börnin hans voru með kanínur í búrum í hesthúsum þar við bæinn. Kanínurnar sluppu út og nágranni vildi gera minn mann ábyrgan fyrir tjóni sem hann taldi kanínurnar hafa valdið á heyrúllum í hans eigu en ljóst var að kanínurnar höfðu þá fjölgað sér gríðarlega. Upp úr þessu spruttu skemmtileg bréfaskipti og þælingar um hvort minn umbjóðandi gæti borid ábyrgð á óhóflegri fjölgun kanínanna og hvort hann bæri þá ábyrgð á öllum ættboga kanínanna sem sluppu.

Sætasti sigurinn á ferlinum? Ætli ég verði ekki að nefna sýknudóm yfir Kio Briggs á árinu 1999. Þetta var og er enn mjög í minnum haft og hef ég oft sagt að þetta sé næstfrægasta sakamálið Íslandssögunnar á eftir Njálssögunni. Enn þann dag í dag, 19 árum síðar, eru menn að minnst á þetta mál enda vakti málið og ákærði mikla athygli hér á landi á þessum tíma.

Mest svekkjandi ósigurinn? Ég hef alltaf nálgað lögmennskuna á þann veg að gera allt sem í mínu valdi til að forða málum frá því að fara fyrir dómstóla. Legg ég mig mjög fram um að ná sáttum milli aðila. Það er því svekkjandi ef maður hefur lagt mikla vinnu í slíkt ef málin enda svo þrátt fyrir allt fyrir dómstólum sem felur í sér mikinn kostnað og andlega áþjón fyrir þá sem hlut eiga að máli. Það er nefnilega satt sem sagt hefur verið að „mögur sátt er betri en feitur dómur.“



Hjúkrunarfræðingur sakaður um manndráp af gáleysi

Ásta Kristín Andrésdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum, var ákærð fyrir manndráp af gáleysi þegar sjúklingur lést á gjörgæsludeild 3. október árið 2012. Maðurinn var á batavegi eftir hjartaáðgerð og var Ásta Kristín sökuð um að hafa ekki tæmt loft úr kraga barkaraufarrennu er hún tók hann úr öndunarvél. Maðurinn lést vegna öndunarerfiðleika skömmu síðar en dómarar komust að þeirri niðurstöðu að það hefði ekki getað verið yfirsjón því að um 25 mínútur liðu barna á milli. Ásta Kristín og Landspítalinn voru sýknud af öllum kröfum í héraði 9. desember árið 2015 og var málinu ekki áfrýjað. Ekkja mannsins sagði Ástu Kristínu ekki hafa átt sök og fagnaði niðurstöðunni.



Nígeríusvindl

Sunday Osemwengie og Nosa Ehiorobo, Nígeríumenn búsettir á Spáni, voru stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli með 100 þúsund evrur í reiðufé 17. mars árið 2006. Í þeirra förum fundust einnig svartir miðar í peningasedlastærð, jóð, vaselín, einnota hanskar, álpappír og flúorlampi. Þeir voru ákærðir fyrir fjársvik og dæmdir til 15 mánaða fangelsisvistar þann 28. apríl sama ár fyrir að hafa peningana af íslenskum feðginum sem þeir höfðu verið í sambandi við fyrir komuna. Faðirinn pantaði leiguíbúð fyrir þá og dóttirinn greiddi fyrir kvöldverð. Þann dag lögðu þau níu milljónir króna inn á reikning sem voru teknar út í evrum samdægurs. Sögðust mennirnir geta þrefaldað fjárhæðina með efnahvarfi en innan löggæslunnar er talað um „Black money fraud“. Dómurinn fór ekki fyrir Hæstarétt.

Upp erfiðustu málin



Shaken Baby Syndrome

Í maí árið 2001 lést níu mánaða gamall drengur í gæslu hjá hjónum sem störfuðu sem dagforeldrar. Dagföðurnum, Sigurði Guðmundssyni, var gefið að sök að hafa hrist drenginn svo harkalega að hann lést tveimur dögum síðar úr heilaáverkum. Í mars 2002 var Sigurður dæmdur í héraði til þriggja ára fangelsisvistar fyrir manndráp af gáleysi og þau hjónin voru einnig dæmd til sektargreiðslu fyrir að hafa of mörg börn í gæslu. Hæstiréttur mildaði dóm Sigurðar í 18 mánuði ári seinna. Sigurður hefur ávallt haldið fram sakleysi og læknar eru ekki á einu máli um dánarorsökina. Farið var fram á endurupptöku árið 2013.

Sævar Þór Jónsson

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður? Ég ætlaði mér aldrei að verða lögmaður, ég byrjaði á því að læra tannlækningar en hætti svo því námi og fór í hagfræði. Ég var eitt vorið að leita mér að einhverju nýju til að læra og sá auglýsingu um opnun nýrrar lagadeildar hjá Háskólanum í Reykjavík og ákvað að slá til. Svo hefur eitt leitt af öðru.


Fyrsta málið þitt? Fyrsta málið mitt var skattamál sem ég tók að mér fyrir eldri hjón og náði að ljúka með farsælum endi þrátt fyrir að vera erfiðt úrlausnar. Ég man hvað ég vildi standa mig vel og hvað ég lagði mikla vinnu í málið þrátt fyrir að hafa ekki fengið alla þá vinnu greidda enda var það ekki aðalmálið heldur að sanna sig og það gerði ég svo sannarlega. Ég á enn afrit af reikningnum sem ég sendi þeim enda var þetta fyrsta málið sem ég vann og rukkadi fyrir.

Erfiðasta málið? Öll mál hafa sitt flækjustig og eru auðvitað miserfið. En sum eru erfiðari en önnur. Mér er minnisstæðast eitt mál sem reyndist mjög erfið bæði fyrir mig persónulega og umbjóðanda, það var skuldamálið sem tók mjög á en þar hafði náðst niðurstaða eftir mikla vinnu og umstang en það tók svo á umbjóðanda minn að hann svipti sig lífi í kjölfarið og það hafði mikil áhrif á mig eftir á, enda var búið að leggja mikið á sig í að ná fram niðurstöðu í því sem á endanum reyndist umbjóðandanum ofvíða. Þau þurfa ekki að vera flókin lögræðilega málin til að hafa áhrif á mann líkt og þetta mál gerði.

Furðulegasta málið? Furðulegasta málið var mál skjólstæðings sem ég hafði á minni könnu og var andlega veikur. Hann hafði þann leiðinlega ávana að ferðast um heiminn án heimildar og oft þurfti að leita á náðir utanríkisráðuneytisins til að fá viðkomandi fluttan aftur heim, en umræddur aðili var mjög veikur og ég var lögráðamaður hans. Það voru oft mjög skrautlegar upptökurnar og í eitt skipti kom hann inn á skrifstofuna hjá mér til að lýsa því yfir að hann væri Jesús endurfæddur og væri kominn til að frelsa mig og aðila inni á skrifstofunni. Það þurfti að eyða miklum tíma í að sannfæra hann um að hann þyrfti ekki að frelsa lögmanninn enda algjör tímasóun.

Sætasti sigurinn á ferlinum? Þeir hafa verið margir sigirnir en flestir hafa verið utan dóms enda er oft betra að ljúka málu fyrir utan dómskerfið. Mér er minnisstætt eitt mál sem sneri að umbjóðanda mínum sem hafði misst húsið sitt á uppboði en fékk leiðréttingu sem ég hafði sótt hart á bankann með. Það kom eitt símtal um að honum yrði aftur afhent húsnæðið en ég var nokkuð lengi að íhuga það hvernig ég ætti að tilkynna honum niðurstöðuna og ákvað að fara heim til hans til að tilkynna honum þetta. Það leyndi sér ekki gleðin en það endaði með því að viðkomandi lyfti mér upp og kyssti mig í bak og fyrir. Það sem er skemmtilegt við þessa sögu er að það var fjölskyldubod heima hjá honum og hann vissi ekki af því að ég væri að koma. Fólkíð hans furðaði sig á því að þegar hringt var bjöllunni að húsráðandi gengi út, tæki utan um ungan mann og kyssti hann.

Mest svekkjandi ósigurinn? Það er að ná ekki fram tilætluðum árangri. Það er þannig í lögmennskunni að þeir sem vilja standa sig hafa metnað fyrir því að ná fram hagsmunum umbjóðenda sinna og ná árangri en það tekst ekki alltaf og alls ekki af því að lögmáðurinn hafi ekki unnið vinnuna sína. Það er svo sérstakt við starf lögmannsins að hann er milli steins og sleggju þegar kemur að úrvinnslu mála, hann er gegn einhverjum aðila fyrir umbjóðanda sinn og svo með umbjóðandanum á bakinu hvað varðar árangur og því miður tekst það ekki alltaf því málstaðurinn er misjafn.



Kristín Edwald

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður? Lögmennska eða fatahönnun höfðu alltaf heillað mig. Ákvað að vera praktísk og byrja á lögræðinni. Á fatahönnunina inni.


Fyrsta málið þitt? Það var mál sem ég flutti fyrir tvær systur gegn Reykjavíkurborg vegna söluverðmætis íbúðar.

Erfiðasta málið? Sakamál sem höfðað var á hendur hjúkrunarfræðingi og Landspítalanum vegna manndráps af gáleysi. Ég flutti málið fyrir hönd Landspítalans en málið tók mjög á þar sem mér fannst og finnst mikið ranglæti í því fólgið að ákæra hjúkrunarfræðinginn, jafnvel þótt hún hefði svo réttilega verið sýknuð að fullu.

Furðulegasta málið? Í fljótu bragði kemur upp í hugann mál þar sem kínversk kona hafði dottið um gúmmimottu. Þegar hún bar skýrslu fyrir dómi talaði hún lengi á sínu móðurmáli en túlkurinn sem túlkaði yfir á íslensku þýddi næstum alltaf bara með já eða nei. Allir viðstaddir voru vissir um að skýrslugjöfin væri nú ekki að skila sér öll yfir á íslensku en túlkurinn taldi svo vera.

Sætasti sigurinn á ferlinum? Þeir eru nokkrir en til að nefna einn þann fyrsta af sætustu sigrunum þá er það væntanlega sigurinn í upphaflega Baugsmálinu þar sem umbjóðandi minn var alfarið sýknaður í Hæstarétti.

Mest svekkjandi ósigurinn? Það er tvímælalaust dómur í máli sem snerist um eignarnámsbætur vegna vegalagningar á Suðurlandi. Tók mig nokkur ár að geta keyrt um þann vegspotta án þess að þirra mig á dómsniðurstöðunni.



Kio Briggs

Þann 1. september árið 1998 var Bretinn Kio Briggs handtekinn í Leifsstöð með yfir tvö þúsund e-töflur í farangri sínum og var hann talinn hafa ætlað að selja þær hér á landi. Málið vakti gríðarmikla athygli og Briggs varð landsþekktur maður og sífellt á síðum dagblada. Dómarar töldu mögulegt að íslenskur maður sem bar vitni eða einhver á hans vitorði hafi komið efnunum fyrir í farangrinum. Briggs var því sýknaður í héraði 30. júní árið 1999 og sá dómur staðfestur í Hæstarétti rúmum tveimur vikum síðar. Þetta sama ár voru Briggs og íslensk stúlka handtekin í Danmörku fyrir e-töflu smygl. Hlutu þau bæði eins árs fangelsisdóm þar í desember. Síðast var vitad af Briggs árið 2015 í Madrid og var hann þá enn að komast í kast við lög.

Sigurður Kári Kristjánsson

Hví ákvaðst þú að gerast lögmaður? Ég ætlaði alltaf að verða verkfræðingur. En ætli áhugi minn á þjódmálum, samfélaginu og stjórnskipuninni, fyrir utan auðvitað lögræðina sjálfa, hafi ekki gert það að verkum að ég ákvað að læra lögræði, því þetta helst allt saman í hendur. Þegar leið á laganámið fannst mér lögmennska henta mér betur en önnur lögræðistörf. Hún er fjölbreytt. Viðfangsefnið eru það líka. Maður fær tækifæri til að vinna með alls kyns fólki auk þess sem málarekstur fyrir dómi er að sínu leyti ákveðin barátta fyrir rétti eða réttindum þess sem þú gætir hagsmuna fyrir. Og einhverra hluta vegna fæ ég eitthvað út úr því að taka slaginn, ekki síst þegar ég hef djúpa sannfæringu fyrir málstaðnum.

Fyrsta málið þitt? Það var mitt fyrsta prófmál fyrir héraðsdómi. Mér var falið að sannfæra dómarrann um að það væri rétt og lögum samkvæmt að ákveðnum manni bæri skylda til þess að greiða heitavatsreikninga vegna upphitunar á bílskúr sem einungis var til á teikningum. Það sem þvældist fyrir mér var að bílskúrin hafði aldrei verið byggður. Ætli það hafi ekki verið ástædan fyrir því að málið tapaðist.

Erfiðasta málið? Þau eru mörg. Það er erfiðast að takast á við mál þar sem undir eru persónulegir hagsmunir og tilfinningar einstaklinga, ekki síst innan sömu fjölskyldu sem eiga það til að liðast í sundur á meðan rekstri dómsmálsins stendur. Það er heldur ekkert gamanmál að upplifa það þegar fólk fær fangelsisdóm sem það þarf að afplána, sérstaklega þegar málið er tvísýnt. Sjálfur hef ég ekki lagt verjandastörf fyrir mig, en það kemur fyrir að maður þarf að sinna þeim og það getur verið erfiðt, ekki síst þegar niðurstaðan er manni í óhag.

Furðulegasta málið? Stóra bílskúrmálið sem ég nefndi áðan var dálítið furðulegt af því að bílskúrin sem málið snerist um hafði aldrei verið byggður. Ég man líka eftir dálítið skrítnu máli þar sem tekist var á um gallaðan hest. Ég vann það mál, þótt ekki sé ég neinn sérfræðingur um gæði hesta sem ganga kaupum og solum. Svo var stóra Coke-tappamálið stórfurðulegt. Þar tókust mágar á um það hvor þeirra ætti að eignast bíl í svokölluðum Coke-tappaleik, en þeir höfðu keypt gosið og þar með Coke-tappana í tengslum við sameiginlega afmælisveislu sem svo endaði með þessum ágreiningi þeirra á milli. Því miður flutti ég það mál ekki á endanum, heldur Helgi Jóhannesson hrl., sem þá var samstarfsmaður minn.

Sætasti sigurinn á ferlinum? Maður man alltaf best eftir nýjustu málu. Ég vann til dæmis afar sætan sigur um daginn þegar við höfðum ríkið undir í Hæstarétti í fordæmisgefandi máli þar sem álagning búnaðargjalds var dæmd ólögleg. Það er eitthvað sérstakt við það að hafa ríkið undir, ekki síst þegar niðurstaðan hefur þýðingu fyrir einhvern hóp manna. Ég mun heldur aldrei gleyma viðbrögðum föður ungrar stúlku sem ég vann einu sinni fyrir. Stúlkan hafði lent í hræðilegu slysi og mér hafði verið falið að sækja fyrir hana skaðabætur. Það gekk afar vel og viðbrögð föðursins voru eftir því. Það er svona mál sem geta gefið lögmennsstarfinu ansi mikið gildi.

Mest svekkjandi ósigurinn? Allir ósigur eru svekkjandi. Sérstaklega þegar maður þolir ekki að tapa. Og ætli ég verði ekki að jata það á mig að vera haldinn slíku óþoli. En í þessu starfi verður maður víst að sætta sig við að sum mál vinnast ekki. Það er bara þannig. Ef ég ætti að nefna eitthvert eitt mál þá man ég nú eftir einu sem ég rak fyrir mörgum árum. Þar sem ungur maður var dæmdur til refsivistar fyrir brot sem hann var sakadur um að hafa framið. Ég var algjörlega sannfærður um sakleysi hans. Dómarrinn var á öðru máli. Mér fannst þessi ungi maður órétti beittur og örlög hans grimmt. Það var erfiðt að taka því.



VIÐ TÖKUM ALLTAF VEL Á MÓTI FERÐAFÓLKI

Hin fallega byggð

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufarðar árið 2006. Í Fjallabyggð búa um 2.100 manns sem taka ætíð einstaklega vel á móti ferðamönnum og útivistarfólki. Í Fjallabyggð er fjölbreytt menningarlíf og upplifgandi andrúmsloft. Það skiptir ekki máli á hvaða árstíma ferðast er til Fjallabyggðar, þar er alltaf margt skemmtilegt að skoða og gera.

Fagurt umhverfi allt árið

Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúruferð í „faðmi fjalla blárra“, eins og skáldið sagði, þar sem möguleikar á sviði útivistar og tómstunda eru hreint óþrjótandi. Náttúran er ávallt innan seilingar, hvort heldur haldið er í gönguferðir, skellt sér á skíði eða veitt í vötnum, ám eða sjó, ásamt fjölbættum gönguleiðum um fjöll og dali. Við slíkar aðstæður hefur nær ósnortið og friðsælt náttúruferðar Héðinsfjarðarins notið mikillar hylli hjá ferðafólki. Gönguleiðakort eru fyrirbyggjandi á heimasíðunni; fjallabyggd.is.

Fallega Fjallabyggð að vetri


Í Fjallabyggð er nægur snjór í fjöllum og allsstaðar hægt að finna tækifæri og aðstöðu til útiveru. Á veturna er staðurinn skíðaparadís og draumur útivistarmannsins. Hægt er að fara á svigskíði, gönguskíði, skauta, þeytast um á snjóleða eða á vélsleða og hinir friðsælu geta dorgað í Ólafsfjarðarvatni. Svo er ætíð tilvalið að skella sér í sund í rómuðum sundlaugum Fjallabyggðar. Um páskana verður svo fjölbreytt menningar- og afþreyingardagskrá á boðstólnum í Fjallabyggð.

Skíðasvæðin

Í Fjallabyggð eru tvö skíðasvæði: Skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði og Skíðasvæðið í Tindaöxl í Ólafsfirði. Heimamenn hafa verið töluvert heppnari með skíðaveður en borgarbúar og hafa því getað mundað skíðin sín og brettin síðan í desember. Það er allaf gleði í fjöllum í Fjallabyggð.

Skíðasvæðið í Skarðsdal

Skíðasvæðið í Skarðsdal má tvímælalaust telja með bestu skíðasvæðum landsins. Þar er oftast svo mikill snjór að hægt er að skíða langt fram á vor. Á svæðinu eru nú þrjár lyftur, tvær samfelldar: diskalyfta og T-lyfta, samtals um það bil 1.500 metrar að lengd. Þriðja og efsta lyftan er 530 metra löng með um 180 metra fallhæð og afkastar hún um 550 manns á klukkustund. Efri



endi lyftunnar er í rúmlega 650 metra hæð yfir sjó. Í Skarðsdal er að finna einhverjar bestu alhliða brekkur landsins. Nýlega var reistur glæsilegur skíðaskáli þar sem aðstaða fyrir gesti er öll til fyrirmyndar. Hópum eru gerð hagstæð tilboð um lyftukort og þess háttar. Góð flóðlýsing er einnig á skíðasvæðinu svo skammdegð ætti ekki að aftra för skíðamannsins.

Vetrariþróttir í Ólafsfirði

Í Ólafsfirði eru kjöraðstæður til vetrariþróttar. Hægt er að fara í vélsleðaferðir um fjöll og dali í nágrenninu og er aðstaða til skíðaiðkunar óvída betri. Göngubrautir eru troðnar alla daga þegar veður leyfir. Á skíðasvæðinu í Tindaöxl eru skíðalyfta og

góðar svigbrautir. Brettamenn fá stór ótroðin svæði og nota gjarnan hryggina í brekkunni til að sýna listir sínar. Í glæsilegum skála Skíðafélagsins er boðið upp á ýmiss konar veitingar. Í skálanum er svefnloft þar sem um 25 manns geta gist í svefnpokum. Hópum eru gerð hagstæð tilboð um lyftukort og þess háttar.

Vélsleðaferðir

Svæðið í kringum Fjallabyggð er einstaklega hentugt til vélsleðaferða. Dalir með snjó langt fram eftir vori gera svæðið að einstakri útivistarparadís fyrir vélsleðafólk.

Gönguleiðir og fjallgöngur

Fátt jafnast á við góðan dag á fjöllum og að skíða

niður ósnortnar brekkur í stórfenglegu umhverfi. Tröllaskagi er án efa besta fjallaskíðasvæði landsins, með sin háu fjöll og mikla snjó. Fjöllin á Tröllaskaga eru á heimsmeðalvarða og bjóða uppá brekkur við allra hæfi hvort sem þú ert að byrja eða í leit að verulegum áskonunum. Hér er hægt að ganga á fjöll og skíða niður frá mars og fram í júní. Þegar daginn fer að lengja verður snjórinn enn betri og þegar kemur fram í júní er hægt að skíða í miðnætur sólinni eins og um miðjan dag.

Fjöllin á Tröllaskaga geyma hæstu fjöll Norðurlands. Á utanverðum Tröllaskaga má nefna Dýrafjallshnjúk 1445 m, Kvarnárdalshnjúk 1424m og Heiðingja 1402m. Meðalhæð fjalla er um 930m eða 3000ft.

Svæðið er því kjörlandi fyrir göngufólk og má finna gönguleiðir fyrir alla, hvort sem menn vilja ganga á láglandi um Friðland Svarf-dæla, klífa fjöll eða fornar þjóðleiðir á milli byggðarlaga.

Í Fjallabyggð eru tvö ferðafélög sem bjóða upp á ýmis konar gönguferðir: Ferðafélagið Tröllli, Ólafsvogi 42 í Ólafsfirði og Top Mountaineering, Hverfisgötu 18 á Siglufirði, standa fyrir nokkrum skipulögðum gönguferðum á hverju ári, jafnt um sumar sem vetur. Átak hefur verið gert í merkingum gönguleiða á Tröllaskaga og eru margar skemmtilegar merktar og stikaðar gönguleiðir í Fjallabyggð. Þær eru mislangar og misjafnlega krefjandi, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Hægt er að hafa samband við Top Mountaineering

ggð, Fjallabyggð



með því að hringja í síma: 898-4939 eða senda tölvupóst á gesturhansa@simnet.is. Ferðafélagið Tröllli í Ólafsfirði er með heimasíðu trolli.fjallabyggd.is/forsida/. Hægt er að nálgast upplýsingar um dagskrá og ferðir á trolli.fjallabyggd.is/fyrirspurnir/eða í tölvupósti til tommi@skiltagerd.is.

Um 13 afþreyingarfyrirtæki eru í Fjallabyggð og er hægt að nálgast allar upplýsingar um þau á vísittrollaskagi.is



Menningarlíf

Í Fjallabyggð er einnig blómlegt menningarlíf. Fjöldi veitingahúsa, með fjölbreytta matseðla er að finna í Fjallabyggð og gístmöguleikar miklir. Einnig eru nokkur galleri og listamannavinnustofur sem áhugavert er að heimsækja og svo má ekki gleyma söfnum og setrum. Þar má nefna stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins: Sildarminjasafnið. Óviða finnast jafnfjölbreyttir og skemmtilegir möguleikar til þess að láta sér líða vel í jafnfalllegu umhverfi og afslöppuðu andrúmslofti og er í Fjallabyggð. Þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Sund

Hvað er betra eftir góðan dag á fjöllum en að hvíla lúin og köld bein í hlýjum lindum og spjalla aðeins um stjórnarferð? Í Fjallabyggð eru tvær sundlaugar sem uppfylla óskir kröfuhörðustu sundiðkenda. Á Siglufirði er 25 metra innisundlaug, heitur pottur (úti). Sundlaugin er staðsett

við Hvanneyrarbraut 52. Í Ólafsfirði er útisundlaug, tveir heitir pottar, setlaug, vaðlaug með svepp, fosslaug og tvær rennibrautir. Sundlaugin er staðsett að Tjarnarstíg 1.

Afþreyingarfyrirtæki í Fjallabyggð

Amazing Mountains er eitt af þeim fjölmörgu afþreyingarfyrirtækjum í Fjallabyggð. Boðið er upp á ferðir fyrir skíðafólk og ferðamenn sem langar upp á fjallgarðinn Tröllaskaga, hvort sem ætlunin er að renna sér á skíðum niður hliðina eða að sitja á vélsleðanum upp og niður fjöll og firnindi. Þar má upplifa akstur með vönum heimaðkumönnum og njóta útsýnisins, taka ljósmyndir af mikilfenglegu landslaginu og heillast af feimnum norðurljósum uppi yfir fjallstindum Tröllaskaga. Einnig er boðið uppá leigu á drónum, fjallatjald og búnað til gistingar í því, bæði fyrir einstaklinga og minni hópa. Amazing Mountains býðst til þess að flytja allan farangur og búnað upp á fjöllin, viðskiptavinum sínum til hægðarauka. Til þess að panta ferðir með Amazing Mountains má hringja í síma: 863-2406 eða senda tölvupóst á: solvilar-us@gmail.com. Amazing



Mountains er staðsett að Hranarbyggð 14, 625 Ólafsfirði.

Siglufjörður

Í Skarðsdal, rétt fyrir utan Siglufjörð, er að finna eitt glæsilegasta skíðasvæði landsins og einn helsti kostur svæðisins eru stuttar raðir í lyftur, enda um nokkrar að ræða. Gönguskiðabraut er einnig troðin fyrir gönguskiðaiðkendum í Hólsdal þegar nægur snjór og aðstæður leyfa. En bent er á að mjög góð gönguskiðabraut (Bárubraut) er í Ólafsfirði og þegar nægur snjór er í Ólafsfirði er troðinn braut fyrir allan almenning að auki. Nánari upplýsingar um Skíðasvæðið í Skarðsdal má nálgast á vefsíðunni; skardsdalur.is. Fátt er svo skemmtilegra en að taka sér göngutúr um snjóflóðavarnargarðana fyrir ofan Siglufjörð, enda er útsýnið stórbrotið og nálægðin við náttúruna magnþrungin.

Ekki má gleyma sögu bæjarins en Sildarminjasafnið er eitt glæsilegasta safn landsins, þar sem saga og andi bæjarins mætast í ógleymanlegri stund. Því er svo ekkert til fyrirstöðu að skella sér á eitt af kaffihúsum bæjarins

eftir á og njóta tíu rjúkandi kaffidropa eða sötra á heitu súkkulaði með ekta rjóma. Það bragðast allt betur í hreinu sjávarloftinu.

Ólafsfjörður: Útivera fyrir ævintýragjarna í óbyggðum

Ólafsfjörður er sannkallaður ævintýrabær. Þar er meðal annars að finna frábært skíðasvæði fyrir þá sem vilja eitthvað öðruvísi. Ásamt hefðbundnum skíðabrekkum eru þar leikjabrautir fyrir bæði skíði og bretti. Einnig eru snjóþotubrautir fyrir þá sem vilja heldur sitja á leiðinni niður brekkuna. Að auki eru lagðar vélsleðabrautir fyrir ökupóra og þó nokkrar gönguskiðabrautir fyrir göngugarpa á skíðum. Á Ólafsfirði er einnig að finna glæsilegt náttúrugripasafn með uppstoppuðum ísbirni, þeim sama og var skotinn á Grimseyjarsundi, vísi að plöntusafni, eggjasafn og fjölda uppstoppaðra fugla, en þess má geta að fuglalíf í bænum er með eindæmum fjölskrúðugt, sérstaklega á sumrin.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á og í gegnum vefsíðu Fjallabyggðar; fjallabyggd.is og vísittrollaskagi.is



Skíðasvæði
Fjallabyggðar





Heimilisfang
Kringlan 4-12, 4. hæð
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri: Kristján Kormákur Guðjónsson Ritstjóri: Sigurvin
Ólafsson Adstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjóri: 512 7010

Sandkorn



Björt undir feld

Björt Ólafsdóttir mun vera að íhuga hvort hún gefi kost á sér til að leiða lista Bjartrar fram tíðar í Reykjavík í komandi sveitarstjórnarkosningum. Björt féll af þingi síðasta haust og tók við formennsku í flokknunum af **Óttari Proppé, S. Björn Blöndal**, oddviti Bjartrar fram tíðar í Reykjavík, gefur ekki kost á sér og ef vinsældir ríkisstjórnarinnar haldast á næstu misserum verða rúmlega fjögur ár þangað til Björt fær annað tækifæri til að ná kjöri. Fjögur ár eru óralangur tími í stjórn málum og ef Björt vill halda flokknun á lífi með sig í forystu þá er fátt annað í stöðunni en að komast í borgina.



Ekki óskoraður leiðtogi

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, er ekki jafn óskoraður leiðtogi Eyjamanna og virðist á yfirborðinu. Milli jóla og nýárs búrúst óljósar fréttir af því að Sjálfstæðismenn í Eyjum, sem ráða þar lögum og lofum, myndu halda sitt fyrsta prófkjör í 28 ár. Á fundi í vikunni var prófkjör hins vegar slegið af borðinu og mun fulltrúaráð en ekki almennir Sjálfstæðismenn kjósa hverjir verða á listanum. Ellíði sagði opinberlega að hann væri ánægður að fara í prófkjör en mun hafa beitt sér bak við tjöldin til að koma í veg fyrir það. Það skyldi aldrei vera að Eyjamenn séu ekki allir á bandi bæjarstjórans?

Vissi að hann myndi deyja

Leiðari

Einar Þór Sigurðsson
einar@dv.is



Jón Einar Randversson vissi að komið væri að endalokunum þegar honum var vísað úr meðferð á heimili Krýsuvíkursamtakanna. Jón Einar hafði gengið í gegnum erfiðleika en var allur af vilja gerður til að koma lífi sínu á réttan kjöl – og honum gekk vel og framtíðin virtist nokkuð björt. En þá kom höggið. Jóni Einari var vísað úr meðferð fyrir litlar sem engar sakir eins og lesa má í sláandi fréttaskýringu DV í dag um Krýsuvíkursamtökin. „Ég dey í kvöld,“ mun Jón Einar hafa sagt þegar ljóst var að hann þyrfti að yfirgefa meðferðarheimilið þennan örlagaríka dag í október síðastliðnum. Og daginn eftir lést hann vegna of stórs skammts af eiturlyfjum.

Við þessi hörmulegu örlög þessa unga manns bæstast við frásagnir af frændhygli, óviðeigandi samskiptum, óttastjórnun, hótunum og meintu kynferðisbroti starfsmanns hjá Krýsuvíkursamtökunum. Það er ljóst að víða er pottur brotinn í starfsemi samtakanna sem fá milljónir úr vösum skattgreiðenda á hverju ári.

Enginn efast um að mörg meðferðar- og áfangaheimili á Ís-



landi vinna göfugt og nauðsynlegt starf og hafa hjálpað ótalmörgum að fóta sig í lífinu eftir erfiða tíma. Í því samhengi þarf ekki að leita lengra en til Lalla Johns sem fagnar því að fjögur ár eru síðan hann bragðaði síðast áfengi eins og fram kemur í viðtali við hann í DV í dag. Til að gæta allrar sanngírni hafa Krýsuvíkursamtökin

að mörgu leyti unnið gott starf, hjálpað fólki og bjargað mannlífum, en einhvers staðar hafa þau villst af leið eins og umfjöllun DV í dag leiðir í ljós.

Þau virðast því miður leynast víða skemmdu eplin sem nýta sér neyð okkar minnstu bræðra eins og ítrekað hefur verið fjallað um á undanförunum árum. Tíu ár eru

síðan Byrgismálið kom upp og í kjölfarið kom holskefla af hryllingssögum frá fyrri tíð; má þar nefna Breiðavíkurmálið, Silungapoll og Kumbaravog svo dæmi séu tekin. Þótt þessi mál séu í eðli sínu ólík eiga þau það sammerkt að fólk sem gat illa borið hönd fyrir höfuð sér var beitt einhvers konar ofbeldi.

Ofbeldismenn þrífast best í þögninni sem umlykur óhæfuverkin, slæmu meðferðina og það óeðlilega. Fólk sem leitar sér aðstoðar vegna fíknivanda verður að geta treyst því að tekið sé á móti því með opnum örmum, því sýnd virðing en á sama tíma verður að tryggja að starfsfólk hafi ekki uppi óeðlileg samskipti við skjólstæðinga sem oft standa afar höllum fæti andlega.

Samfélag okkar verður að leggja á eitt og standa saman gegn ofbeldi og slæmri meðferð. Það er ekkert sem réttlætir það að fólk sem vill leita sér hjálpar – og stendur sig vel – sé beitt einhvers konar órétti, stundum með hörmulegum afleiðingum eins og margt bendir til að hafi átt sér stað í máli Jóns Einars. DV strengdi það áramótaheit á dögunum að vera til staðar fyrir þá sem hafa verið beittir ofbeldi eða öðru óréttlæti og þurfa á rödd að halda. Umfjöllun okkar um Krýsuvíkursamtökin er fyrsta skrefið á þeirri leið. ■

MEÐ OG Á MÓTI – BORGARLÍNA

Lilja G. Karlsdóttir samgönguverkræðingur


Fólk áttar sig ekki alltaf á því að það er grundvallarmunur á samgöngum í borg og í dreifbýli. Höfuðborgarsvæðið er orðið borg og í borgum er samkeppni um fermetrana. Í dag myndi enginn byggja risastórt einbýlishús með garði í miðborginni. Það sama á við um samgöngur, það er ekki endalaust pláss í borgarumhverfi fyrir einkabíla. Strætó í dag situr fastur í umferðinni en Borgarlína veitir honum forgang fram yfir bílana og þá verða almenningssamgöngur þægilegur valkostur fyrir fleiri. Hinn valkosturinn leiðir bara til meiri tafa og þrengsla. Rafbílur munu líka sitja fastir því það er ekki pláss. Bílum mun áfram fjölga og það er áfram gert ráð fyrir tugum milljarða í vegabætur, Borgarlínan á hins vegar að verða til þess að fjölgunin verði meiri í almenningssamgöngum en í bílum.“



MEÐ

Sævar Þór Jónsson lögmaður og varaborgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina

Ég tel að það séu ekki rekstrarforsendur til þess að setja 70 milljarða í Borgarlínu því hún tekur ekki mið af byltingunni sem er að fara af stað í samgöngumálum sem snýr að sjálfkeyrandi bílum og fleiru. Því tel ég það úr takti að ætla að fara að eyða öllum þessum fjármunum þegar það er svo margt að gerast í samgöngumálum í heiminum. Það þarf að breikka og byggja önnur samgöngumannvirki en þar þarf líka að horfa til framtíðarinnar. Ég hef ekki trú á því að þessi Borgarlína sé framtíðin, við þurfum að staldra við og sjá hvað gerist. Með sjálfkeyrandi bílum verða samgöngur skilvirkari og öruggari, krafan mun verða að styðja við sjálfkeyrandi bíla og þá er Borgarlína engin lausn.“



Á MÓTI

Spurning vikunnar

Ertu spennt/ur fyrir EM í handbolta?



„Já, ég held að okkur muni ganga vel!“

Hörður Ragnarsson



„Svona temmlega. Okkur mun ganga vel ef Aron Pálmarsson spilar“

Ingvar Þór Gylfason




„Ég er ekkert sérstaklega að fylgjast með þessu“

Diljá Sævarsdóttir



„Já, það er ég. Þeir hafa alla burði til að ná góðum árangri“

Eiríkur Sæland



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is





Lítill meðbyr fyrir EM í Króatíu

Handboltalandsliðið í karlaflokkum er að hefja leik á Evrópumótinu í handbolta en leikið er í Króatíu. Leikir Íslands í riðlinum fara fram í Split og hefur liðið leik í dag, föstudag. Riðill Íslands er sterkur og ljóst er að á brattann verður að sækja. Möguleikar Íslands liggja gegn Svíþjóð og Serbíu en ljóst er að brekkan er brött þegar liðið mætir heima-mönnum.

Oft hefur verið bjartara yfir íslensku handbolta-áhugafólki á leið inn í stórmót, liðið er að ganga í gegnum kynslóðaskipti og ljóst er að þau munu taka tíma. Síðustu tveir æfingaleikir liðsins fyrir mótið fóru fram um síðustu helgi þegar liðið mætti Þýskalandi í tvígang. Liðið fékk rækilega á baukinn í þeim leikjum og er dökkt ský yfir liðinu.

Aron Pálmarsson, annar af tveimur leikmönnum liðsins sem eru í heimsklassa, glímur við meiðsli í baki. Hann hefur æft með liðinu síðustu daga en bakmeiðsli geta verið erfið að eiga við.

Leiðtogi liðsins er svo Guðjón Valur Sigurðsson, sem er einn ótrúlegasti íþróttamaður sem Ísland hefur átt. Guðjón varð um síðustu helgi markahæsti leikmaður sögunnar með landsliði. Guðjón lék fyrst með landsliðinu árið 1999 og hefur síðan verið lykilmáður í liðinu.

Það var Ívar Benediktsson, blaðamaður Morgunblaðsins, sem tók saman upplýsingar um þetta magnaða afrek Guðjóns en upplýsingar um þetta höfðu ekki legið fyrir. Leikir Íslands fara fram næstu daga en ef úrslitin verða hagstæð fer liðið áfram í milliriðla þar sem allt getur gerst.

hoddli@433.is

Hvað eru fyrrverandi atvinnumenn að gera í dag?

Höður Snævar Jónsson
hoddli@433.is

Ferill atvinnumanns í knattspyrnu getur verið stuttur og þegar að honum lýkur er lífið oft rétt að byrja. Ísland hefur átt marga atvinnumenn í fótbolta sem náð hafa frábærum árangri, þeir koma síðan flestir heim. Margir fara í fjár-

festingar og slíkt enda koma margir heim sterkefnaðir, aðrir fara í önnur störf enda ekki fyrir alla að sitja og slaka á heilu og hálfu dagana. Þeir sem koma fram í þessari samantekt starfa meðal annars sem iðnaðarmenn, lögmenn og framkvæmdastjórnar svo dæmi séu tekið. Haft var að leiðarljósi að menn væru ekki með hluti tengda knattspyrnu sem aðalstarf. ■



Ríkharður Daðason Fjárfestir

Ár í atvinnumennsku: 6
Landsleikir: 44

Ríkharður Daðason er líklega frægastur fyrir mark sitt gegn Frakklandi á Laugardalsvelli. Heimsmeistarar Frakklands komu í heimsókn og Ríkharður skallaði knöttinn af mikilli snillið yfir Fabian Barthez. Eftir að Ríkharður lauk ferli sínum í knattspyrnu sneri hann sér að viðskiptum og starfaði lengi vel í banka. Hann hefur síðan getið sér gott orð sem fjárfestir.



Marel Baldvinsson Fjárfestir

Ár í atvinnumennsku: 7 Landsleikir: 17

Framherjinn stóri og stæðilegi átti nokkur góð ár í atvinnumennsku en hann lauk ferli sínum sem leikmaður árið 2010 með Val. Síðan þá hefur Marel getið sér gott orð í fjárfestingum með hlutabréf og fleira því tengdu. Hann bjó í Danmörku og Portúgal í nokkur ár en er nú kominn heim og býr á Álftanesi. Hann tók einmitt við sem þjálfari meistaraflokks karla hjá Álftanesi í haust.

Lárus Orri Sigurðsson Forstöðumaður Pelamarkar

Ár í atvinnumennsku: 10
Landsleikir: 42

Harðjaxlinn frá Akureyri átti flottan feril á Englandi. Hann var öflugur varnarmaður en hann lék með Stoke og West Brom. Hann kom síðan heim og lauk ferlinum með Þór á Akureyri og ÍA. Skömmu eftir að Lárus kom heim gerðist hann forstöðumaður Pelamarkar sem er rétt fyrir utan Akureyri þar sem hann sér um rekstur á sundlaug og öllu því sem er í gangi á svæðinu. Auk þess er Lárus Orri þjálfari Þórs en hann stýrir liðinu í annað sinn.



Marel Baldvinsson Fjárfestir

Ár í atvinnumennsku: 7 Landsleikir: 17

Framherjinn stóri og stæðilegi átti nokkur góð ár í atvinnumennsku en hann lauk ferli sínum sem leikmaður árið 2010 með Val. Síðan þá hefur Marel getið sér gott orð í fjárfestingum með hlutabréf og fleira því tengdu. Hann bjó í Danmörku og Portúgal í nokkur ár en er nú kominn heim og býr á Álftanesi. Hann tók einmitt við sem þjálfari meistaraflokks karla hjá Álftanesi í haust.



Þórður Guðjónsson Framkvæmdastjóri

Ár í atvinnumennsku: 13 Landsleikir: 58

Þórður var leikinn kantmaður sem átti meðal annars farsælan feril í Þýskalandi, Spáni og á Englandi. Kantmaðurinn kom heim og lauk ferli sínum með uppeldisfélagi sínu, ÍA, árið 2008. Hann hefur síðan þá starfað mikið í kringum félagið, bæði í þjálfun og síðan í stjórnunarstörfum. Þórður var seint á síðasta ári ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Skeljungu. Áður var hann forstöðumaður viðskiptastýringar og sölu hjá fyrirtækjafjórðungi Símans frá árinu 2014.



Auðunn Helgason Lögmaður


Ár í atvinnumennsku: 7
Landsleikir: 35

Auðunn á og rekur sína eigin lögmennsstofu. Lögmennsstofa Auðuns Helgasonar tók til starfa 1. september 2015 á Höfn í Hornafirði. Auðunn lauk meistaraþrófi í lögfræði og fullnaðarþrófi í lögfræði frá lagadeild Háskólans í Reykjavík í júní 2013 og fékk réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í október 2014. Auðunn hefur sérhæft sig á sviði stjórnsýsluréttar, skadabótaréttar, váttryggingaréttar, félagaréttar og samninga- og kröfuréttar.

Heiðar Helguson Málari

Ár í atvinnumennsku: 15
Landsleikir: 55


Eftir magnaðan feril í atvinnumennsku flutti Heiðar heim til Íslands. Þessi fyrrverandi sóknarmaður er ekki týpan sem getur lengi setið kyrr. Skömmu eftir að Heiðar lauk farsælum ferli keypti hann sér bát og kvóta, hann var trillukar og gerði bát sinn út frá Hafnarfirði. Hann seldi síðan bátinn og starfar í dag sem málari. Heiðar var harður í horn að taka sem leikmaður og kallar ekki allt ömmu sína, sama hvort það varði boltann eða pensilinn.



Ívar Ingimarsson Ferdamannageirinn

Ár í atvinnumennsku: 13 Landsleikir: 30

Varnarmaðurinn af Austurlandi átti góðan feril í atvinnumennsku og hans bestu ár voru með Reading frá 2003 til 2011 en þar var hann stærstan hluta ferilsins. Ívar sneri heim á æskulóðirnar eftir að ferlinum lauk og byggði upp ferðabjónustu á Austfjörðum. Ívar byggði upp gistihús í botni Stöðvarfjarðar og þá fór hann í skógrækt og setti niður milljón plöntur á jörð sinni sem vaxa og dafna.



Hermann Hreiðarsson
Hóteleigandi

Ár í atvinnumennsku: 15 Landsleikir: 89
Harðhausinn frá Eyjum er að taka að sér þjálfarastarf í Indlandi en hann á og rekur Stracta Hótel sem staðsett er á Hellu. Hermann átti frábæran feril í ensku úrvalsdeildinni og varð meðal annars bikarmeistari með Portsmouth. Þá var Hermann fyrirliði og lykilmáður í íslenska landsliðinu í fjölda ára. Eyjapeyinn hefur þjálfað hér heima en kom hótelinu af stað sem hefur verið afar vinsælt á meðal ferðamanna sem eru á ferð um landið.



Pétur Hafliði Marteinsson
Afhafnamaður og ráðgjafi

Ár í atvinnumennsku: 10 Landsleikir: 36
Eftir feril sinn í knattspyrnu hefur Pétur verið virkur í viðskiptalífni á Íslandi. Pétur er einn af eigendum og stofnendum Kex hostel sem hefur fest sig rækilega í sessi. Þá er hann einn af eigendum Kaffihúss Vesturbæjar sem hefur vakið mikla lukku í Reykjavík. Þá er Pétur eigandi Borgarbrags sem vinnur í því að bæta borgarumhverfi með ráðgjafar- og verkefnastjórnun. Borgarbragur hefur unnið mikið fyrir KSÍ sem vinnur í því að gera nýjan Laugardalsvöll.



Gylfi Einarsson
Framkvæmdastjóri

Ár í atvinnumennsku: 10 Landsleikir: 24
Hver man ekki eftir markinu sem Gylfi skoraði gegn Ítalíu árið 2004 þegar áhorfendamet var sett á Laugardalsvelli? Gylfi skoraði í 2-0 sigri á stórveldinu en 20.200 áhorfendur voru á vellinum. Gylfi átti frábæran feril úti og lék meðal annars með Leeds á Englandi en stuðningsmenn félagsins elska Gylfa enn í dag. Hann starfaði áður hjá Cintamani en er nú eigandi í fyrirtæki sem starfar í Tax Free-bransanum og er þar framkvæmdastjóri. Fyrirtækið stofnaði Gylfi á síðasta ári.

Nú eru góð ráð æðlýr



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgaratilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.



Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.



Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



1853

Maður var að rjúpnaveiðum á Bleiksdal á Kjalarnesi og hjelt í hendi sjer á hlaðinni byssu, en hún slóst við stein og hljóp skotið af og tók af honum nefið að mestu.

- 19. aldar annáll séra Péturs Guðmundssonar frá Grímsey



1974

Vildu bóka-skattinn af

Tíminn greindi frá því 4. október 1974 að Bóksalafélag Íslands hefði miklar áhyggjur af framtíð greinarinnar og vildi afnema söluskatt af bókum. Mikill samdráttur í bóksölu kæmi til vegna sjónvarpsáhorfs, stækkun dagblaða, verðbólgu og aukinnar afkastagetu bókasafna. Bent var á að dagblöð, tímarit, útlit og sjónvarp væri þá þegar undanþegið söluskatti. Einnig að enginn söluskattur væri á löndum í kringum okkur, til dæmis Noregi og Bretlandi. Í bréfi frá félaginu stóð í hástöfum: „MÁLID VIRÐIST SENN KOMIÐ Á ÞAÐ STIG, AÐ ÍSLENDINGAR GERI ÞAÐ UPP VIÐ SIG, HVORT BÆKUR EIGI AÐ KOMA ÚT Í LANDINU.“

1934

Eitrað fyrir fólki í Ingólfsapóteki

Þann 7. apríl árið 1934 áttu sér stað skelfileg mistök í Ingólfsapóteki þegar þrjú sjúklingar fengu eitruð í stað meðals. Bílstjóri einn og tvær konur komu í apótekið og báðu um amidophyrin, bólgueyðandi meðal, en fengu þá arsenikblöndu í staðinn. Efnunum hafði þá verið raðað upp í stafrófsröð í geymslu apóteksins en eitruð efnið ekki geymd sérstaklega, og arsenikið blandað fyrir vanga. Sjúklingarnir voru fluttir á Landspítala með hita og mikil uppköst. Uppköstin urðu þeim til lífs því skammturinn hefði annars verið banvænn. Málið var rannsakað af lögreglunni og Landlæknisembættinu.



Stundarbrjálæði eða líkn Teikning úr Tímanum, 8. nóvember 1987.



1785

Ámundi Jónsson kastar dóttur sinni í Blöndu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Eitt af sorglegustu morðmálum Íslandssögunnar er dráp Ámunda Jónssonar á dóttur sinni sumarið 1785. Hefur það verið kallað bæði ódæði og líknardráp þegar hann flegði hinni átta ára Sigríði í ána Blöndu þegar þau voru örmagna og á vengangi. Fyrir drápið galt Ámundi með lífi sínu og staðurinn þar sem hann framkvæmdi það hefur verið nefndur Ámundahylur.

Á hrakhólum í móðuharðindum Árinu áður lauk Skaftáreldum en móðuharðindin stóðu enn yfir. Fimmti hver Íslendingur dó þegar askan og eitrið kippti lífsviðurværinu undan þeim og vitaskuld voru það smælingjarnir sem urðu verst úti. Ámundi var einn af þessum smælingjum, hálf sextugur og hafði þvælst um sveitir Húnavatnssýslu og Skagafjarðar sem

vinnumaður. Hann átti konu og tvær ungar dætur, unni þeim vel og hafði ekki komist í kast við lög. Þau bjuggu í vestanverðum Skagafirði en örbirgðin var slík að þau neyddust til að yfirgefa heimili sitt á öðrum degi jóla árið 1784.

Yngri dóttirin var aðeins nokkurra ára gömul og Ámundi bar hana í poka á bakinu. Einn daginn fannst hún örend í pokanum og skömmu síðar yfirgaf eiginkona Ámunda hann og Sigríði. Flæktust þau tvö þá um Húnavatnssýslur og betluðu en fólk sem mætti þeim og leyfði þeim að gista hafði orð á því hversu vel Ámundi hugsaði um hana. Í grein Tímans frá árinu 1987 segir: „Hann færði hana úr votu sokkunum af mestu nærgætni og gaf henni úr askinum sem þeim var færður, eftir því sem til hrökk. Það leyndi sér ekki að þessum föður þótti vænt um litlu telpuna sína.“

Kastaði Sigríði í Blöndu Einn dag, snemma í júlímánuði,

voru þau feðginin við Blöndubakka og neyddust til að sofa utandyra þá nóttina. Um nóttina vaknaði Ámundi, greip Sigríði og varpaði henni í straumhart fljótið. Hvort um stundarbrjálæði, örvæntingu eða líkn var að ræða skal ósagt látið því síðar sagðist hann ekki vita það sjálfur.

Eftir þetta gekk hann af stað í vesturátt en mætti þá fólki sem hafði vitað af þeim feðginum saman á ferð. Fór hann nú að ljúga því að hann hefði komið dóttur sinni á framfærslu síns heimaherads í Skagafirði. Sögusagnir um grunsamlegt athæfi fóru að heyrast og bárust þær til eyrna sýslumannsins Magnúsar Pálssonar sem fyrirskipaði leit að Ámunda. Fannst hann við Bitruháls í Hrutafirði 22. júlí og var þá á leið vestur á Strandir. Í farteski hans fundust bæði sokkar og skór Sigríðar.

Játaði strax Ámundi játaði strax brot sitt og

sagði mönnum hvar hann hefði fleggt Sigríði í ána. Var hann þráspurður út í atvikið, hvort hann hefði misst vitið og hvort hann hefði unnið henni einhvern frekari skaða. Hélt hann sig þó ávallt við upprunalega framburð sinn. Farið var með Ámunda á Blöndubakka og leitað að Sigríði með krókum en hún fannst þó aldrei.

Af játningu og líkum var hann dæmdur til dauða fyrir barnsmorð. Samkvæmt dómi skildi hann aflífast „í sínum hversdags fötum með beru höfði fimm sinnum klípast með glóandi tögum fyrst fyrir utan þann stað hvar hann er fangaður, síðan þrisvar milli hans og aftökustaðarins, hvar hans hægri hönd skal fyrst afhöggvast með öxi og síðan höfuð. Höfuðið setjist á einn stjaka, en líkaminn þar fyrir ofan á hjól.“ Ámundi var geymdur í varðhaldi í Víðidalstungu fram á vorið 1786 þegar dómnum var fullnægt. ■

1989

Tveggja ára barn dróst með bíl

Þann 24. febrúar árið 1989 festist Akureyringurinn Ólafur Sveinn Gíslason, þá tveggja ára, við dekk bifreiðar og dróst með henni tæpan hálfan kílómetra. Ólafur er þrítugur í dag og trúir ekki á kraftaverk. Hann segir það þó merkilega tilviljun að hann sé enn á lífi.

Naglaför í úlpunni

„Mamma var úti með mér að leika á gangstéttinni fyrir utan heimilið okkar á Vestursíðu. Síðan skaut hún rétt inn til að svara símtali. Ég náði þá að færa mig að fólksbíl sem nágrannakonan átti og einhvern veginn festi ég mig í einhverju við hægri afturdekkið.“

Konan tók ekki eftir Ólafi og hafði hún keyrt inn á bílastæði til að snúa bílnum við. Þá keyrði hún af stað inn Bugðusíðu og var komin um 400 metra leið áður en hún tók eftir að eitthvað var að. „Hún heyrði þá eitthvert hljóð sem henni líkaði illa og stoppaði því og sá mig.“ Konan hélt þá að dekk bílsins væri sprungið en þess í stað fann hún Ólaf sem var orðinn blár í framan.

Samkvæmt frétt DV frá þessum tíma fór Ólafur undir hjól bifreiðarinnar en hann segir það ekki rétt. „Ég hefði ábyggilega ekki lifað það af.“ En þykk, vatteruð úlpa sem Ólafur var í var tætt af nöglum vetrardekksins og bjargaði hún sennilega miklu.

Fór illa í mömmuhjartað

Ólafur jafnaði sig furðu fljótt og byrjaði þá að orga mikið. Farið var með hann á Fjórðungs-sjúkrahúsið og hlúð að meiðslum hans sem voru minni-háttar mar og skrámur. Engin bein boru brotin eða brákuð og engin innvortis meiðsl. „Ég kom ekki ólaskaður frá þessu en þetta hafði engin langvarandi áhrif. Við fórum heim samdægurs og ég hef verið hraustur síðan.“

Hann segir að atvikið hafi helst



Ólafur Sveinn „Hún heyrði þá eitthvert hljóð sem henni líkaði illa og stoppaði því og sá mig“



bitnað á móður sinni. „Þetta fór auðvitað mjög illa í hjartað á mömmu. Að hún hafi litið af mér í smá stund og þá hafi næstum því það versta gerst.“

Ólafur segist hafa verið mjög lánsamur að konan hafi stoppað. „Sjálfur stoppa ég ekkert alltaf þegar ég heyrir smá hljóð í bílnum. Ef hún hefði ekki gert það þá hefði ég ekki lifað þetta af.“ ■

kristinn@dv.is



HYUNDAI I30 comfort. Árgæð 2012, ekinn 154 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.301368.



HYUNDAI I30. Árgæð 2017, ekinn 14 þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.250942.



TOYOTA Hiace. Árgæð 2005, ekinn 308 þ.KM, dísel, beinskíptur. Verð 1.390.000. Rnr.251047.



FORD Fiesta eco boost 100hö. Árgæð 2017, ekinn 22 þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.260569.




RENAULT Clio limited . Árgæð 2017, ekinn 17 þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.271108.



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2015, ekinn 92 þ.KM, bensín, sjálfskíptur. Verð 2.850.000. Rnr.107182.



NISSAN Leaf. Árgæð 2015, ekinn 41 þ.KM, rafmagn, sjálfskíptur. Verð 1.990.000. Rnr.271273.



BMW X5 xdrive25d. Árgæð 2017, ekinn 6 þ.KM, dísel, sjálfskíptur 8 gírar. Verð 9.490.000. Rnr.250807.



HYUNDAI I20. Árgæð 2017, ekinn 23 þ.KM, bensín, beinskíptur. Verð 1.750.000. Rnr.260671.



LAND ROVER Range rover sport hse. Árgæð 2017, ekinn 13 þ.KM, dísel, sjálfskíptur 8 gírar. Verð 12.800.000. Rnr.250882.



FORD Expedition el xlt 4wd. Árgæð 2014, ekinn 21 þ.KM, bensín, sjálfskíptur 6 gírar. Verð 7.690.000. Rnr.260573.



BMW 3 330e iperformance. Árgæð 2017, ekinn 5 þ.KM, bensín, sjálfskíptur 8 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.260751.

bill.is

Vill ekki einhver

lána tvö hundruð þúsund kr. í 2 ár. Þeir, sem vildu sinna þessu, leggi nöfn sín inn á afgr. Mbl. fyrir 21 september, merkt: „3845“.

Gamla auglýsingin

Morgunblaðið, 18. sept. 1963



1602 „Höggðu betur, maður“

Í Skarðsárannál segir frá aftöku Björns Þorleifssonar, þeirri fyrstu sem framkvæmd var samkvæmt Stóradómi. Björn var líflátinn fyrir kvennamál og svall en fékk góða iðran frá Oddi Einarssyni Skálholtsbiskupi. Í annálinum segir að Björn hafi gengið keikur til móts við dauðann, kvaddi hann menn með handabandi og lagðist síðan óbundinn á höggstokkinn. En böðullinn var þá orðinn „gamall og slæmur og krassaði í höggunum.“ Björn lá kyrr í fyrstu en eftir sex högg sneri hann sér að böðlinum og sagði: „Höggðu betur, maður!“ Þessi hvatningarorð virðast þó ekki hafa haft teljandi áhrif því að 30 högg þurfti til að ná höfðinu af Birni. „Var það hryggilegt að sjá.“



1992 Múgur gerði aðsúg að Sophiu Hansen

Forræðisdeila Sophiu Hansen og hins tyrkneska Halim Al yfir tveim dætrum þeirra var eitt af stærstu fréttamálum tíunda áratugarins. Þegar málið var dómtekið í Ístanbul 24. september árið 1992 gerðu um 200 manns aðsúg að Sophiu og fylgdarfólki hennar. Ókvæðis-orðum rigndi, hrækt var á þau og Sophia sjálf slegin í andlitið, og 50 lögreglumenn þurftu til að hafa hemil á reiðum mannföldanum. Gunnar Guðmundsson lögfræðingur Sophiu sagði við DV: „Við áttum fótum okkar fjör að launa og vorum heppin að sleppa lifandi.“ Margir blaðamenn voru á staðnum en málinu var frestað um mánuð vegna þess að ný gögn höfðu verið lögð fram.

Síðustu sjúklingarnir á holdsveikradeildinni:

„Áfall að vera komin með þennan stimpil“

■ Önnur sögð ranglega greind ■ Gerði við föt fyrir spítalann

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Holdsveiki er sjúkdómur sem fæstir Íslendingar kannast við í dag nema úr bíómyndum og sögu-bókum. Sjúkdómurinn hefur fylgt mannkyninu í árþúsund en í dag finnst hann einungis í þróunarríkjum. Holdsveiki var útbreidd á Íslandi um aldir og vegna útlitslýta sjúkdómsins fylgdi honum mikil skömm og sjúklingarnir lifðu yfirleitt í einangrun við bágar aðstæður. Líkt og annars staðar á Vesturlöndum tókst að uppræta holdsveiki á Íslandi með einangrun og lyfjagjöf á 20. öldinni. Síðustu tveir sjúklingarnir, Margrét og Jósefína, létust á áttunda áratugnum eftir langa vist á Kópavogshæli en grunur leikur á því að önnur þeirra hafi verið ranglega greind.

Fylgdi Íslendingum sjö aldir

Í fornri siðmenningu Egyptalands, Grikklands, Kína og Indlands var holdsveiki vel þekkt en sjúkdómurinn barst til Íslands á þrettánda öld. Þetta er bakteríusýking, skyld berklum, sem heitir upp á latínu Mycobacterium leprae og ræðst á taugafrumum í húð, andliti, útlimum og fleiri stöðum. Í raun eru þetta tveir sjúkdómar; líkþrái og limafalls-sýki en seinni gerðin lýsir sér í dofa eða lómum. Holdsveiki er hægsmitandi og helst því yfirleitt í fjölskyldum eða milli fólks sem er í mikilli návist við hvert annað.

Útbreiðsla holdsveikinnar var hæg á Íslandi til að byrja með en á sautjándu öld var veikin orðin að slíkum faraldri að aðgerða þótti þörf. Hræðslan og trúarótinn við smitaða var gríðarlegur. Um miðja öldina voru settir á laggirnar fjórir holdsveikraspítalar, hver í sínum fjórðungi, en þeir voru ekki spítalar í nútímaskilningi þess orðs. Fólk fékk þar ekki lækningu heldur bjó nokkurs konar klausturlífi og við mikinn skort.

Um miðja nítjándu öldina voru spítalarnir aflagðir en þá voru holdsveikir á þriðja hundrad í landinu. Undir lok aldarinnar gaf danska Oddfellow-reglan Íslendingum holdsveikraspítala sem vígður var í Laugarnesi árið 1898. Var þetta stærsta timburhús landsins með sextíu sjúkrarúmum. Sjúkum fækkaði hratt næstu árin, í hundrad laust eftir aldamótin og niður í tuttugu árið 1940. Við hernámið tók breski herinn húsíð yfir og brann það þremur árum síðar. Sjúklingarnir voru færðir yfir í Kópavogshælið þar sem fyrir voru berklasjúklingar. Seinna voru þroskaskertir og fatlaðir fluttir þar inn. Holdsveikum fækkaði stöðugt uns tvær konur voru þar eftir á áttunda áratugnum.

Jósefína Guðmundsdóttir
Gaf Hallgrímskirkju muni af holdsveikradeildinni.



Íslenskir holdsveikisjúklingar Morgunblaðið, desember 1984.



Kópavogshæli Vísir, desember 1977.

ir annaðist konurnar síðustu árin. Í Morgunblaðinu árið 1984 segir hann: „Starf mitt var aðallega fólgið í því að sinna sjúklingunum manneskjulega. Holdsveikin var búin að vinna sitt á þeim og mitt hlutverk var því að sinna líkamlegum kvillum þeirra [...] Þær voru ekki smitberar og á þeim saúst engin veruleg örkuð svo óvanur maður hefði ekki tekið eftir neinu óeðlilegu.“ Á þessum tíma voru til svokölluð sulfalyf sem gáfust ágætlega en konurnar neituðu að taka þau.

Óvíst er hvort þær hafi báðar verið með sjúkdóminn. Edda Björg Kristmundsdóttir, barnabarn Jósefínu, segir: „Hún var ranglega greind og var vissulega tekin úr umferð. Hún reyndist ekki vera með þennan sjúkdóm en það var mikið áfall að vera komin með þennan stimpil.“ Hún segist þó ekki vita hvert mein Jósefínu var og þetta hafi ekki verið mikið rætt í sín eyru.

Allt sóttreinsað

Á áttunda áratugnum voru Jósefína og Margrét orðnar heimilisfastar á Kópavogshæli og þrátt fyrir að vera í nokkurs konar fangelsisvist er óvíst hvort þær hefðu viljað og getað farið eitthvert annað. Báðar áttu þær fjölskyldur og fengu heimsóknir. Jósefína fór einnig í bæjarferðir af spítalanum. Edda ólst upp í öðrum landshluta en man eftir að hafa heim-

sótt ömmu sína á Kópavogshælið: „Hún lifði alveg sínu lífi. Ég vissi ekkert af þessu fyrr en hún var látin.“ Jósefína sat ekki iðjulaus á Kópavogshæli. Hún nýtti reynslu sína sem saumakona og gerði við föt fyrir vistmenn. Starfsfólkið sótti fötin til hennar og setti í sérstaka kistu og þar voru þau sótt-hreinsuð.

Þó að talið væri að Jósefína væri ekki smitandi á þessum tíma var enn mikil hræðsla hjá stjórnendum. Kristjana segir: „Við vorum náttúrulega svo ungar og hræddumst ekki neitt en við virtum þessar reglur um sóttvarnir.“ Umgangur um holdsveikradeildina átti ekki að vera mikill og Margrét og Jósefína fengu ávallt matinn sinn sendan.

Það fór ágætlega um þær á spítalanum og þær höfðu hvor sína stofuna. Orgel var á staðnum og þar voru haldnar messur. Margrét lést árið 1974 sem mögulega síðasti holdsveikisjúklingur Íslandssögunnar. Þá var Jósefína orðin ein á deildinni en hún flutti skömmu síðar á öldrunardeild Landspítalans við Hátún þar sem hún lést árið 1979. Áður en hún yfirgaf Kópavogshæli gaf hún Hallgrímskirkju messuklæði, altarisdúka, silfurstaup og fleiri gripi sem höfðu verið eign sjúklinganna á holdsveikradeildinni. Hallgrímskirkja er einmitt nefnd eftir Hallgrími Péturssyni, höfundi Passíúsálmanna, sem lést af holdsveiki árið 1674. ■

„Ég vissi ekkert af þessu fyrr en hún var látin.“

Röng greining

Kristjana Sigurðardóttir þroskaþjálfari hóf störf á Kópavogshæli árið 1960 og vann þar um langa hríð. Hún þekkti Margréti og Jósefínu. „Þær töluðu ekki mikið um sitt líf. Okkur stelpunum fannst vera mikill leyndarhjúpur yfir þeim af því að þær voru þarna í einangrun. Jafnvel að þær væru búnar yfirnáttúrulegum kröftum vegna örlaga sinna.“ Þær höfðu verið teknar frá fjölskyldum sínum og voru komnar á háan aldur.

Margrét þótti fáskiptin og bitur og hélt sér meira til hlés en Jósefína. Hún var fædd árið 1897 og kom inn á hælið árið 1952. Jósefína var Guðmundsdóttir, fædd árið 1892 og alin upp á Snæfellsnesi. Hún flutti ung til Reykjavíkur þar sem hún starfaði sem þvotta- og saumakona þar til hún kom inn á hælið árið 1957, síðust Íslendinga. Henni þótti góð tilbreyting að fá heimsóknir frá stúlkunum og spáði fyrir þær í bolla.

Grímur Magnússon taugalækn-

Laus við brennivínið
Lalla hefur ekki langað í
vín svo árum skiptir.
MYND SIGTRYGGUR ARI

Lalli Johns

*Edrú í fjögur
ár en dreymir
stundum þartí*

Lalli Johns látinn. Lalli Johns dáinn. Þetta eru tvær uppástungur sem leitarforritið Google stingur upp á ef slegið er inn nafni eins frægasta glæpamanns Íslands-sögunnar. Það er ljóst á leitarforritinu að Íslendingar hafa áhuga á að vita hvar Lalli er niðurkominn. Hann sló í gegn í heimildamynd Þorfinns Guðnasonar og heillaði þjóðina. Í kjölfarið varð hann landsþekktur. En **Lárus Björn Svavarsson**, betur þekktur sem Lalli, er ekki dáinn. Hann er í fullu fjöri, orðinn 67 ára löggilt gamalmenni sem hefur ekki bragðað dropa af áfengi síðustu fjögur árin. Hann er búsettur á áfangaheimili þar sem hann hefur það bærilegt.

Hjálmar Friðriksson
hjalmar@dv.is



Blaðamaður DV hitti Lalla á heimili systur hans, Rósu Ólafar Ólafudóttur, en hún hefur verið stóð hans og stytta í baráttu hans við Bakkus. Lalli gerir ekki ýkja mikið úr freistingum vínsins en segist þó oft dreyma að hann sé staddur í trylltu samkvæmi. Þá fer hann í göngutúr til að losa sig við djammtrauma næturinnar.

„Ég finn alveg breytingu síðan ég hætti þessu vínruogli. Mér hefur liðið mun betur,“ segir Lalli en viðurkennir að stöku sínum finni hann til söknuðar þegar hann hugsar til baka. „Mig dreymir oft eitthvert partíru. Ég vakna oft á nóttunni við það að mér finnst ég vera í gylmjandi partí en er samt bara í tómu rúmi. Jú, jú, oft er mér hugsað til gamla lífsins. Stundum hef ég vaknað á morgnana við draumana, þá farið á fætur og fengið mér göngutúr. Ég hef reynt að fylgja reglum hússins svo þeir hafi ekkert á mig. Ég reyni að vera einu skrefi á undan þeim,“ segir Lalli og hlær.

Breiðavíkurmálið vendipunktur

Aðspurður hvernig hafi staðið á því að hann hafi ákveðið að hætta að drekka fyrir um tíu árum nefnir Lalli fyrst að hann hafi staðið í strembnum flutningum. Þá grípur Rósa fram í og spyr hvort Breiðavíkurmálið hafi ekki haft áhrif. Lalli viðurkennir það. „Það var vendipunktur, það var opinberað og þú varst beðinn afsökunar. Öll þessi umræða,“ segir Rósa. „Jú,“ segir Lalli og bætir við að hann hafi aldrei fengið allar þær bætur sem honum var lofað.

Lalli var í fjögur ár á vistheimilinu á Breiðavík þar sem börn voru beitt fáheyrðri harðneskju og öllum útgáfum ofbeldis. „Þetta var ekki bara á Breiðavík, en Breiðavík var verst punkturinn af þessu. Heimavistarskólinn að Jaðri og Reykjalíð, það voru heimili sem ég var ekkert voðalega ánægður með að vera á. Þegar ég var laus við þessi heimili þá var það spurningin: „Hvað á ég að gera við framtíð mína og hvernig verður hún?“ Verður hún björt eða svört? En með árunum þá hef ég náð að sætta mig við suma hluti, ekki alla. Ég hef reynt að fylla upp í eyðurnar en sumt er vont að vinna til baka. Svona var þetta þegar ég var yngri, en þetta átti ekki að fara svona. Þetta átti að fara öðruvísi. Ég reyndi að vinna úr því, ef maður er jákvæður hefur það góð áhrif,“ segir Lalli.

Fékk aldrei allar bætturnar

Í viðtali við DV árið 2007 sagði Lalli frá þeim pyntingum sem hann varð fyrir á Breiðavík. Hann hélt því fram að sennilega hafi forstöðumaðurinn, Þórhallur Hálf-

dánarson, haft ánægju af því að pína börn. Þar fékk hann lítið að borða, var neyddur til að vinna mykranna milli og lítið fór fyrir námi. Í viðtalinu sagði hann frá einu ómurlugu atviki:

„Ég var háttadur úr öllum fötunum og settur í síldartunnu fulla af ísköldu vatni. Ég hét því að ég skyldi ekki láta vatnið sigra mig frekar en þau,“ sagði Lalli en eftir þetta ákvað hann að strjúka. Annar piltur kjaftaði og sá var beittur hrottalegu ofbeldi. „Hann var bara tekinn og barinn og ég var látinn þrífa blóðið sem gekk úr andlitinu á honum. Ég féll í yfirlið og því var haldið fram að ég væri að leika til að draga að mér athygli.“

Lalli segist nú aldrei hafa fengið allar þær sanngirnibætur sem honum hafði verið lofað. „Ég var eiginlega svikinn í Breiðavíkurmálinu. Ég fékk eina og hálf milljón en svo átti ég að fá meira átján mánuðum seinna. Það fékk ég aldrei. Ég er með pappíra upp á það. Þeir sögðu að ég ætti að fá þrjár eða fjórar milljónir, þeir sviku mig um það. Ég fékk pappírana óundirritaða, en síðan dróst það og þá féll málið niður dautt. Ég vissi ekki hvert ég átti að leita, og hefði átt að gera eitthvað í því,“ segir Lalli.

Ríflega 20 ár í fangelsi

Rósa bendir á að Lalli hafi ekki farið í fangelsi síðan Breiðavíkurmálið komst í umræðuna. Lalli hlaut síðast dóm árið 2009, fyrir innbrot í Hveragerði árið áður. Sá dómur var að mörgu leyti dæmigerður fyrir Lalla. Kona búsett í Hveragerði, Guðrún nokkur, kom að Lalla í íbúð sinni og spurði „hvern fjandann hann væri að gera þarna“. Lalli sagðist vera að leita að síma til að hringja í leigubíl. Guðrún sá þó skartgripi sína liggja á rúminu og tók þá í jakkaþöðunginn á Lalla og dröslaði honum með sér inn í stofu. Þegar lögregla mætti á vettvang sat Lalli hinn rólegasti í stól í garðinum. Fyrir þetta fékk Lalli tíu mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm. Hans síðasta dóm.

Lalli er sennilega meðal þeirra lifandi Íslendinga sem hafa setið lengst í fangelsi. Í dómi sem hann fékk árið 2006 er ferill hans tíund-áður. Þá hafði hann hlotið 42 refsiddóma frá árinu 1969 nær eingöngu fyrir þjófnað en Lalli var átján ára þegar hann var fyrst leiddur fyrir dómara. Lalli hefur samtals verið dæmdur í rúmlega 20 ára óskilorðsbundið fangelsi.

Rósa systir hans segir augljóst að tími hans á Breiðavík hafi markað djúp spor. „Hann hefur ekki komið inn í fangelsi síðan byrjað var að ræða málið opinberlega og hann var síafbrotamaður í fjörutú ári. Það byrjaði svo snemma, strax eftir Breiðavík. Hann var unglingur þegar hann kom þaðan og var þar í fjögur ár. Síðan var það bara Hraunið í fjörutú ári,“ segir Rósa.



„Ég tók bara einn dag í einu og allt í einu var liðið ár“

Hraunið var heimilið

Lalli segist að mörgu leyti hafa á þessum árum einfaldlega búið í fangelsinu. „Þessi fangelsisdómur sem ég fékk voru yfirleitt stuttir. Þetta voru svona fjórir til sex mánuðir en svo losnar maður út á milli en lendir þá á götunni aftur.

Ég fékk aldrei neina aðstoð til að rétta mig við. Þetta varð víthringur. Ef ég reyndi að vinna mig úr þessum víthring og talaði við þá menn sem voru með þessi mál, þá hlustuðu þeir ekkert á mig,“ segir Lalli.

„Þetta var yfirleitt þannig að þú fórst í fangelsi og þegar þú komst út þá fórstu bara beint á götuna. Eða þá að þú hafðir ekkert hús-næði til að fara í og þá lá leiðin beint í óregluna og sukkið. Svona var þetta bara um tíma. Eins og ég segi þá dreymir mig oft svona partí, en þegar ég vakna man ég að ég á ekki dóm yfir höfði mér. Þá hugsa ég að það sé gott að vera ekki kominn þarna austur á Hraunið, að vera laus við það,“ segir Lalli og bætir við að hann velti fyrir sér hvort draumarnir sé leið heilans til að vinna úr þeim ógöngum sem hann hefur lent í.

Ekki laus við sígarettturnar

Lalli segir að slæm veikindi fyrir um tíu árum hafi líka haft sitt að segja um þá ákvörðun hans að setja tappann í flöskuna. „Svo var það þannig að ég var á meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti og þá fékk ég matareitrun. Ég endaði upp á Borgarspítala og var þar í 21 dag. Þetta voru heiftarleg veikindi. Svo fór ég aftur á Hlaðgerðarkot og þá náði ég að vera edru í um eitt ár. Þá flutti ég á Héðinsgötu og bý þar núna. Það er stutt að fara á AA-fundina – bara yfir götuna,“ segir Lalli.

Heilsa Lalla er merkilega góð miðað við óheilbriggt lífarni í marga áratugi. „Heilsan er nokkuð góð miðað við aldur og fyrri störf. Ég hef ekkert verið að leita mér að vinnu. Ég hef bara verið öryrki og verið í Draumasetrinu. Farið allar þær ferðir sem ég

Þetta átti að fara öðruvísi



Hress Lalli segist hafa jákvæðnina að leiðar-
ljósi. MYND SIGTRYGGUR ARI

hef þurft að fara og ef ég hef þurft að fara eitthvert sérstaklega þá er mér skutlað í bíl," segir Lalli.

Þótt Lalla hafi tekist að losa sig alveg við vinið þá eru sígar-
etturarnar snúnari andstæðingur. „Maður er enn þá að dragast með þessar helvítis sígarettur en ég er að reyna að hætta. Ég er kominn niður í fimm sígarettur á dag. Mér hefur tekist að halda því í föstum skorðum," segir Lalli.

Datt í það vegna tröppugangs

Á síðustu tíu árum hefur Lalli misstigið sig í eitt skipti. „Þegar ég var að koma mér fyrir á Héðingsgötu þá var svolítill traffík, inn og út. Svo ég datt í það þar, því það var svo mikill tröppugangur og óregla. En svo ákvað ég að hlusta á ráðgjafana og fara á fundi. Eftir að ég gerði það gekk þetta nú betur. Svo leið tíminn.

Svo nú er ég búinn að vera edrú í fjögur ár. Ég tók bara einn dag í einu og allt í einu var liðið ár. Ég er núna búinn að koma mér ágætlega fyrir á Héðingsgötunni," segir Lalli.

Hann segir stóran hluta af því að halda sér edrú vera að mæta á AA-fundi. „Ég fer stíft á fundi. Á Héðingsgötu, Draumasetrinu, þar er fundur á mánudögum og þriðjudögum, húsfundur á miðvikudögum, á fimmtudögum og föstudögum eru morgunfundir. Það er ekki skyldumæting, meira til að vita hvað menn eru að gera, hvernig málum er háttað. Ólafur Haukur og Elín eru húsráðendur í Draumasetrinu. Um jólin núna gáfu þau öllum pakka og þau eru með okkur í prógrammi. Hann Ólafur Haukur hefur verið okkur innan handar og hefur verið að hjálpa mönnum – leiða þá í

gegnum þetta. Ég hef það fint hjá þeim," segir Lalli.

„Betra að hafa reglu en óregluna“

Hann segir að félagsskapurinn og regluverkið á Draumasetrinu hjálpi við halda honum réttum megin. „Það er betra að hafa reglu en óregluna. Það er hentugra að hafa fasta reglu á þessu. Þá veit maður hvað maður á að gera þennan dag, svo á maður frí á eftir. Það er nú þannig í Draumasetrinu að þeir láta aðra þrifa vissa hluta hússins, en ég hef ekki þurft þess þar sem ég er kominn á þennan aldur. Það er ekki hægt að hafa mig sem þjónustufulltrúa," segir Lalli og hlær en hann verður 67 ára á þessu ári, löggildur elliðfeyrisþegi.

Á milli þess að mæta á AA-fundi aðstoðar Lalli féлага sína í bilaviðgerðum og fer í göngu-

túra. Hann reynir líka að aðstoða unga menn við edrúmennsku. „Ég hef verið að lesa í Tólf spora-bókinni og stúdera AA-bókina. Þess á milli hef ég verið að leiðbeina mönnum. Það eru nokkrir ungir á Héðingsgötu sem hafa verið að spyrja mig hvernig maður hagi sér í þessum málum. Það hefur gefist vel og ég hef ekki verið iðjulaus. Sumir hafa náð sér út úr sukki og svínarí. Þetta er lið sem hefur verið sprautufiklar og annað. Ég reyni að gefa eins mikið og hægt er af mér," segir Lalli.

Draumasetrið sem Lalli nefnir er áfangahemili rekið af hjónunum Elínu Örnú Arnardóttur og Ólafi Hauki Ólafssyni. Í samtali við DV segir Ólafur Haukur óvíst með framtíð heimilisins því engir styrkir fást frá hinu opinbera og setrið rekið alfarið í sjálfboðavinnu. Undanfarið ár hefur fjöldi

Það er betra að hafa reglu en óregluna

fíkla sagt opinberlega að heimilið hafi bjargað lífi þeirra. Markmið þess er draga úr þeirri neyð sem sumir fyrrverandi fíklar búa við, enda margir á götunni. „Ég myndi sjá eftir því. En ég held að þessu verði ekki lokað," segir Lalli.

Íhugar nám

Lalli segist oft hugsa um liðna tíð burt séð frá draumunum sem sækja á hann reglulega. „Mér finnst nú, ef ég segi eins og er, að þetta séu betri tímar í dag. Ég sakna sums – „góðu tímanna“ – en ekki alls. Sums. Mér hefur ekkert langað í vín eða svoleiðis. Maður fer að rifja upp staði sem maður hefur verið á áður. Það hefur verið jákvætt að vera á Draumasetrinu, að hugsa um það liðna og hvað maður hefur farið á mis við," segir Lalli.

Í því samhengi nefnir hann menntun. „Ég hef hugsað sem svo, kannski ætti ég að fara í skóla. Hvaða skóla á maður að fara í eða hvort maður eigi að taka heimanám? Jafnvel bréfasgóla. Þá myndi ég læra félagsfræði og reikning. Taka stúdentsprófið í leiðinni," segir Lalli og hlær.

Aldrei dæmdur í ljóðabókarmálinu

Lalli varð landsþekktur eftir að heimildamynd Þorfinns Guðnasonar um hann kom út árið 2001. Hann segir því hafi fylgt blendnar tilfinningar að vera svo þekktur á þessum tíma. „Það var um tíma sem fólk var að spyrja mig hvernig ég færi að þessu. Ég er enn að hitta fólk sem hefur séð myndina og spyr hvort það verði ekki framhald," segir Lalli.

Ein frægasta sagan af Lalla er þegar hann í einu af sínum innbrotum gleymdi sér um stund við lestur ljóðabókar eftir Stein Stein-
ar. Þegar lögregla mætti á vettvang var hann uppi í rúmi í miðjum ljóðalestri. „Ég var aldrei dæmdur í þessu máli vegna þess að dóm-
arinn spurði hvar þetta hefði verið og ég sagði: „Þetta var í Ráðherrabústaðnum.“ Hann sagði seinna að ég hefði verið dæmdur fyrir þetta hefði þetta verið eitthvert hús annað en Ráðherrabústaðurinn. Það átti ekki að vera hægt að komast óboðinn inn í Ráðherrabústaðinn og sitja þar og lesa bók eftir Stein Stein-
ar," segir Lalli og hlær dátt.

Flestir sem hafa kynnst Lalla vita að þrátt fyrir allt þá hefur hann alltaf verið frekar jákvæður að upplagi. Hann segir þó að brennivínið hafi stundum gert hann þunglyndan. „Þegar ég var á þessu fyllerí þá fann ég að það komu lélegir tímar. Annaðhvort reyndi ég að drekka til að gleyma þessum verstu tímum eða þá að hætta að drekka. Það reyndist erfiðara. Ég var aldrei lengi edrú í einu. Það hefur tekið svolitinn tíma að byggja upp þetta góðæri núna. Það hefur gerst að maður hefur ekki fengið það sem maður vildi en þá er bara að vinna úr því. Þá er maður bara ánægður þegar vel gengur. Maður hefur fylgt því eftir. Ég hef alltaf haft það sem reglu, að hafa þetta á jákvæðu nótonum og ekki flækja þetta neitt mikið," segir Lalli. ■

Menning



„Maðurinn er fírárnlega duglegur, dællir út bókum, að sönnu misjöfnum að gæðum en það er augljóst að honum liggur eitthvað á hjarta – sem er nú bara töluvert atriði.“

- Hermann Stefánsson rithöfundur stofnaði Facebook-hóp þar sem hvatt var til þess að Bjarni Bernharður ljóðskáld skyldi hljóta listamannalaun í þrjá mánuði – að minnsta kosti stundum. Bjarni, sem hefur ekki fengið slíkan styrk í áratugi, var ekki hrifinn af uppátæki Hermanns.

VÍSINDASKÁLDASKAPUR

Þættirnir **Black Mirror** eru martraðakenndur vísindaskáldskapur sem fer ansi nærri raunveruleikanum – en hversu nálægt?

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is




Í hinum geysivinsælu sjónvarpsþáttum **Black Mirror** birtist okkur oftast en ekki ógnvænleg en óþægilega raunsæ framtíðarsýn, hver þáttur er sjálfstæð saga sem veitir okkur leiftursýn inn í til-
tölulega nálæga en tæknivæddari framtíð. Hver þáttur skartar mismunandi leikurum og leikstjóra, mismunandi umhverfi og gerist jafnvel í mismunandi sagnaheimi, en þættirnir eiga þó sitthvað sameiginleg.

„Þeir fjalla allir um það hvernig við lifum í dag – og það hvernig líf okkar gæti orðið eftir tíu mínútur ef við pössum okkur ekki,“ hefur maðurinn á bak við þættina sagt, breski sjónvarpsmaðurinn og ískaldhæðni samfélagsrýnirinn Charlie Brooker. Þættirnir vekja þannig

upp spurningar og vara okkur við gagnrýnislausri nálgun á tæknipróun samtímans. Þeir byggja oft á raunverulegum tækjum og tækninýjungum sem gætu orðið ráðandi í heiminum á næstu árum og áratugum, en vara okkur við hvernig þau geta haft áhrif á okkur.

DV ákvað að taka saman þau tæknifyrirkæri sem nýjasta seríu **Black Mirror** fjallar um og athuga hversu nálægt þættirnir fara veruleikanum. Í þeim tilgangi var rætt við þá Ólaf Andra Ragnarsson, adjunkt í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, og Gunnlaug Reyni Sveinsson, ritstjóra Tæknivarpsins á Kjarnanum. Taka skal fram að samantektin er hvorki hávísindaleg né tæmandi. Við vörum við að greinin inniheldur mikilvægar upplýsingar um söguþráð þáttanna, „Spoiler alert!“ ■



Algjör sýndarveruleiki

Seríu 04. Þáttur 01

Nafn: CSS Callister Leikstjóri: Toby Haynes

Hér fylgjumst við með óframþærlægum tölvuleikjasmíð sem er aðalforritari vísins fjölnotenda-nettölvuleiks (MMO), leikurinn er spilaður í háþrúðum sýndarveruleika í viðvarandi stafrænum heimi. Sýndarveruleikagræjan tengist inn í heila fólks og lætur því líða eins og það sé að upplifa heiminn í raun og veru. Forritarinn hefur svo notað heim leiksins sem grunn til að hanna sinn eigin einkaheim byggðan á gömlum sjónvarpsþáttum, sem minna meira en lítið á Star Trek. Þessi heimur er hýstur í einkatölvu hans, er ónettengdur svo enginn hefur aðgang nema hann sjálfur. Með því að ná í erfðaefni úr einstaklingum getur hann klónað þá stafrænt eða endurskapað inni í tölvuheiminum.

Orðið að veruleika: Gunnlaugur Reyni Sveinsson, ritstjóri Tæknivarpsins á Kjarnanum, segir að þó að tenging tölvuleikja við heilann sé eflaust langt undan sé sýndarveruleikataekni í þættinum alls ekki fjarri lagi. „Það eru til dæmis konnar græjur sem virka þannig að í stað þess að horfa á skjá er myndinni varpað á sjónhimnu sem gerir þetta mun raunverulegra. Það er líka verið að próa hanska, peysur og alls konar hluti sem þú klæðir þig í og þú skynjar það sem gerist í sýndarveruleikanum. Meiri sýndarveruleiki er augljóslega á næsta leiti. Þetta er þannig tækni að þegar þetta er gert vel getur þú orðið algjörlega háður. Það sem þarf hins vegar að gerast næst er að tækin verði betri og ódýrari. Þá er ekkert ólíklegt að margir fari að lifa að stórum hluta í sýndarveruleika. Áhrif þess að lifa í sýndarheimi geta verið mjög mikil, við þekkjum þetta bara frá Eve Online sem er sýndarheimur þó það sé ekki sýndarveruleiki. Þú býrð til persónu sem nær árangri og það eru dæmi um að menn komi hingað á Fanfest og sé fagnað eins og rokkstjörnum, en fara svo bara aftur heim til Bandaríkjanna að vinna í einhverju þjónustufyrirtæki.“

Fjarlæg framtíð: En þó að tækni sem tengir sýndarveruleika inn í heilann sé kannski fjarlæg í augnablikinu bendir Ólafur Andri á að þetta geti vel orðið mögulegt í framtíðinni: „Skynfæri okkar nota rafefnabod til að skynja og menn hafa verið að finna út hvernig þessar bylgjur hafa áhrif á þau. Heilinn er bara einhver efnasamsetning, flókið net margra tegunda fruma, og til að virkja hann eru rafboð að flæða um heilann. Þá geta menn ályktað að ef hægt er að herma eftir þessum rafefnabodum, mætti þá búa til hugsanir eða myndir í heilanum. Eða jafnvel eins og í þessu dæmi fá menn til að vera í einhverjum sýndarveruleika. Ofskynjunarlyf fara langt með þetta en hugsanlega mætti líka nota tæki sem gefa rafboð frá sér, eins og lítið tæki sem sett er á gagnaugað. Sem dæmi þá hafa menn þróað gerviauga (e. bionic eye) sem notar myndavél til að taka myndir af raunveruleikanum og varpa þeim yfir í rafboð sem tengd eru við heilann.“

Fjarstæðukennt: Það sem er fjarstæðukenndast í þættinum er hvernig hægt er að klóna manneskjur inn í stafrænan heim með því einu að skanna erfðaefni þeirra, eða eins og Gunnlaugur orðar það: „Parna eru heilar manneskjur klónaðar í tölvu bara út frá DNA í slefi þess. Ég er ekki viss um að þú getir fengið allar hugsanir manneskju, minningar og tilfinningar bara úr slefinu.“

Njósnotatæki í heila barns

Seríu 04. Þáttur 02

Nafn: Arkangel Leikstjóri: Jodie Foster

Hér er sögð saga af móður sem óttast að einkadóttir sín fari sér að voða í hinum hættulega heimi. Hún skráir dóttur sína í tilraunaverkefni þar sem tæki er komið fyrir í heila hennar með sprautu í gagnaugað. Í spjaldtölvu sem er tengd tækinu getur móðirin fylgst með staðsetningu dóttur sinnar og heilsu. Tækið getur líka miðað því sem stúlkan sér og getur móðirin fylgst með því í tölvunni. Þá getur hún lokað fyrir skynrænt áreiti sem hún telur geta haft slæmt áhrif á hana – ögnir, klám, ofbeldi, blótsyrði og svo framvegis – þannig að þegar hún upplifir eitthvað slíkt gerir tækið það óskýrt og ógreinilegt í huga hennar.



Fylgst með börnunum

Vinsæl armbandsúr gera foreldrum kleift að fylgjast nákvæmlega með staðsetningu barna sinna og hlusta á þau að þeim forspurðum.

Orðið að veruleika: Þátturinn byggir nokkuð augljóslega á eftirlitstækni sem margir foreldrar í dag eru farnir að nýta sér til að fylgjast með og vernda börn sín. Þetta eru bæði GPS-armbandsúr (til dæmis frá Woxlex) sem gefa foreldrum upp nákvæma staðsetningu barns og eru með innbyggðum hljóðnemum sem gerir þeim kleift að hlusta og snjallsímaforrit á borð við Teensafe eða Mamabear. „Það er mjög einfalt í dag að láta barnið þitt fá snjallsíma og setja forrit í hann þannig að þú getur fylgst nákvæmlega með öllu því sem það gerir. Með því að hafa bakdyraleið inn í símann getur þú vitað mjög mikið um líf barnsins án þess að það viti. Ég held að þetta sé hættuleg slóð, þú opnir ýmsar ormagryfjur. Það getur orðið mikill trúnaðarbrestur því þú færð svo mikinn aðgang. Nú á ég 13 ára dóttur sjálfur og hún eyðir örugglega meiri tíma í að spjalla við vini sína á Instagram frekar en í eigin persónu. Svo er jafnvel til hugbúnaður þar sem þú getur kveikt á myndavélinni og hljóðnemanum í tækinu. Þetta er líklega sá þáttur sem er næstur okkur í tækni,“ segir Gunnlaugur Reyni.

Í náinni framtíð: Næsta skref í þessa átt gæti verið að notast við snjallinsur á borð við þær sem Google hefur verið að próa undanfarin ár. Það er hins vegar umtalsvert flóknara að tengjast heilanum á þann hátt að tækið geti séð það sama og augu barnsins og svo miðlað því í spjaldtölvu. Möguleikinn gæti þó opnast fyrir slíkt með stórstíggum framförum í því hvernig tölvur eiga í samskiptum við heila (e. brain-computer interfaces) en mikil þróun á sér stað á því sviði um þessar mundir. Ólafur Andri bendir á að ef þetta takist ætti ekki að vera mikið mál að ritskoða það sem barnið sér, enda geti gervigreind nú þegar greint inntak mynda í rauntíma: „Gervigreind getur í dag greint myndir og séð nákvæmlega hvað er á þeim. Það er til dæmis hægt að þekja klám og blokka það út. Þetta meðal annars gert í vöfrum sem hægt er að stilla þannig að allt klám verði óaðgengilegt.“



Metsölulisti Eymundsson

Árið 2017

- 1 Með lífið að veði - Yeonmi Park
- 2 Myrkið veit - Arnaldur Indriðason
- 3 Saga Ástu - Jón Kalman Stefánsson
- 4 Gatið - Yrsa Sigurðardóttir
- 5 Löggan - Jo Nesbø

- 6 Nornin - Camilla Läckberg
- 7 Sakramentið - Ólafur Jóhann Ólafsson
- 8 Independent People - Halldór Laxness
- 9 Mistur - Ragnar Jónasson
- 10 Iceland in a Bag - Ymsir höfundar



Vinsælast á Spotify

Mest spilun 11. janúar

- 1 Út í geim - Birnir
- 2 Já ég veit - Birnir og Herra Hnetusmjör
- 3 Ungir strákar - deep mix - Floni
- 4 Rockstar - Post Malone og 21 Savage
- 5 Trappa - Floni

- 6 River - Eminem og Ed Sheeran
- 7 Perfect duet - Ed Sheeran og Beyoncé
- 8 B.O.B.A. - JóiPé og Króli
- 9 Labbilabb - Herra Hnetusmjör
- 10 Oh shit - JóiPé og Króli



Vinsælast í bíó

Helgina 5.-7. janúar

- 1 Jumanji
- 2 Star Wars: The Last Jedi
- 3 Ferdinand
- 4 Greatest Showman, The
- 5 Pitch Perfect 3

- 6 Father Figures
- 7 All the Money in the World
- 8 The Disaster Artist
- 9 Coco
- 10 Svanurinn



REDA RAUNVERULEKI



Minningar endursýndar

Sería 04. Þáttur 03
Nafn: Crocodile Leikstjóri: John Hillcoat

Í þættinum Crocodile, sem er tekinn upp á Íslandi, er sögð saga af konu á flótta undan skuggalegri fortíð sinni. Hún neyðist til að takast á við fyrri gjörðir sínar eftir að hún verður lykiltvítíni að óhappi þar sem sjálfakandi pítsubökunarbill slasar ungan mann. Í kjölfarið vill starfsmaður tryggingafélags fá aðgang að minningum hennar. Hún festir sérstakan tölvuhnað við gagnauga konunnar og fær þar með aðgang að minningunum og færir yfir á sjónrænt og hljóðrænt form á skjá. Stundum er hins vegar betra að muna ekki.

Orðið að veruleika: Sjálfakandi bílar eru auðvitað handan við hornið og ýmsar spurningar varðandi síðferðilega og fjárhagslega ábyrgð þegar þeir valda slysum hljóta að verða áberandi á næstu árum. „Þetta er mjög nálægt okkur í tíma, kannski bara 5 til 10 ár. Af hverju að vera með sendil frá Domino's ef það er einhver róboti sem getur séð um það. Og þá er spurningin, hvernig höndlum við það ef þessi tæki verða völd að slysum,“ segir Gunnlaugur.

Í náinni framtíð: Það er eflaust umtalsvert lengra í að það komi fram tæki sem geta grafið upp minningar fólks en Ólafur Andri telur þó að það geti vel verið mögulegt í einhverri mynd í framtíðinni. „Nú þegar hefur verið þróuð tækni sem getur séð hvað fólk er að hugsa, þannig er hægt að taka upp drauma fólks og hugsanir.“

Það má ímynda sér að með þeirri tækni sem Ólafur nefnir og nú er verið að þróa við Kaliforníuháskóla í Berkeley þar sem vísindamönnum hefur tekist að varpa upp óskýrum myndum af hugsunum og draumum fólks geti verið hægt að miðla myndrænt þeim minningum sem rifjadar eru upp. En hvort minningarnar sjálf séu svo áreiðanlegar er svo önnur spurning: „Heilinn er óáreiðanlegur með minningar og þær breytast með tímanum, eru varla staðreyndir þegar frá líður. Það mætti hins vegar hugsa sér tæki í framtíðinni sem komið er fyrir í heilanum sem „tekur upp“ allar hugsanir og sendir í skjálalaus til varðveislu. Þá gæti maður skoðað líf sitt aftur í tímann. Ef hægt væri að geyma líka stöðu rafboða sem framleiða tilfinningar, þá mætti líka endurskapa tilfinningar, til dæmis vellíðan eða upplifun á ást eða sorg.“



Sjálfskeyrandi pítsusendill Aðeins tíu dögum eftir að sjálfskeyrandi pítsusendillinn birtist í Black Mirror tilkynntu Pizza Hut og Toyota að fyrirtækin væru að vinna að því að þróa slíkt tæki.



Vélhundar taka yfir

Sería 04. Þáttur 05
Nafn: Metalhead Leikstjóri: David Slade

Í þessum þætti erum við stödd í tómlegum, eftir-heimsenda- legum heimi. Svo virðist vera sem mannkynið hafi misst stjórn á ógnvænlega harðgerum og vopnuðum öryggisvélhundum sem eiga í samskiptum sín á milli og hundelta allar manneskjur sem þeir finna.



Orðið að veruleika: Það er ekki laust við að það fari um mann hrollur þegar maður ber vélhundana í þessum þætti saman við vélhunda sem fyrirtækið Boston Dynamics hefur þróað. Myndbönd af hundunum sýna þá hlaupa, halda jafnvægi þrátt fyrir þung högg og jafnvel nota sérstakan arm til að setja í uppþvottavél. „Þeirra hugmynd er að hanna vélar sem geta farið yfir erfitt landslag og þurfa ekki vegi. Slíkt gæti nýst í alls kyns aðstæðum eins og fjallgöngu, leitum, eða hernaði,“ segir Ólafur. „Tækni til að láta vélmenni tala saman er líka komin og notuð. Þannig gæti gervigreind stýrt fjöldanum öllum af vélhundum. Slík gervigreind veit á hverri sekúndu hvar hver hundur er og á hve miklum hraða. Þá veit hún hvar fórnarlambið er og getur leiðbeint þessum vélhundum í rauntíma í að ná brád sinni.“

Snati litli Spotmini er nýjasti vélhundurinn frá Boston Dynamics, fyrirtæki sem tekst stöðugt að koma fólki á óvart með ótrúlegum róbotum.

Í náinni framtíð: Enn sem komið er vandamálið við hin ýmsu vélmenni hins vegar hvað líftími rafhláðanna er stutt, en að þessu er gert nokkuð grín í þættinum. „Það fer svo rosaleg orka í þetta, og það er kannski ástæðan fyrir því að vélmenni hafa enn ekki gert neitt af viti og demóin sem Boston Dynamics sýnir eru bara órfáar mínútur,“ segir Ólafur.



Meðvitundin lifir áfram

Sería 04. Þáttur 06
Nafn: Black Museum Leikstjóri: Colm McCarthy

Í síðasta þætti seríunnar eru sagðar nokkrar samtengdar sögur sem snúa að huganum og meðvitundinni. Í einni er sagt frá mistækum lækni sem fær heilaigræðslu sem er tengd við skynjara sem eru settir á höfuð sjúklinga, og gera honum þannig kleift að finna sársauka sambærilegan við þann sem sjúklingar hans upplifa. Í öðrum hluta sögunnar er það ung móðir sem lendir í dái en hugurinn starfar enn. Með nýstárlegri tækni er hægt að hlada niður huga hennar og koma fyrir í öðrum líkama. Þriðja sagan fjallar svo einnig um meðvitundina, en þar er það fangi á dauðadeild sem selur huga sinn að aftöku lokinni til að sjá fyrir fjölskyldu sinni. Huganum er hladið niður og hann tengdur við heilmýnd (e. hologram) af manninum, og er hafður til sýnis í safni. Þar geta gestir svo gerst bóðlar og sett fangann í rafmagnsstólinn aftur og aftur.

Fjarlæg framtíð eða ómögulegt: Það er óhætt að segja að enn sem komið er sé þetta fjarstæðukenndasti þátturinn þó að framtíðarspámennt á borð við Ray Kurzweil og Michio Kaku telji að einn daginn verði hægt að hlada niður huga fólks og færa milli líkama. „Það er rosalega lítið vitað í dag hvað meðvitundin er, það er hvernig hún virkar. Samkvæmt því sem menn halda þá er meðvitund sköpuð af viðbrögðum við rafefnaþöðum í heilanum. Hugsanlega mætti mæla þessi boð og endurgera þau. Ég held að rannsóknir á þessu séu stutt komnar þótt „brain-computer interfaces“ sé mjög áhugavert sem vaxandi fræðigrein,“ segir Ólafur.

Hann bendir líka á að menn séu farnir að þróa gervigreind sem hagar sér eins og ákveðinn einstaklingur, safna miklu magni upplýsinga um hvað hann segir, hvernig hann talar og svo framvegis. Síðan er hægt að eiga í samskiptum við gervigreind sem líkir eftir einstaklingnum – hvenær gervigreindin hættir að haga sér eins og einstaklingurinn og fer að upplifa sig sem þennan einstakling er svo önnur og heimspekilegri spurning.

Ástin reiknuð út

Sería 04. Þáttur 04
Nafn: Hang the DJ Leikstjóri: Tim Van Patten


Í þessum þætti erum við stödd í framandlegum afgirtum heimi þangað sem einstaklingar fara til að finna sér maka. Við erum stödd inni í stefnumótafortiti. Einum á eftir öðrum er einstaklingum úthlutað tímabundnum mökum til prufu, en lofordið felst í því að forritið reikni að lokum út hinn fullkomna maka og pari rétta fólkid saman. Stefnumótafortitið er sagt reikna út með 99,8 prósentu nákvæmni hvort tveir einstaklingar eigi saman.

Orðið að veruleika: Ólafur Andri bendir á að stefnumótafortit á borð við þetta séu nú þegar komin fram: „Belong er til dæmis stefnumótaraapp sem notar gervigreind til að para saman einstaklinga.“

Úr öllu því upplýsingamagn sem við skiljum eftir okkur sé hægt að greina hver við erum og jafnvel spá fyrir um hegðun okkar og langanir betur en við sjálf gætum gert. „Facebook gerði könnun um persónuleika fólks byggða á „likes.“ 86.220 sjálfboðaliðar tóku persónuleikaprófið. Facebook tók prófið líka fyrir þá og notaði þá „like“ sögu þeirra, hvaða síður þeir fóru á og hvaða myndir voru skoðaðar og áframsendrar og svo framvegis. Niðurstöðurnar voru að algöryþminn þurfti aðeins 10 like til að vera nákvæmari en vinnufélagi, 70 like til að vera nákvæmari en vinur, 150 fyrir fjölskyldu og 300 fyrir maka. Sem sagt, Facebook veit meira um þig en makinn, fjölskyldan og allir sem þú þekkir. Í næstu kosningum ættum við að láta Facebook bara kjósa fyrir okkur.“

Ómögulegt: Ólafur Andri og Gunnlaugur álíta þó báðir að erfitt sé fyrir forrit að sjá algjörlega um makavalið fyrir okkur enda sé það ekki endilega rökleig og útreiknanleg ákvörðun þegar maki er valinn. „Ég held að þetta sé eins og með alla svona útreikninga, það vanti alltaf þennan tilfinningalega mannlega þátt,“ segir Gunnlaugur.

„Þegar við veljum eitthvað er það ekki bara byggt á skynsemi eða rökum heldur bara þeim tilfinningum sem við upplifum á þeim tímapunkti.“



Hjálp með makavalið Stefnumótafortitið Belong notar algöryþma til að reikna út hver sé líklegastur til að henta þér sem maki.

PARTÝ, PARTY, PARTY



Stuð á litla sviðinu Bryndís Schram skemmti sér vel yfir Skúmaskoti, nýju barnaleikriti eftir Sölku Guðmundsdóttur.

Þegar ég var í denn að byrja að uppgötva heiminn í París, man ég, hvað ég var heilluð af hugmyndinni um leikhús alþýðunnar – Théâtre Nationale Populaire. Hugmyndin um slíkt leikhús hafði kviknað á árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina og Evrópa í rúst. Háir sem lágir, fátækir sem ríkir, skyldu eiga þess kost að sækja sér menntun og afþreyingu í leikhúsið fyrir hóflegt verð – og var þá tekið mið af verði gass og rafmagns, að sagt er – sem eru líka lífsnauðsynjar. Á sjöunda áratugnum stóð Théâtre Nationale Populaire á hátindi frægðar sinnar, naut mikilla vinsælda, einkum meðal alþýðunnar og fátækra stúdenta, sem áttu þess kost að sækja leikhús fyrir andvirði eins kaffibolla. Þarna sá ég verk eftir Molière, Ibsen og Brecht í fyrsta sinn. Ógleymanlegar stundir – lærdómsríkar og upplýftandi. Théâtre Nationale Populaire er að vísu ekki til lengur í upprunalegri mynd. Nýfrjálshyggjan ræður þar för sem víðar. Arðurinn skilar sér til hluthafa í lok hvers árs.

Þetta rifjaðist upp fyrir mér, þegar ég leit augum aðgangseyri að Skúmaskoti, nýjasta verki Sölku Guðmundsdóttur, sem er ætlað börnum átta ára og eldri og var frumsýnt um seinustu helgi. Miðinn slagar upp í fimm þúsund kallinn – og mig sundlaði. Foreldrar og tvö börn, tuttugu þúsund krónur! Þetta háa verð er beinlínis ávísun á stéttaskiptinguna umtöluðu, misskiptingu milli ríkra og fátækra. Milli þeirra sem hafa ekki efni á að kaupa sér miða og hinna, sem gera það án þess að spyrja um verð. Leikhúsin eru að hugsa til framtíðar, gott og vel. Börn sem venjast á það að fara í leikhús frá unga aldri, ánetjast leiklistinni og eru fastagestir framtíðarinnar – tekjulind leikhúsanna. En leikhúsin þurfa að gera meira. Þau þurfa líka að hugsa um þau, sem minna mega sín, þarfnast leiðsagnar, menntun-

Leikhús

Bryndís Schram
ritstjorn@dv.is

Skúmaskot



Höfundur: Salka Guðmundsdóttir
Leikstjórn: Gréta Kristín Ómarsdóttir
Leikarar: Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir, Halldór Gylfason og Marianna Klara Lúthersdóttir.
Leikmynd og búningar: Eva Signý Berger
Leikgervi: Elín S. Gísladóttir
Lýsing: Juliette Louste
Tónlist: Axel Ingi Arnason
Hljóð: Ólafur Örn Thoroddsen
Sýningarstjórn: Þórey Selma Sverrisdóttir.
Sýnt í Borgarleikhúsinu

ar, hjálpar. Eru varnarlaus í þessu stríði um krónur og aura og þegar komin út í afkima þjóðfélagsins. Þau eiga sér líka framtíð, sem þarf að huga að. Er ekki kominn tími til að endurvekja hugsjónina um leikhús alþýðunnar? Börnum er skylt að sækja skóla, og þess er ekki krafist, að þau borgi aðgöngumiðann – að minnsta kosti ekki framan af. Leikhúsið þjónar hliðstæðu hlutverki. Það opnar okkur sýn á okkur sjálf og samfélagið og víkkar sjóndeildarhringinn. Það má ekki verða lokaður forréttindaklúbbur. Er það ekki verðugt samfélagsverkefni að opna dyr leikhússins fyrir barnafjölskyldum, rétt eins og dyr skólanna?

Æsispennandi atburðir

Alla vega – ég er mikill addandi Sölku Guðmundsdóttur og er búin að hlakka lengi til að sjá annað verk eftir hana. Hið fyrra var Súldarsker, sem ég tel meðal allra bestu verka, sem ég hef séð í íslensku leikhúsi. Tvær aðkomustúlkur í litlu þorpi fyrir vestan og gera allt vitlaust – í orðins fyllstu merkingu. Alger snilld!

Nema hvað, sýningin í Borgarleikhúsinu hefst með skemmtilegri innkomu Halldórs Gylfasonar,

kaupmanns í Skeifunni, sem án fyrirhafnar slær á létta strengi og kemur okkur öllum í gott skap – er reyndar mjög léttur í hreyfingum líka – svo að eftir er tekið. Sýningin lofar góðu, og augljóst að Salka er í essinu sínu. Við erum öll strax farin að hlæja, jafnvel þótt við séum sum ekki einu sinni orðin átta ára og höfum aldrei farið í leikhús áður.

Skömmu seinna birtast tvær systur, sem eru hvor annarri skrárnari og mælskari. Það eru þær Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir, sem eiga eftir að koma okkur á óvart aftur og aftur með orðgnótt, fimi, leikbrellum og sannfærandi leik. Þær eru svona dæmigerðir unglingar, sem hanga yfir appinu og lifa í ímyndaðri veröld. Vildu helst vera lausar við afdankaða foreldra, sem eru alltaf að rífast og leyfa þeim ekki einu sinni að stunda party um nætur. Party, party, þær hugsa ekki um annað. Og þeim verður að ósk sinni. En partýstaðurinn er í undirheimunum, og þá flækjast málin óhjákvæmilega.

Undirheimarnir eru í afkimum holræsa borgarinnar – líklega í nágrenni við Skeifuna. Þar gerast æsispennandi atburðir, sem maður þarf að leggja sig allan fram um að fylgjast með – ég tala nú ekki um, ef maður er bara átta ára og í fyrsta skipti í leikhúsi. Halldór, í gervi kaupmannsins, dettur um tíma út úr sögunni (sem er ósanngjarnt, því að hann er svo skemmtilegur og fyndinn), en í staðinn er kominn sami Halldór í gervi húsvarðar holræsanna. Gersamlega óþekktanlegur, auk þess sem hann segir ekki orð. En léttar hreyfingar koma upp um hann.

Fyrirferðarmikil umgerð

Svo er þarna sú sem öllu ræður í holræsunum, Marianna Klara Lúthersdóttir. Hún er svo skörugleg að maður bara beygir sig í duftið. Mér til mikillar gleði sá ég, að þarna er komin ein af mínum



Við erum öll strax farin að hlæja, jafnvel þótt við séum sum ekki einu sinni orðin átta ára og höfum aldrei farið í leikhús áður.

uppáhaldsleikkonum – sú sem sló í gegn um árið í Súldarskeri. Og ekki hefur krafturinn dvínað – ég sæi hana alveg fyrir mér í hlutverki lafði Macbeth. Hún mundi rúlla henni upp með glæsibrag. Um tíma eru systurnar í lífsháska. Þeim tekst þó að lokum að ryðja sér braut út úr holræsunum og komast aftur til manna. Og bjarga lífi húsvarðarins, sem er reyndar tvíburabróðir kaupmannsins í Skeifunni, sem þess vegna datt um tíma út úr sögunni. Já, Halldór er sem sagt í tveimur hlutverkum og fer létt með það.

Það mætti næstum halda, að sýningarstjórnin, ásamt leikmyndasmíði, ljósameistara og

tónlistarfólki, hafi fengið frjálsar hendur og flippað út. Á einhvern óskiljanlegan hátt tekst þeim í þessu litla rými að tengja saman tvo heima, ofanjarðar og neðan, eins og ekkert sé eðlilegra. Og holræsin eru svo óttavekjandi, að ungir áhorfendur varpa öndinni heyranlega, þegar systurnar tvær með húsvörðinn og nýju vinkonu sína í eftirdragi snúa til mannheima – aftur komin til kaupmannsins í búðinni, þar sem bara fást lífrænt ræktaðar baunir.

En hvað er þá að segja um þetta leikhúsverk, ætlað börnum eldri en átta ára? Salka hefur frjóva hugsun og kann vel til verka. Samtölin eru leikandi létt, og henni lætur vel að túlka hugsun barna og unglinga. Það hefur hún fyrir löngu sýnt og sannað. En einhvern veginn er eins og umgerðin að verkinu sé of fyrirferðarmikil. Tæknibrellurnar draga athyglina frá textanum – boðskapnum. Hann týnist í öllum hamaganginum. Það hefði verið til bóta að stytta verkið, þetta það, gera það einfaldara og auðskiljanlegra – og leyfa Sölku að hafa orðið. ■

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

- Með eftirtöldum aukabúnaði
- 1- Rúmbreyting í eitt stórt
 - 2- Gólfhiti Rafmagns
 - 3- Sjónvarpsfesting á lið
 - 4- Rafgeymakerfi
 - 5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
 - 6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.300.000



Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

OUTLANDER INSTYLE - Verð 4.760.000 kr.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA
ÁBYRÐ**
Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum



B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Birta

„ÉG ER ALLTAF AÐ
GALDRA EITTHVAÐ“

Eva Hauksdóttir „norn“ í skemmtilegu viðtali um óbeit sína á femínistum og hvernig það var að finna ástina í gegnum bloggð.

44-46

DAGUR Í LÍFI SIGMUNDAR ERNIS

38



Súrmjólk á morgnana og taílenskur á kvöldin. Fjölmiðlamaðurinn og hversdagslíf hans.

FERÐAST UM SUÐUR-KALIFORNÍU

40



Heilræði og ábendingar fyrir ferðalanga sem hyggja á ferð til Suður-Kaliforníu.



50

UPPSKRIFT

Mexíkósk ídýfa fyrir kósíkvöldið.

48



AFMÆLIS-BÖRN VIKUNNAR

Davíð Oddsson sjötugur.



48

EPAL-HOMMAR OG KYN-VILLINGAR

Orðabanki Birtu veltir fyrir sér uppruna og merkingum orða í íslenskunni.

Aðvörun! Miðaldrakrísa í uppsiglingu, vinsamlega sýnið stillingu

Pegar fólk kemst á miðjan aldur, svona upp úr fertugu, grípur það stundum ógurleg tilvistarkreppa og þetta er að sjálfsgöðu vel þekkt.

Hjá körlum kallast kreppan „grái fiðringurinn“ og birtingarmyndirnar eru nokkuð staðlaðar þótt mennirnir sjálfir geti verið mjög ólíkir.

Dæmigerður nútímakarl í þessari miðaldrakrísu kemur sér úr löngu hjónabandi með undarlegri hegðun (því ekki ætlar hann að eiga frumkvæði að skilnaði).

Ef hann er ekki þegar búinn að niðurhala Tinder í snjallsímann þá er næsta skref að kaupa eitthvert farartæki. Til dæmis rándýrt reiðhjól og – auðvitad – kort í ræktina.

”Hann ímyndar sér að framundan séu góðir tímar. Alls konar deit með alls konar konum, skrautlegt kynlíf og skemmtilegar íþróttiferðir með „strákunum“.

Hann ímyndar sér að framundan séu góðir tímar. Allskonar deit með allskonar konum, skrautlegt kynlíf og skemmtilegar íþróttiferðir með „strákunum“ en eftir sirka tvö til þrjú ár rennur það upp fyrir aumingja manningum að hann er ekkert betur settur án fjölskyldunnar og fyrrverandi. Pabbahelgarnar liðnar hjá og hundleiðinlegt að borða alltaf einn.

Konur í sömu krísu, sem við gætum kallað „fjólubláa fiðringinn“, hegða sér aðeins öðruvísi. Fyrsta skrefið er vanalega einhver fegrunaraðgerð,

mikil sjálfskoðun og umbylting í mataræði en á sama tíma drekka þær ósköpin öll af rauð- og hvítvíni. Þær fara í jóga eða reiðhjóláhópa og lýsa því svo háfleygt yfir að þær ætli ALDREI AFTUR Í SAMBÚÐ en á sama tíma fá allir Tinder-ræflarnir, sem ekki eru með góða innkomu, að fjúka til vinstri. Það er svolítið merkilegt að hver árgangurinn á fætur öðrum skuli fara í gegnum þessa krísu.

Er ekki bara hægt að vara fólk við þessu eins og öðrum veðrabreytingum? Afhenda leiðbeininga-bækling þegar menn koma í fyrstu blöðruhálsþreyfinguna í mars og konur fá fyrsta Vagifem-pakkann?

Skilnaður er kostnaðarsamt uppátæki og eftirleikurinn getur verið óskaplega flókinn. Að reyna að púsla saman nýrri heild með nýjum maka, hans/hennar uppkomnu börnum og fyrrverandi. Biddu fyrir þér.

Þá erum við fyrst að tala um alvöru tilvistarkreppu!

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
MARGRET@DV.IS





SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Fótbolti með her af miðaldra hvítum körlum, ljóðalestur og taílensk matargerð



Dagur í lífi

Sigmundur Ernir Rúnarsson fæddist á Akureyri þann 6. mars 1961 og verður því 57 ára á þessu ári. Hann er sonur þeirra Rúnars Heiðars Sigmundssonar viðskiptafræðings og Helgu Sigfúsdóttur, skrifstofumanns og húsmóður. Sigmundur á þrjú alsystkin, þau Gunnar Örn (1956), Sigrúnu (1957) og Guðrúnu Sigfríð (1967). Að loknu menntaskólanámi á Akureyri flutti hann til höfuðborgarinnar og byrjaði að vinna sem blaðamaður á Vísi sem síðar sameinaðist DV. Þetta var árið 1981. Síðar hefur Sigmundur unnið á Helgarpóstinum og hjá Ríkissjónvarpinu en lengst af starfaði hann sem fréttamaður á Stöð 2 eða í alls tvo áratugi. Hann var þingmaður Samfylkingarinnar frá 2009 til 2013 og þegar því starfi lauk opnaði Sigmundur Ernir sjónvarpsstöðina Hringbraut ásamt fleiri fagmönnum. Sigmundur hefur gefið út um tuttugu bækur á tæpum fjórtíu árum. Sú fyrsta, Kringumstæður, kom út árið 1980 en síðasta bók hans, Rúna, orlagasaga, kom út fyrir síðustu jól. Sigmundur býr á Laufásveginum ásamt eiginkonu sinni Elínu Sveinsdóttur sjónvarpsframleiðanda og tveimur börnum, þeim Erni, 21 árs, og Auði, 13 ára, en Birta 27 ára og Rúnar, 25 ára, eru flogin að heiman. Fyrir átti Sigmundur tvö börn, þau Eydís Eddu (f. 1985–d. 2009) og Odd sem nú er þrítugur.

07.00
Ég vakna yfirleitt klukkan sjö, tek mig til í ró og næði og fæ mér góðan morgunmat. Soðið egg, súrmjólk með púðursykri og kornflexi og svo kaffi með pínulítilli mjólk. Þá kem ég dóttur minni í Landa-

BESTA RÁÐ SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ GEFIÐ?

Ég held að það hafi verið Böðvar Guðmundsson sem sagði mér að það væri ekkert jafn mannþætandi og að lesa góða bók.

HVAÐ ER BESTA RÁÐ SEM ÞÚ HEFUR GEFIÐ?

Að hætta að flýta sér. Maður græðir ekkert á því. Það kemur oftast í ljós að það hefur ekkert upp á sig að flýta sér. Maður kemur bara fyrir að næsta rauða ljósi.

HVAÐ VILDIRÐU AÐ ÞÚ HEFDIR VITAÐ FYRR?

Ég vildi að ég hefði vitað hvaða ánægju það gefur mér að ganga á fjöll. Það eru svona fimmtán ár síðan ég byrjaði þessa iðju og það er fátt í lífinu sem veitir mér meiri ánægju.

kotsskóla, ýmist gangandi, hjólandi eða á bíl og því næst kem ég mér sjálfum mér í vinnuna og er þá mættur fyrstur manna.

08.00–09.00

Það fyrsta sem ég geri þegar ég mæti til vinnu er að lesa öll dagblöð upp til agna því ég hef alltaf verið mikill öfgamaður í blaðalestri. Upp úr níu fer ég svo að huga að fyrstu upptöku dagsins. Í morgun skoðaði ég til dæmis leikmyndina að þætti mínum Heimilið sem fjallar um rekstur og viðhald heimilisins, valdi réttu fötin fyrir þann þátt og fór svo í smink. Ég er með fjóra fasta þætti í viku á Hringbraut. Fyrir utan Heimilið er einn þáttur sem fjallar einn um ferðalög, svo er ég með Ritstjórana, þar sem fjölmiðlafólk ræðir viðburði vikunnar, og að lokum Mannamál sem er meira á persónulegum nótum.

”Eftir boltann mæti ég í vinnuna aftur, skelli í mig bollasúpu og tveimur hrökkbrauðum.

11.00

Að loknum upptökum huga ég að vefnum hringbraut.is og skrifa þar inn fréttir en fyrir klukkan tólf liggur leiðin í Laugardal þar sem ég spila útifótbolta með vinum mínum þrisvar í viku og þá gildir einu hvernig viðrar. Í þessum hópi eru til dæmis þeir Einar Kárasón, Friðrik Þór Friðriksson, Egill Örn Jóhannsson bókaútgefandi, Bjarni Hafþór Helgason fjárfestir og fleiri þjóðþekktir menn. Í raun er þetta heill her af miðaldra, hvítum karlmönnum.

13.00

Eftir boltann mæti ég í vinnuna aftur, skelli í mig bollasúpu og tveimur hrökkbrauðum sem er minn hefðbundni hádegismatur. Þá er það upptaka á næsta þætti og aftur eru það viðeigandi fót og smink. Að þessu búnu, eða svona um klukkan þrjú, sný ég mér aftur að því að skrifa fréttir og svo nota ég restina af deginum til að huga að tilfallandi verkefnum sem eru framundan. Til dæmis er ég að gera fræðsluþætti um sjón og heyrn, Alþýðusamband Íslands og sitthvað fleira. Svo fer líka endalaus tími í að svara tölvupósti.

17.00

Að vinnudeginum loknum, eða

upp úr klukkan fimm, tekur við heilög stund í Vesturbæjarlauginni. Þar á ég góðan tíma með sjálfum mér og öðru fólki sem dólar fáklætt í alls konar veðrum. Helst geng ég eða hjóla í laugina og kem svo við í Melabúðinni á heimleiðinni til að kaupa eitthvað í kvöldmatinn. Stundum kíki ég við á Dönsku kránni og fæ mér smá hressingu fyrir eldamennskuna framundan.

19.00

Upp úr sjö byrja ég að elda en ég sé alltaf um matseldina heima hjá mér. Það er allur gangur á því hvað það eru margir í mat því konan mín, sem starfar til dæmis hjá RÚV, er svo oft að vinna fram eftir á kvöldin. Hvað er í matinn? Ég elda allan andskotann. Til dæmis indverskan og taílenskan mat en aðallega reyni ég að elda eins mikið af íslenskum fiski og ég get og leggja áherslu á fjölbreytni í mataræðinu.

21.00

Yfirleitt sest ég við tölvuna og fer að skrifa bækurnar mínar eftir kvöldmat. Núna er ég að vinna í þremur, fjórum bókum samhliða. Ein er ljósmyndabók með prósum eftir mig, önnur er ævisaga sem kemur út í haust og þriðja er minningabók. Svo er maður alltaf með ljóðabók í vinnslu.

23.30–00.30

Oftast fer ég að sofa milli hálf tólf og hálf eitt. Uppi í rúmi les ég eins mikið af ljóðum og ég kemst yfir, það er að segja áður en ég sný mér að Elínu minni sem kemur stundum heim upp úr ellefu en um leið og hún leggur höfuðið á koddann þá slökkvum við ljósið.

Ljósmyndasýning í Lækninga- minjasafninu á Seltjarnarnesi



Mynd Ljósmyndaskólinn

Föstudaginn þann 12. janúar, kl. 17.00 opna útskriftarnemendur Ljósmyndaskólans sýningu í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi.

Að þessu sinni útskrifast sjö nemendur: Berglaug Petra Garðarsdóttir, Dána Júlíusdóttir, Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir, Pamela Perez, Sara Björk Þorsteinsdóttir, Sólveig M. Jónsdóttir og Therese Precht Vadum.

Verkefni útskriftarnemenenda eru fjölbreytt og viðfangsefni af ýmsum toga. Meðal annars er þar fjallað um röskun líkamsímynda,

Meðal annars er þar fjallað um röskun líkamsímynda, skynjun og fordóma, aðgreiningu hins karlmannlega og kvenlega og sjónum er beint að hinu smáa í nærumhverfinu.

skynjun og fordóma, aðgreiningu hins karlmannlega og kvenlega og sjónum er beint að hinu smáa í nærumhverfinu. Einnig er hlut-

gerving kvenna í myndmáli rannsókuð og áhrif samfélagsmiðla á líf samtímamanneskjunnar skoðuð. Meðal verkanna er líka skrá-


setning á lífi fjölskyldu sem hefur sumardvöl á Galtarvita sem og lífinu í Þórkötlustaðarhverfinu ... en sjón er sögu ríkari.

OPNUNARTÍMI

Opnunardaginn þann 12. janúar er opið til kl. 19.00 Laugardaga og sunnudaga kl. 12.00–18.00 Fimmtudaga og föstudaga kl. 15.00–19.00

Sýningin stendur til sunnudagsins 4. febrúar og verður hluti af Safnanótt sem haldin er á Vetrarhátið. Á Safnanótt 2. febrúar, verður opið frá 19.00–23.00.

Mynd Gunnlöð



Led húsnúmer

Jólagjöf hússins · sérsmíðum númer á öll hús

· sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

• Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp og við setjum það á facebooksíðuna okkar

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.

Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



Ferðalög

„SEEMS IT NEVER SOUTHERN CAL



MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
margret@dv.is



Sæluríkið Suður-Kalifornía afmarkast frá svæðinu sem liggur niður af Los Angeles í átt að San Diego til landamæra Mexíkó. Þar eru veðurskilyrði með afbrigðum góð en mestan part ársins er hitastigið í kringum 20–25 gráður.

Í þessari grein ætla ég að stikla á stóru um svæðið í kringum Los Angeles og strandbæina þar í kring en margir hafa líkt þeim, og fleiri stöðum í þessu frábæra fylki, við paradís á jörðu.

Fyrst og fremst mun ég þó leitast við að deila gagnlegum ráðum um hvernig maður fær sem mest út úr ferðalaginu, því grein um allt

sem hægt er að gera í Suður-Kaliforníu þyrfti miklu fleiri blaðsíður, ef ekki heila bók og jafnvel sjónvarpsþátt í kjölfarið.

LOS ANGELES

Borgin Los Angeles dreifist yfir mjög stórt svæði sem skiptist í nokkur hverfi eða umdæmi sem mörg hver eru ótrúlega mismunandi hvað varðar íbúa og menningu. Meðal þessara hverfa eru til dæmis Beverly Hills, Brentwood, Hollywood, Koreatown, Compton, Silverlake, Echo Park og Santa Monica en flestir kannast líklega við að hafa heyrt á þau minnst í sjónvarpsþáttum eða kvikmyndum. Sumir halda að L.A. sé ægileg glamúrborg en það er í raun talsýn eins og svo margt annað sem frá henni kemur. Partí í heimahúsum eru þar miklu algengari en næturlúbbasamkomur en ef fólk

” Sem dæmi má nefna hótulgistingu, nudd, siglingu, siglingu og vínsmökkun, þyrflug, þyrflug með ljósmyndum, B-12-sprautur (án gríns), botox-sprautur (án gríns), tónleika, gönguferðir með leiðsögn, kajakferðir, brettakennslu og svo framvegis og svo framvegis.



ræktinni eða á framandi jóganámskeiði.

Gatan Sunset Boulevard, sem Donna Summer söng um á sínum tíma, er slagæð borgarinnar, alls 35 kílómetrar að lengd. Upphaf hennar er við Kyrrahafsströndina hjá Pacific Palisades-hverfinu og hún endar við Figueroa Street í „downtown“ Los Angeles en eftir henni er mjög gaman að aka. Til dæmis er upplagt að taka einn rúnt eftir götunni og hlusta

langar að sýna sig og sjá aðra þá er töluvert líklegra að það gerist í einhverjum tólf spora hóp, í



R RAINS IN IFORNIA"



á Neil Young, Eagles eða America eða aðra dæmigerða Kaliforníu-tónlist til að fá stemninguna beint í æð.

Enginn miðborgarkjarni - Meira gaman við ströndina

Það háir borginni svólitið sem ferðamannastað að þar er enginn sérstakur kjarni líkt og í flestum öðrum borgum enda reis hún upprunalega í kringum olíulindir og síðar kvikmyndaverin, en sá hefur verið helsti iðnaður borgarinnar síðustu hundrað árin eða svo. Downtown-hverfið ber til dæmis ekki nafn með réttu því það er í raun enginn miðbær heldur einungis þyrping skýjakljúfa sem hýsa stofnanir, banka og aðrar fjármálastofnanir. Hollywood-hverfið hefur töluvert meira aðdráttarafl þótt þar sé heldur enginn hefðbundinn miðbær.

Í Suður-Kaliforníu er hins vegar ótal margt að sjá og skoða en strandbæirnir sem liggja meðfram Kyrrahafsströndinni eru hver



öðrum skemmtilegri. Í raun mæli ég eindregið með að fólk finni sér gistingu í einum slíkum bæ og keyri heldur inn til Los Angeles í dagsskóðunarferðir því þá er hægt að upplifa það besta úr báðum heimurum, sóla sig á ströndinni,

baða sig í sjónum og læra að standa á brimbretti en aka svo inn í borgina af og til. Sé nægur tími fyrir hendi er jafnvel hægt að bruna upp í fjöllin og renna sér á skíðum eða skoða syndaborgina Las Vegas svo fátt eitt sé nefnt. ▶

GAGNLEG FERÐARÁÐ

FLUGIÐ

Dvöl í Kaliforníu ætti aldrei að vera styttri en að minnsta kosti tíu dagar. Í fyrsta lagi er flugferðin vestur eftir tæpir tíu tímar í beinu flugi, í öðru lagi tekur það líkamann smá tíma að jafna sig á því að það er átta klukkutíma mismunur á milli tímabeltanna og í þriðja lagi er svo ótal margt að sjá og skoða á þessu svæði að tíu dagar eru algjört lágmark. Lengi vel var ekki hægt að komast til vesturstrandar Bandaríkjanna nema með millilendingum í til dæmis Denver eða Seattle og verðið var eftir því en nú er öldin svo sannarlega önnur. Samkvæmt dohop.is kostar óýrasta fargjaldið til Los Angeles aðeins 36.997 krónur fram og til baka ef flogið er út með WOW air á Valentínusardegi, 14. febrúar og aftur heim þann 28. febrúar.

BÍLALEIGUBÍLAR

Almenningssamgöngur í Suður-Kaliforníu eru hálfvonlausar og þess vegna mæli ég 100% með því að fólk leigi sér bíl. Suma óar við að aka um á hraðbrautum en það venst mjög fljótt enda umferðarmeningin góð og ökumenn almennt mjög tillitssamir. Ef tveir eða fleiri ferðast saman er hægt að nota „carpool“ akreinar sem eru mun greiðari og það er frábært því á álagstímum getur umferðin orðið óbærilega hæg.

Ferðalangar ættu að ferðast að leggja upp í ökuferðir, eða snúa til baka úr þeim, á þeim tímum sem heimamenn fara til og frá vinnu en þetta er aðalega milli sjö og tíu fyrir hádegi og frá þrjú til sex eftir hádegi.

Marga dreymir um að bruna eftir PCH eða Pacific Coast Highway á blæjubíl enda er það algjörlega æðislegt, en athugið að ef fleiri en tveir eru að ferðast saman í hóp er ómögulegt að koma farangri fyrir í slíkum bíl þar sem blæjan er felld niður í skottið og tekur þannig allt plássíð.

Að leigja Mustang-blæjubíl kostar í kringum 100.000 krónur fyrir tvær vikur en sportjeppi á borð við Toyota Rav er í kringum 50.000 skv. upplýsingum frá dohop.is.


Biladellufólk getur reyndar auðveldlega skipt bílunum út og þannig væri til dæmis hægt að byrja ferðina á hefðbundnum fólksbíl en skipta svo yfir í blæjubíl síðar á ferðalaginu. Bílaleigur eru á öðru hverju horni og þjónustulund Kaliforníubúa á stigi sem var örugglega hannað í himnaríki. Maður veit ekki hvað góð þjónusta er fyrr en maður hefur heimsótt Kaliforníu.

UBER

Segja má að Uber-kerfið hafi bjargað mörgum á þessu svæði en þessir þægilegu leigubílar eru bæði aðgengilegir og ódýrir. Að ferðast eingöngu með Uber yrði þó of kostnaðarsamt til lengdar og því mæli ég heldur með bílaleigubílum til að flakka á milli staða en svo um að gera að bjalla í Uber ef fólk vill fá sér glas.

SIM-KORT

Fyrsta verk eftir lendingu ætti að vera að kaupa SIM-kort en þetta er hægt að gera hjá til dæmis AT&T, T-Mobile eða öðru símafyrirtæki. Enn eru engir góðir samningar milli Íslands og Bandaríkjanna og ekki viltu setja þig á hausinn með símareikningi eftir að heim er komið. Gagnamagnið notarðu til að komast á milli staða með Google Maps, bóka borð á veitingastað með opentable.com, finna næsta Starbucks-kaffihús eða tékka á hvenær mest er að gera hjá Universal svo fátt eitt sé nefnt.



GROPON

Þetta hljómar kannski undarlega en Groupon-appið og tilboðin sem maður finnur þar eru algjör sníll. Groupon er á margan hátt fyrirmyndin að Hópkaupum nema hvað úrvalið af vöru, þjónustu og afþreyingu er margfalt á við það sem við sjáum hér. Þú getur einnig kíkt á vefinn <https://www.groupon.com> og slegið inn nafnið á svæðinu sem er næst gististaðnum. Þá kemur upp fjöldinn allur af góðum tilboðum í margs konar afþreyingu og þjónustu. Sem dæmi má nefna hótलगistingu, nudd, siglingu, siglingu og vínsmökkun, þyrflflug, þyrflflug með ljósmyndum, B-12-sprautur (án gríns), botox-sprautur (án gríns), tónleika, gönguferðir með leiðsögn, kajakferðir, Brettakennslu og svo framvegis.

GISTING

Nú fer það alveg eftir fjölda ferðalanga hvaða valkostur er ákjósanlegastur hvað gistingu varðar en hugguleg Airbnb íbúð í göngufæri við góða strönd er örugglega langskemmtilegasti kosturinn. Ég mæli með að fólk kanni gistingu í strandbæjum á borð við Laguna Beach, Newport Beach, Hermosa Beach, Huntington Beach, Dana Point – eða jafnvel Malibu Beach ef menn vaða í seðlum upp að geirvörtum. Einnig væri hægt að leigja eitthvert fallegt slot í Hollywood en þá er um að gera að reyna að finna húsnæði með sundlaug svo fólk geti nú skolað af sér á milli sólbaða. Annar valkostur er að skrá eigið húsnæði á vefi eins og homestay.com eða lovehomestay.com en þar geta húsnæðiseigendur skipst á íbúðum eða húsum og komið út á sléttu.

VINSÆLIR FERÐAMANNASTADIR Í L.A.




GRIFFITH OBSERVATORY Frá stjörnuskoðunarstöðinni í Griffith-garðinum er frábært útsýni yfir alla Los Angeles og þaðan er hægt að skoða Hollywood-skiltið frá. Þetta er einn allra vinsælasti staður borgarinnar þannig að reynið endilega að mæta á hádegi á virkum dögum til að lenda ekki í ösinni sem myndast stundum um helgar þegar heimamenn sjálfir eru í frí frá vinnu.

HOLLYWOOD WALK OF FAME

Bleiku stjörnur og fótsporin í stéttinni fyrir framan Chinese Theatre á Hollywood Boulevard eru það kennileiti sem flestir tengja við drama-borgina, að skiltinu góða undanskildu. Þennan stað er virkilega gaman að heimsækja, þó ekki sé nema til að leggja lófann við afsteypu af lófa upp-haldsstjörnunna þinnar og gá hvort þið hafið kannski notað sömu skóstærð.



THE GROVE Í Hollywood líta heimamenn á The Grove sem sinn miðbæjar- og verslunarkjarna þó ekki séu nema sextán ár síðan þessi verslunarmiðstöð, sem líkir eftir krúttlegum miðbæ einhvers staðar í Mexíkó, var formlega opnuð. Þar er lítið sætt torg með gosbrunni, sætur sporvagn, kvikmyndahús, veitingastaðir og fjöldi verslana sem flestir ættu að hafa gaman af að skoða.



SANTA MONICA PIER Parísarhjólið við skemmtigarðinn á bryggjunni við Santa Monica er mjög þekkt kennileiti í Los Angeles enda ófáar kvikmyndasnur sem þar hafa verið kvikmyndaðar. Barna- og fjölskyldufólk ætti að leggja leið sína til Santa Monica og njóta dagsins í þessum garði sem er miklu ódýrari skemmtun en til dæmis Universal Studios þó að þangað sé virkilega gaman að koma líka.



UNIVERSAL STUDIOS

Það er mikilvægt að gefa sér góðan tíma í Universal Studios en þar er ótrúlega margt að sjá og skoða. Helst ætti fólk að vakna fyrir allar aldir og hanga á húninum við opnun. Garðurinn fyllist hratt þegar dregur að hádegi og raðirnar geta orðið langar. Til að fá sem mest úr þessu vil ég mæla með að menn splæsi í VIP-kort sem hleypir ykkur fram fyrir röð, annars er hætt við að hálfur dagurinn fari bara í að bíða.

EF ÉG VÆRI ÞÚ MYNDI ÉG PRÓFA ...



1 SIGLINGU MED DUFFY BOAT FRÁ NEWPORT BEACH

Þið útbúið girnilegt nesti, gerið góðan „playlista“ og njótið þess svo að sigla um á huggulegum bát innan um villurnar í bryggjuhverfinu við Newport Beach. Stórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa!

www.duffyofnewportbeach.com

2 KAJAKSIGLINGU VID LAGUNA-STRÖNDINA

Íslendingar elska sjóinn svo það er ekki nema eðlilegt að mæla með siglingartúr-um. Að róa á kajak í Kyrrahafinu með góðum leiðsögumanni er ávisun á góðan dag. Mögulega getið þið rekist á nokkra hvali en þeir eru mjög algeng sjón á þessum slóðum.

www.lavidalaguna.com



3 VÍNSMÖKKUN OG SIGLINGU FRÁ DANA POINT

Hvernig væri að halda áfram með siglingarnar en blanda vínsmökkun inn í dæmið? Í Kaliforníu eru einhver bestu vínhéruð heims og vínsmökkun því algjör skylda fyrir þau sem hafa aldur og heilsu til. Ferðin kostar í kringum 50 dali.

www.ocwinecruise.com

4 KAUPA EITTHVAÐ GOTT AÐ BORDA Í WHOLE FOODS

Matarnobbarar mega alls ekki sleppa því að kíkja inn í Whole Foods-búðir í Kaliforníu en í þessum verslunum er úrvalið engu líkt og ferskleikinn – já, maður lifandi! Ef Nigella Lawson og Jamie Oliver myndu reka matvöruverslun þá væri hún örugglega eins og Whole Foods. Þú slærð bara „Find Whole Foods near me“ inn í Google-leit og snjallsíminn vísar þér á réttan stað.



5 SKODA FÖT OG FYLGIHUTI Í T.J. MAXX

Sama hvort þú elskar eða hatar að kaupa þér fót þá er alltaf hægt að finna eitthvað frábært í T.J. Maxx en þessi verslunarkedja selur aðallega merkjavörur með miklum afslætti. Sem dæmi um framleiðendur má nefna Marc Jacobs, Michael Kors, Stella McCartney, Calvin Klein og marga fleiri. Aftur skaltu slá „Find T.J. Maxx near me“ og viti menn – þér munuð finna!

6 KOMA VID Í COSTCO

Kortið á að virka um allan heim svo hvers vegna ekki að kíkja í Costco í Kaliforníu? Þú gætir kannski splæst í bretti af kampavíni eða keypt eitthvað annað sniðugt. Til dæmis bara bensín á blæjubílinn. Costco-ferð er jú alltaf ævintýri líkust.



7 FARA Á UPPISTAND EDA TÓNLEIKA

Fyrir nokkrum árum var ég svo heppin að sjá uppistand með hinum heimsþekktu sjónvarpsmanni Jay Leno á litlum klúbbi við Hermosa Beach en við áhorfendurnir vorum kannski svona fimmtíu talsins. Á vefnum ticketmaster.com finnur þú miða á alls konar tónleika, uppistand og fleira skemmtilegt sem leynist í grennd við það svæði sem þið kjósið að gista á. Miðana er hægt að kaupa með kreditkort og svo fær maður þá bara senda í tölvupósti. Guð blessi internetið.

www.ticketmaster.com

8 SKOPA ANTIK-MARKAÐINN Í SAN JUAN CAPISTRANO

Í þessum krúttlega smábæ er einn flottasti antikmarkaður sem ég hef komið í á ævinni. Í raun má kalla þetta einskona antikmoll en þar leynist hreinn aragrúi af gerssemum. Draumur í dós fyrir fólk sem finnst gaman að gramsa og skoða gamla muni. [Hér er Facebook] (<https://www.facebook.com/Theoldbarnantiquemall/>) síða markaðarins.



ATH: Margar af þessum uppástungum gætu verið á tilboði hjá Groupon svo ekki klikka á því að skoða úrvalið þar um leið og þú skipuleggur ferðalagið.

Góða ferð og góða skemmtun!

Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn

Nýtt frá geoSilica



Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Kísill er okkur lífsnauðsynlegur og hefur oft verið kallaður hið gleymda næringarefni. Hann er eitt algengasta steinefni jarðar og gegnir mikilvægu hlutverki í myndun og styrkingu bandvefs. Bandvefur getur t.d. verið beinvefur, sinar, liðbönd og húð. Kísilsteinefni geoSilica er unnið úr 100% náttúrulegum jarðhitakísli úr hreinu íslensku vatni og inniheldur því engin aukaefni.



Recover Fyrir vöðva og taugar

Kísilsteinefni styrkir allan bandvef líkamans t.d. brjósks, sinar og liðbönd. Þannig getur **geoSilica Recover** dregið úr tíðni meiðsla hjá íþróttafólki og þeim sem stunda reglulega hreyfingu. **geoSilica Recover** er magnesíumbætt, en magnesíum er lífsnauðsynlegt steinefni sem dregur úr þreytu, gefur aukna orku og styður við eðlilega starfsemi taugakerfisins.



Renew Fyrir húð, hár og neglur

Rannsóknir* sýna að kísill stuðlar að skilvirkari myndun kollagens í líkamanum. Þannig getur **geoSilica Renew** styrkt húðina og gert hana stinnari. **geoSilica Renew** getur einnig grynnað örhrökkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. **geoSilica Renew** er sink- og koparbætt. Sink og kopar eru lífsnauðsynleg steinefni en rannsóknir* sýna að þau stuðla að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlos og klofna enda.



Repair Fyrir bein og liði

geoSilica Repair getur aukið beinþéttni en rannsóknir* sýna að dagleg inntaka kísils getur dregið úr beinþynningu og jafnvel hægt á henni á byrjunarstigi, sérstaklega hjá konum. **geoSilica Repair** er manganbætt en það á ríkan þátt í að viðhalda eðlilegum beinvexti s.s. myndum brjósks og liðvökva og er nauðsynlegt heilbrigði tauga og ónæmiskerfis.

*<http://instituteofmineralresearch.org/mineral-elements>

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum,
Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.**

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica
ICELAND



„MÉR FANNST ÉG ALLTAF TILHEYRA ANNARRI TEGUND“

Eva Hauksdóttir hefur verið mjög áberandi í umræðunni síðasta áratuginn og skoðanir hennar, sem oft eru alveg á skjön við þær sem höfða til fjöldans, hafa stundum verið harðlega gagnrýndar. Eva hikar þó ekki við að bjóða þeim birginn sem eru ósammála henni enda segist hún hreinlega þrífast á átökum. En hver er þessi smáaxna, skelegga kona og hvaðan kemur þörf hennar til að vera „Advocatus Diaboli“, eða málsvari djöfulsins, ef svo mætti að orði komast? Margrét H. Gústavsdóttir kíkti í kaffi með upptökutækið og skrifblokkina og saman spjölluðu þær yfir Sprite og piparkökum, daginn áður en Eva stökk upp í flugvél með sínum heittelskaða og hélt aftur til Glasgow þar sem hún stundar nú meistaranám í alþjóðlegri mannréttindalögfræði.

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
margret@dv.is



Konan, sem nú heitir Eva, en var skírð Jóhanna Helga, leit dagsins ljós fyrsta dag júlímánaðar árið 1967. Hún er elst fjögurra systkina, á tvær yngri systur og einn bróður. Faðir hennar starfaði lengst af hjá álverinu í Straumsvík en móðir hennar var aðallega heimavinnandi. Fjölskyldan var á miklu flandri og festi hvergi rætur en þegar Eva náði sextán ára aldri hafði hún verið í alls níu grunnskólum. Þegar stúlkan var níu ára skildu foreldrar hennar og þegar móðir hennar tók

saman við annan mann flutti hún með barnahópin frá Njarðvík til Akureyrar. Tveimur árum síðar fluttu þau í þorpið Hjalteyri í Hörgársveit. Á þeim tíma bjuggu þar aðeins fimmtíu manns, að börnum meðtöldum, og auðvelt að ímynda sér að það hafi verið flókið fyrir unglinginn að finna sína hillu þar.

Hún segir ástandið á heimilinu hafa verið mjög erfitt þegar hún var að alast upp. Móðir hennar glímdi við andleg veikindi og þegar unglingurinn lét af meðvirkni og fór að standa uppi í hárinu á henni varð spennan meiri. Í dag talast þær ekki við og hafa ekki gert í

langan tíma. Eva fann mikinn létti þegar hún fór í heimavistarskóla en gagnfræðaskólalagöngu sína hóf hún í Pelamerkurskóla.

„Mér fannst virkilega gott að komast í burtu frá heimilinu og tilheyra þessum unglingahópi í Pelamerkurskóla. Næsta vetur á eftir flutti ég til ömmu og afa og fór í Breiðholtsskóla en þar náði ég ekki sambandi við nokkurn mann svo ég var fegin að koma til baka og fara aftur í Pelamerkurskóla þaðan sem ég lauk níunda bekk – en sumrin á Hjalteyri voru hins vegar hundleiðinleg. Við vorum þarna bara einhverjir fimm unglingar en ég þurfti að vera heima



MYNDIR BIRNIA

hjá mér að passa litla bróður minn meðan hinir krakkarnir voru allir að vinna í fiski. Ég var auðvitað alveg að deyja. Skólafélagar mínir í Pelamerkurskóla björguðu þessu alveg og mér þykir enn mjög vænt um bekkjarsystkini mín þótt við höfum ekki verið í miklu sambandi í gegnum árin. Þetta er eina tímabilið frá minni skólagöngu þar sem mér fannst ég tilheyra hópi og eini skólinn sem mér finnst ég eiga rætur í,“ segir Eva, en af þessari frásögn er auðvelt að álykta hvernig fortíð hennar hefur gert það að verkum að hún sér stundum lífið og heildarmyndina frá öðru sjónarhorni en aðrir.

„Fannst ég tilheyra annarri tegund“
En varstu mikið öðruvísi en aðrir krakkar?

„Já, vafalaust var ég það. Í dag heitir þetta að vera nörd en þá var þetta kallað að vera „háflæg“. Ég orti ljóð og hafði allt annan tónlistarsmekk en krakkarnir. Svo hafði ég áhuga á samfélags- og trúmálum sem öllum fannst bara ofsalega skrítið og að auki var ég eini krakkinn sem fermdist ekki. Ég átti engar nánar vinkonur en mér fannst gaman að tilheyra þessum hópi og við höfðum auðvitað félagsskap af hvert öðru. Mér leið alltaf eins og ég væri öðruvísi og fannst ég tilheyra annarri tegund

en mér leið ekkert illa yfir því enda einfari inni við beinið,“ segir Eva sem segir áhuga sinn á göldrum hafa vaknað um þetta leyti. Hún gerir þó mikinn greinarmun á göldrum og fyrirbærum eins og draugatrú og spíritisma en móðir hennar var mjög upptekin af slíku.

Alin upp við draugatrú

„Andar hinna framliðnu voru uppi um alla veggj á heimilinu enda móðir mín á kafi í spíritisma. Hún fór í andaglas, sá drauga, var með ósjálfráða skrift og alls konar svona eitthvert rugl. Framan af trúði ég líka á þetta en ég man skýrt eftir þeirri stundu sem ég missti alla

trú á drauga,“ segir Eva sem var hugrakkari en móðir hennar og var því stundum gerð út af örkinni til að kanna hvort draugar væru á ferðinni þegar framandi hljóð gerðu vart við sig.

„Hún var alltaf að heyra einhver skritin hljóð. Til dæmis heyrði hún kirkjuklukkur hringja og fótatak í stiganum þótt enginn færi um. Kirkjuklukkurnar sem hún heyrði í reyndust til dæmis vera laus þakrenna sem slóst til í vindinum,“ útskýrir Eva en eftir að hafa í nokkur skipti komist að því að umhverfishljóðin tengust engri yfirnáttúru byrjaði unga stúlkan að efast stórlega – og svo fór að hún missti endanlega alla trú á drauga.

„Það var eitt kvöldið að ég heyrði skringilegt marr í snjónum fyrir utan kjallaragluggann minn sem hljómaði alveg eins og fótatak. Ég leit út um gluggann en sá ekki nokkurn mann, þrátt fyrir að heyra marrið mjög skýrt. Ég man að ég sat upprétt í rúminu mínu, alveg kaldsveitt, og beið eftir því að draugurinn kæmi, um leið og ég reyndi að berja saman visu í kollinum. Ég hafði jú lesið það í Þjóðsögunum að það væri alltaf best að svara draugum í bundnu máli, en ég vissi samt að ef hann kæmi með fyrripart þá gæti ég örugglega ekki botnað. Vonaði bara að ég gæti reddað mér einhvern veginn. Þarna var ég orðin alveg rosalega hrædd en svo allt í einu heyrast skruðningar og skyndilega hrynur svakaleg snjóhengja fram af þakinu og pompar niður beint fyrir utan gluggann. Þá hafði þetta marr ekkert verið á jörðinni heldur snjórin að skriða fram af þakinu,“ segir hún en með þessari gusu fór draugatrú hennar endanlega.

Reynir að galdra vit í vinstrimenn og koma hægrimönnum frá

Galdratrúna hefur hún þó aldrei misst en Eva segir það líklegast stafa af því að galdrar eigi ekkert skylt við yfirnáttúru. Hún vill meina að menn eigi bara eftir að finna vísindalegu skýringuna sem liggja þar að baki.

„Ég held að maðurinn geti með galdri haft einhver áhrif á veruleikann og framgang ákveðinna mála en ég vil meina að þetta sé ekkert yfirnáttúrulegt. Ég get ekki útskýrt af hverju þetta stafar og ég ætla ekki að reyna að rökræða það, enda er þetta bara mín trú,“ segir hún.

„Það upplifa allir eitthvað skrítið af og til. Stundum höldum við að það sé huglestur, hugboð eða eitthvað slíkt, og vitum ekki af hverju það stafar eða hvernig þetta virkar, en ég held að vísindin eigi eftir að útskýra þetta síðar enda byrja öll vísindi í galdri. Stærðfræðin á rætur sínar í galdri og það sama gilti um efnifræðina. Ég held að það sé eins með sálarfræðin og það sem við upplifum sem óútskýranlegt í dag, það er eitthvað náttúrulegt sem liggur að baki, kannski á sálarfræðin eða taugasálfræðin eftir að leiða í ljós skýringar á mörgum undarlegum fyrirbærum,“ segir hún og bætir við að galdur sé tilraun mannsins til að hafa stjórn á veruleika sínum og láta eitthvað gerast.

„Ég er alltaf að galdra eitthvað. Sumt tekst en annað ekki. Ég er til dæmis alltaf að reyna að koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum en það er erfiður galdur. Svo reyni ég að galdra vit í vinstrimenn en það hefur enn ekki tekist. Maður reynir samt,“ segir Eva og skellir upp úr.

Fann eiginmanninn á trúarsamkomu og gifti sig átján ára

Um leið og skyldunáminu lauk flutti Eva til föður síns í Hafnarfirði

“Í millitíðinni fór ég meira að segja í einhverja sambúð með manni sem ég hafði verið að sofa hjá. Þvældist á eftir honum til Nor-egs og skildi Einar eftir í sárum. Þetta var algjör vitleysa enda bara einhver gredda.

og fór í Flensborgarskóla. Fljótlega eignaðist hún kærasta sem síðar varð eiginmaður hennar og barnsfaðir en leiðir þeirra lágu saman á trúarsamkomu hjá Bahá'í samfélaginu þar sem Eva var mjög virk um nokkurra ára skeið. Hún segir trúleysi sitt á endanum þó hafa orðið til þess að hún gekk af trúnni. „Það er eiginlega hálfvonlaust að vera í trúarsöfnuði þegar maður er ekki trúaður,“ segir hún og hlær sínum dillandi hlátri. Í Bahá'í trú er lögð áhersla á að fólk stundi ekkert kynlíf fyrir hjónaband en Eva og fyrrverandi eiginmaður hennar, Hilmar Bjarnason, tóku því ekki mjög alvarlega enda gekk hún með eldri son þeirra þegar þau létu pússa sig saman. Þetta var árið 1986 en árið 1989 fæddist yngri sonur þeirra.

„Við vorum gift í um fjögur ár og svo var það bara búið en ég hef aldrei séð eftir þessu hjónabandi. Hins vegar get ég sagt það, svona eftir á, að ef ég fengi tækifæri til að fara aftur í tímann með þá þekkingu og þann þroska sem ég hef í dag þá hugsa ég að ég hefði lagt mig fram um að láta þetta ganga. Þetta var ágætis hjónaband en við vorum bæði ung og vitlaus og klúðruðum þessu. Hann hefur hins vegar alltaf verið frábær pabbi og mjög góður maður til að vera skilinn við,“ segir hún og skellir upp úr en bætir strax við að hann hafi alltaf reynst börnun þeirra góður faðir, og í loftinu liggur að það er engin kergja á milli þessara fyrrverandi hjóna.

Fékk Evu-nafnið frá fyrrverandi kærasta

Eins og áður segir var Eva upphaflega skírð Jóhanna Helga í höfuðið á afa sínum og langömmu. Evu-nafnið festist síðar við hana og er sú saga ákaflega rómantísk en nafnið kemur frá fyrrverandi eiginmanninum sem byrjaði að kalla hana Evu þegar hún gaf honum ávaxtakörfu.

„Ég var voðalega skotin í honum og hafði reynt sitt lítið af hverju til að vekja athygli á því en það var ekki fyrr en ég gaf honum ávaxtakörfu, sem innihélt meðal annars eitt rautt epli, að hann kveikti á perunni. Samt var engin hugsun á bak við þetta epli af minni hálfu. Ég valdi bara saman falletta ávexti og setti í kórflu en hann tálkaði eplið sem tákn um að ég vildi sofa hjá honum og upp úr því byrjaði hann að kalla mig Evu,“ segir hún og skellihlær.

„Mér líkaði það ekki illa enda hafði ég aldrei kunnað almennilega við Jóhannu-nafnið. Svo kynnti hann mig sem Evu fyrir öllu sínu fólki og ég leiðrétti það aldrei þannig að smátt og smátt varð þetta að nýja nafninu mínu. Ég lét hins vegar ekki breyta þessu í Þjóðskránni fyrr en amma mín var látin. Henni var alltaf eitthvað

„Andar hinna framliðnu voru uppi um alla veggi á heimilinu enda móðir mín á kafi í spírítisma. Hún fór í andaglas, sá drauga, var með ósjálfráða skrift og alls konar svona eitthvert rugl.“

illa við nafnbreytinguna, fannst eins og ég væri að móðga afa með þessu en ég held að honum hafi verið skítsama,“ segir hún og bætir við að það hafi liðið nokkuð mörg ár þar til hún hætti að bregðast við nafninu Jóhanna.

„Ef einhver nefnir nöfn sona minna eða mannsins míns þá tek ég ósjálfrátt viðbragð en þegar einhver talar um Jóhönnu þá hugsa ég aldrei um sjálfa mig enda er þetta nafn ekki lengur hluti af mér. Það er frekar að ég sjái mynd af Jóhönnu Sigurðardóttur skjóta upp kollinum.“

„Hann virtist ekki vera í neinni geðveiki“

Eftir skilnaðinn átti Eva í nokkrum mislögum ástarsamböndum. Tvö þeirra leiddu af sér stuttar sambúðir en það var ekki fyrr en hún kynntist núverandi ástmanni sínum, stærðfræðingnum Einari Steingrímssyni, að hamingjan fór að hossa henni almennilega í þessu samhengi. Einar hafði þá fylgst með henni á netinu, séð kvikmyndina „Guð blessi Ísland“ og reiknaði út að þeim myndi að öllum líkindum koma einstaklega vel saman.

„Ég hafði þá verið áberandi í blogg-samfélaginu um nokkurt skeið og menn sem lásu bloggið höfðu alveg átt það til að hafa samband og bjóða mér út. Ég hittí einhverja á þeim forsendum en þegar einhver játar manni nánast ást sína í tölvupósti þá eru auðvitað fyrstu viðbrögðin að halda að þetta sé einhver fáviti. Bréfið frá Einari var hins vegar langt og vel skrifað og hann virtist ekki vera í neinni geðveiki. Ég svaraði honum og eftir tíu þúsund línur, hann taldi, þá heimsótti hann mig til Danmerkur,“ segir hún.

„Einar er það besta sem hefur komið fyrir mig held ég. Þetta er frábært samband og það gengur ekki hnífurinn á milli okkar. Ég held að við verðum bara gömul saman og allt það. Þegar við hittumst fyrst þá var nýbúið að reka hann úr HR fyrir að rífa kjaft og mér fannst það auðvitað mjög heillandi. „Rekinn fyrir að rífa kjaft?“ Það hlaut bara að vera eitthvað æðislegt. Ég varð samt ekkert skotin í honum strax. Í millitíðinni fór ég meira að segja í einhverja sambúð með manni sem ég hafði verið að sofa hjá. Þvældist á eftir honum til Noregs og skildi Einar eftir í sár-um. Þetta var algjör vitleysa enda bara einhver gredda,“ segir Eva og hristir höfuðið.

Hvorki undirlægja né karlremba

Tæpum tveimur árum síðar lágu leiðir þeirra Einars saman aftur. Hann var þá nýlega fluttur til Skotlands þar sem hann starfar enn sem prófessor við Strathclyde-háskóla í Glasgow. Einar lagði til að Eva prófaði að flytja til sín og sú tilraun tókst fullkomlega því síðan hafa þau búið þar saman, en Eva, sem lauk nýverið B.A.-námi í lögfræði frá HÍ vinnur nú að meistararitgerð um alþjóða mannréttindalögfræði og hefur þar með fundið sína fjöl. „Einar setti dæmið þannig upp að ef vel tækist til þá myndum við eðlilega halda áfram að vera saman en ef ekki þá hefðum við engu að tapa. Í versta falli myndi mér leiðast. Ég ákvað að slá til og fór út til hans í janúar 2012.“

Síðan eru liðin sex ár og tíma Evu og Einars saman er ekki lokið. Þau eru sem eitt og hún segir að sér finnst mjög skrítið að hugsa sér lífið án hans. Áður en hún heill- aðist af Einari, sem er tólf árum eldri, segist Eva vanalega hafa fallið fyrir töluvert yngri mönnum, eða

„litlum sakleysislegum lopapeys- um,“ eins og hún kallar þá. „... svo hentar mér einhvern veginn miklu betur að vera með manni sem rífur kjaft enda eigum við svo margt sameiginlegt. Ég hafði alltaf þær hugmyndir að karlar skiptust í annaðhvort karlrembur eða mjúka, undirgefna menn. Með Einari komst ég hins vegar að því að það eru til raunveruleg jafningjasam- bönd milli karla og kvenna enda er hann hvorki undirlægja né karlremba.“

Varð fyrir barðinu á karlrembu og fór ein síns liðs í druslugöngu

Í netsamfélaginu hefur Eva vakið ómælda eftirtekt fyrir óháðar og ógrandi skoðanir, meðal annars á femínisma en þær hefur hún viðrað frá því hún byrjaði að blogga á slóðinni norn.is árið 2003. Árið 2010 gaf hún svo út bókina Ekki lita út fyrir, sem hún kallar pönk- aða sjálfsvæisögu. Í bókinni gefur meðal annars að líta nektarmyndir af Evu undir yfirskriftinni: „Ég er ýlandi dræsa“ en þar má segja að Eva hafi verið með sína eigin druslugöngu og frjálssar geirvörtur, fimm árum áður en femínistar fylktu liði og þrömmuðu niður Laugaveg í sama tilgangi. Tjáningu hennar var þó ekki tekið sérlega vel enda töluvert á undan sinni samtíð í þessum efnunum.

„Ég fékk sko að heyra að þetta væri nú ekki klassi, var úthrópuð fyrir sjálfsdýrkun og fleira í þeim dúr. En svo liðu nokkur ár og þá fengum við #freethenipple.“

Fimm þús- und

konur saman í liði meðan ég var ein að berjast gegn drusluskömm sem enginn hafði áhuga á á þeim tíma,“ segir Eva svoltið pirruð og bætir við að sér finnst mjög hall- ærislegt að konurnar sem standa fyrir druslugöngunni sýni á sama tíma konum sem eru sjálfviljugar í kynlífsiðnaði mikla forræðis- hyggju en slíkt er eitur í beinum Evu. Bókin hennar var líka ádeila á karlrembu, eða forræðishyggju karla, sem hún segist hafa fundið fyrir í ríku mæli þegar hún var hvað öflugust í blogginu.

Ókunnugir karlar að gefa ráð

„Ég hef ekki farið varhluta af karlrembu frekar en aðrar konur. Þarna voru alls konar ókunnugir, miðaldra karlar að senda mér tölvupóst þar sem þeir voru í raun að gefa mér, alveg óumbeðið, alls konar góð ráð og segja mér hvernig ég ætti að haga mér: „Þú svona hugguleg kona ættir að passa aðeins hvað þú segir og hvernig þú skrifar. Þú myndir hafa meiri áhrif ef þú myndir víðra skoðanir þínar á aðeins mildari hátt,“ og svo framvegis. Fyrst svaraði ég þessum hrútskýringum með gríni en smátt og smátt fór ég að upplifa karlfyr- irlitningu. Þetta olli mér áhyggjum svo mér fannst ég verða að gera eitthvað í málinu,“ segir Eva sem segist einnig hafa verið í makaleit á þessum tíma en því hafi stundum fylgt vonbrigði og ástarsorg.

„Ég var tortryggin gagnvart körlum af því ég hafði verið særð. Bókin var einhvers konar upp- gjör við sjálfa mig sem kynveru og á sama tíma uppgjör við bæði karlrembur og femínisma. Nektarmyndirnar voru engan veginn einhverjar „fótósjoppaðar“ skvísmyndir en engu að síður fékk ég það framan í mig að ég væri sjálfhverf og rugluð. Svo liðu örfá ár og allt í einu þótti það flott að sýna brjóstin á sér – svo lengi sem maður væri í hóp! Það er eins og samfélagið stilli sig inn á einhvern hópafemínisma sem allir verða að vera sammála en þegar ein manneskja stígur fram og segir eða gerir eitthvað, þá horfir þetta allt öðruvísi við,“ segir einfarinn, nornin og lögfræðingur- inn Eva Hauksdóttir að lokum. **B**

„Nektarmyndirnar voru engan veginn einhverjar „fótósjoppaðar“ skvísmyndir en engu að síður fékk ég það framan í mig að ég væri sjálfhverf og rugluð.“



Vörur, vélbúnaður og þjónusta fyrir minni fiskibáta



- Plastviðgerðir
- Rafgeymar
- Dælur
- Varahlutir



BALDUR HALLDÓRSSON ehf
Skipasmiður

Hlíðarenda / 602 Akureyri
S: 462 3700 / baldurhalldorsson.is

Afmælisbörn vikunnar



70
ára



DAVÍÐ ODDSSON

Fæddur: 17. janúar 1948
Starf: Lögfræðingur, fjölmiðla- og stjórnmálamaður

42
ára



INGA LIND KARLSDÓTTIR

Fædd 15. janúar 1976
Starf: Sjónvarpskona

39
ára



HELGI SELJAN

Fæddur: 18. janúar 1979
Starf: Fjölmiðla-
maður

48
ára



MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR

Fædd: 16. janúar 1970
Starf: Athafnakona

„VEL MÆLT“



„Konur eru aldrei ungar í anda. Þær fæðast þrjú þúsund ára gamlar.“

- Shelagh Delaney



Orðabanki Birtu: Epalhommi

EPALHOMMI - EÐA BARA HOMMI?

Orðið Epalhommi var valið orð ársins 2017 af RÚV, Árnastofnun og félagi íslenskunema í háskólanum. Eins og flestir vita er orðið samansett úr orðinu Epal, sem er sérverslun með hönnunarförur, og orðinu hommi, sem er það orð sem við nútímafólk notum yfir samkynhneigða karlmenn í dag.

Hommar hafa ekki alltaf átt sjö dagana sæla hér á landi. Fram undir lok síðustu aldar

voru hin ýmsu uppnefni höfð um samkynhneigða karla, flest niðrandi og mörg í kynferðislegum tón. Orðið hommi er hins vegar laust við slíkar tengingar þar sem það er stytting og einföldun á alþjóðlega orðinu „homosexual“. Homo er myndað af gríska orðinu „homós“ sem þýðir sami eða sjálfur og latneska orðinu „sexus“ sem notað er um kynferði. Með öðrum orðum sam-kyn-hneigð.

Kynvillingur var algengt orð hér áður fyrir og samkynhneigðir sjaldan kallaðir annað. Á árabilinu 1980–1989 kemur orðið 120 upp í leit, 83 sinnum frá 1970–1979 og 22 frá 1950–1959 en aðeins sex sinnum frá 2010–2018. Þá er gaman að geta þess að orðið trúvillingur kom upp 29 sinnum frá 1960–1969 en aðeins tvisvar sinnum frá 2010–2018.



Úr íslensku orðabókinni

Samheiti

HOMMI attaníoss, kynvillingur, samkynhneigður maður, öfuguggi, samkynhneigður, argur, hinsegin, hinum megin við stakketið, hómósexúal, hýr, kynhverfur, kynvilltur, sódomískur, öfugur.

Vefarinn mikli fá Kasmír - 54. kafli

Salvatore hafði numið sér land í öryggi og hneigði sig kurteislega fyrir ringulreið hégómans, í svartliðaskyrtnu, með eingleri. Hann lagði stund á íkónógrafíu. Slíkt gerir einginn nema hann kunní alla veröldina utanbókar. Bambara Salvatore hafði dvalist í Róm meðal preláta, í Monte Cassino meðal kanúka, á Bretlandi meðal lávarða, í París meðal listamanna, í Berlín meðal kynvillinga, í New York meðal auðmæringa, í Kaliforníu meðal kvikmyndaleikara, í Indía meðal jógina, í Moskvu meðal taffmanna. Meðan evrópumenn drógu um barkann hver á öðrum fyrir frelsið og föðurlandið dvaldist Bambara Salvatore til skiftis í Austurlöndum og Vesturheimi og dró dár að þessum apaköttum.

Verk Halldórs Laxness (Snara.is)



BílaGlerið

Í gleri eru við góðir

Við sérhæfum okkur í gleri. Við skiptum um rúður fyrir öll tryggingarfélög og gerum við stjórnur í framrúðum. Mössum ljós og skerum spegla í bíla. Að sjálfsögðu skerum við líka öryggisgler fyrir bíla, báta og vinnuvélar. Þegar þú þarft reynda menn í verkið, leitaðu þá til okkar.

Við vinnum fyrir öll tryggingarfélögin



Birta mælir með



1 DARK

Spennandi þættir sem gerast í litlu afskekktu þorpi í Þýskalandi. Börn hverfa og þegar lögreglan fer að rannsaka hvörfin kemur í ljós að nákvæmlega sömu atburðir gerðust fyrir 33 árum. Þessir þættir láta þig missa svefn.



HIMNARÍKI OG HELVÍTI 2

Uppsetning Borgarleikhússins á þrjúleik Jóns Kalmans var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í gær en BIRTA fékk að kíkja á forsýningu og varð fyrir miklum áhrifum. Stórbrotin leikmynd og frábærir leikarar túlka þessa merkilegu sögu eftir einn af okkar fremstu rithöfundum.

BLÁI BJÓRINN FRÁ BECKS

3 Nú eru margir í árlegu janúarbindindi með tilheyrandi hreinsunarkúrum. Ef þú ert þeirra á meðal, en langar samt að smakka eitthvað sem í það minnsta líkist bjór, þá er þessi afbragðs drykkur frá BECKS líklegast sá besti sinnar tegundar. Fæst meðal annars í Fjarðarkaupum og 10-11 en ekki í Vinbúðum.



TEYGJUR 4

Að viðhalda góðri heilsu þarf ekki að kosta krónu og sama hvað þú gerir, ekki gera ekki neitt. Byrjaðu til dæmis bara á því að teygja þig á morgnana og svo nokkrum sinnum yfir daginn. Áhrifin munu fljótlega skila sér í meiri liðleika og betri liðan.



5 WHATS APP

Flest erum við mjög háð Messenger-forritinu sem fylgir Facebook en vissir þú að WhatsApp er bæði öruggara og betra samskiptaforrit? Það er öruggiskóðað svo skilaboðin munu aldrei leka út og að auki getur þú eytt öllu sem þú séð eftir að hafa skrifað, ekki bara í þínu eigin appi heldur hverfur það líka hjá þeim sem fengu skeytið! Hentugt.



Girnileg mexíkósk ídýfa fyrir kósíkvöldið

Ídýfur undir mexíkóskum áhrifum eru alltaf sérlega vinsælar, ekki síst meðal unga fólksins sem hreinlega elskar allt sem mexíkóskt er í matargerðinni.

Þessi girnilega uppskrift kemur úr smíðju Rósu Guðbjartsdóttur sem hefur gefið út fjölda uppskriftabóka á síðustu árum en rétturinn er alveg tilvalinn til að bera fram á kósíkvöldi.

INNKAUPLISTINN

- 100 g guacamole
- 1 dós nýrnabaunir, niðursoðnar

- 1 lítill rauðlaukur, smátt saxaður
- 150 g sýrður rjómi eða grísk
- jógúrt
- 180 g salsósósa
- 1 dl blaðlaukur eða vorlaukur, saxaður
- handfylli ferskt kóriander
- tortillaflögur eða nachos

Útbúið guacamole samkvæmt uppskrift hér að neðan. Setjið í botninn á fallegru glerskál. Maukið síðan nýrnabaunirnar (fást líka maukaðar) og blandið saman við saxaðan rauðlauk. Dreifið því yfir



guacamole. Setjið því næst sýrðan rjóma ofan á og salsósósu. Stráið blaðlauk og kóriander þar ofan á og berið fram með tortillaflögum eða nachos eins og sumir kalla það. 🍴

GUACAMOLE

- 2 avokadó, vel þroskuð
- ½ rauðlaukur, smátt saxaður (má nota annan lauk)
- 1 grænt chili, saxað örsmátt
- 2–4 hvítlauksrif, marín (magnið fer eftir smekk)
- 2 tómatar, fræ- og kjarnhreinsaðir, saxaðir smátt
- ferskt kóriander, að smekk (má sleppa)
- 3 msk. límónu- eða sítrónusafi
- salt á hnífsoði

Maukið avokadóíð og blandið öðru hræfni saman við. Berið fram strax.

Njótið með fjölskyldunni eða í góðra vina hópi á föstudags- eða laugardagskvöldi!

Castello

PIZZERIA



ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333

WWW.CASTELLO.IS

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI

DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

SAKAMÁL



13 13 manns féllu fyrir hendi Le Than Van, vietnamskrar konu frá Ho Chi Minh-borg. Fólkinu banaði hún, árin 1998–2001, með því að byrja því blásýru. Fyrir vikið fékk var hún dæmd til dauða árið 2004. Eiginmaður hennar, Dinh Danh Quang, fékk 21 árs dóm fyrir að hlaupa undir bagga með henni.



Banvæn afbrýðisemi

Þann 26. júlí, 2003, upphófst rifrildi franska tónlistarmannsins Bertrands Cantat og kærustu hans, Marie Trintignant, á hótélherbergi í Vilníus, höfuðborg Litháen. Rifrildið snerist um meinta ótryggð Marie. Bertrand, sem á sínum tíma var stórt nafn í heimi franskrar tónlistar, réðst með hnúum og hnefum á Marie og lét hana síðan liggja meðvitundarlaus í rúminu. Hún andaðist nokkrum dögum síðar vegna bólgu í heila. Bertrand fékk átta ára dóm árið 2004 og síðan reynslulausn í október 2007.



Móðir myrðir

Mary Beth Tinning, frá Schenectady í New York-fylki í Bandaríkjunum, fékk 20 ára dóm árið 1987. Þá hafði hún verið sakfelld fyrir að myrða eitt barna sinna, þriggja og hálfmánaða dóttur, árið 1985. Mary Beth viðurkendi einnig að hafa banað tveimur sona sinna. Ekki er talið loku fyrir það skotið að Mary Beth hafi myrt öll sín börn, átta talsins, en ekkert þeirra náði fimm ára aldri. Ástæða voðaverkanna var sú að Mary Beth vildi öðlast samúð annarra.

VITALE VEGIN

■ Var myrt af 16 ára dreng ■ Sennilega tilviljun ein

Maður er nefndur Daniel Horowitz og er bandarískur lögfræðingur og var um tíma ágætlega þekktur sjónvarpsráðgjafi í Bandaríkjunum. Árið 2005 varð hann á nánast allra vörum vestan Atlantása er hann sá um vörn Scotts Peterson, áburðarsöllumanns sem hafði myrt barnshafandi eigin konu sína. Scott var síðar sakfelldur fyrir vikið. Horowitz var einkum þekktur fyrir að taka að sér vörn í áberandi málum og haft var á orði að meðal skjólstæðinga hans hefði verið misjafn sauður í mörgu fé. Á það verður ekki lagt mat enda allt önnur saga.

„H“ skorið í bakið

Þungamiðja málsins sem fjallað verður um hér hverfist um eigin konu Horowitz og Scott nokkurn Dyleski. Þannig var mál með vexti að þann 15. október, 2005, gekk Horowitz fram á líkið af eigin konu sinni, Pamelu Vitale, í anddyri hreyfanlegs heimilis þeirra, en draumaaðsetur hjónanna var þegar þar var komið sögu í smíðum fyrir utan San Francisco.

Aðkoman hefur ekki verið geðsleg því morðingi Pamelu hafði skorið „H“ í bakið á henni og rist upp kvið hennar.

Ungur morðingi

Í fyrstu taldi lögregla nokkuð augljóst að morðið tengdist með einum eða öðrum hætti skipulagðri glæpastarfsemi, og kannski ekki undarlegt í ljósi starfa Horowitz.

Ekki leið á löngu þar til þeirri kenningu var kastað fyrir róða, enda mun vænlegri möguleiki til staðar. Þar var um að ræða 16 ára gutta, fyrrnefndan Scott Dyleski, og í ljós koma að hann hafði stigið á öxl Pamelu og skilið þar eftir skófar. Einnig fannst lífsýni úr Pamelu Vitale á ýmsum fatnaði Scotts og lífsýni úr honum við líkið af henni.

Áhugi á dauða og ofbeldi

Við réttarhöldin, síðar meir, gekk sækjandi út frá því að Scott hefði ruglast á Pamelu og einhverjum öðrum nágretta; rannsókn leiddi í ljós að hann hafði stolið kreditkortaupplýsingum til að

kaupa á netinu ljós til marjúaná-ræktunar.

Scott var sagður hafa breyst mikið eftir að systir hans lét lífið í bílslysi. Að sögn þeirra sem til þekktu breyttist Scott úr dæmigerðum dreng og fékk óeðlilega mikinn áhuga á dauða og ofbeldi.

Gátlisti Scotts

Frekar óhugnanlegur gátlisti fannst í fórum Scotts og engum vafa undirorpið að hann hafði skrifað hann:

„Rota/

ræna, spyrja spurninga, halda í prísund meðan kannað er hvort PIN-númer sé rétt, skítaverk, losna við sönnunargögn (skera í stykki og grafa).“

Þegar upp var staðið slapp Scott við dauðadóm, enda 16 ára þegar hann framdi morðið. Hann fékk hins vegar lífstíðardóm án möguleika á reynslulausn. ■

„Breyttist Scott úr dæmigerðum dreng og fékk óeðlilega mikinn áhuga á dauða og ofbeldi



Scott Dyleski Risti „H“ í bak fórnarlambins.



BANI Í BIFREIÐAVERSUN

■ Framkvæmdastjóri gætti verslunar ■ Síðasti svefnstaðurinn

Pann 30. nóvember, 1929, átti sér stað til þess að gera fátækrar atburður í Reykjavík. Var nokkuð ítarlega um hann fjallað í Morgunblaði þess tíma, enda mat manna að viðlíka óhugnaður ætti vart að geta átt sér stað í höfuðborginni.

Þannig var mál með vexti að við Laugaveg 105, gegnt Hlemmi, var rekin bifreiðaverslun Sveins Egilssonar. Um sumarið þetta ár höfðu starfsmenn verslunarinnar tekið eftir því að brotist hafði verið inn í verslunar- og verkstæðishúsið. Engu hafði verið stolið og talið að hinn óboðni gestur hefði orðið var mannaferða og lagt á flóttu.

Svaf í verslunarhúsnæðinu

Engu að síður tók framkvæmdastjóri verslunarinnar, Jón Egilsson, þá ákvörðun að sofa í húsnæðinu, í litlu herbergi inn af skrifstofunum, enda var að jafnaði fé og ýmislegt annað verðmætt geymt á skrifstofunum. Þannig vildi Jón koma í veg fyrir óæskilegar mannaferðir á ókristilegum tíma.

Hvað gerðist um nóttina var eðlilega ekki vitað í fyrstu. Þó lá fyrir að Jón hafði farið í kvikmyndahús um kvöldið ásamt vini sínum. Síðan hafði hann tekið á sig náðir í fyrrnefndu herbergi. Skömmu síðar kom Sveinn, bróðir Jóns, þangað og áttu bræðurnir tal saman. Sveinn hvarf síðan á braut um miðnæturtil.

Á gólfinu í blóðpolli

Klukkan 9 að morgni 30. nóvember ber að tvo menn; Erlend Jónsson og Jón Leví. Þegar þeir komu að aðalryrunum sjá þeir samstundis að eina rúðu vantar í hurðina.

Inn komnir sjá þeir síðan að dýrnar inn í herbergi Jóns eru opnar og á gólfinu liggur Jón allur í miðjum blóðpolli. Erlendur og Jón Leví höfðu án tafar samband við lögregluna.

Rannsókn lögreglunnar leiddi í ljós að rúðan hafði verið skorin úr útidryghurðinni og eftirléurinn



Jón Egilsson Hugdist gæta verslunarinnar.

”Þó var sagt um útreiðina: „hún ber vott um fullkomið, rólegt jafnvægi í huga morðingjans.“

verið einfaldur fyrir þann sem það gerði.


Veitti viðnám

Taldi lögreglan nokkuð ljóst að komumaður hafi verið kunnugur versluninni því ekki hafði hann reynt að opna læstar skrifstofudýrnar heldur freistað þess að komast inn á skrifstofuna í gegnum herbergi Jóns. Morðvopnið, 30 sentimetra stúfur af látúnsöxli úr mótorbát, fannst á vettvangi.

Greinilegt var að Jón hafði veitt viðnám og sáust þess ummerki í herberginu. Rúmföt og flest annað þar inni var á tjá og tundri, þar á meðal klukka sem hafði greinilega stöðvast klukkan 4.30 þegar hún féll í gólfid, að því er talið var.

Slæm útreið

Í umfjöllun Morgunblaðsins var tekið fram að útreiðin sem Jón



Teikning af húsnæðinu: x) svefnherbergi (a rúmstæði, b kómmóða), ytri skrifst., innri skrifst. (c peningaskápur) Hér má sjá leið morðingjans inn á skrifstofurnar. Mynd Morgunblaðið 1. 12. 1929.

Gíslason fékk þarna í morgunárið væri þess eðlis að ekki þætti rétt að fara nánar út í þá sálma. Þó var sagt um útreiðina: „hún ber vott um fullkomið, rólegt jafnvægi í huga morðingjans.“ Blóðugt handklæði var í herberginu, sem morðinginn hafði notað til þurrka af sér blóðið.

Í fyrstu var álitid að til átaka hefði komið á leið morðingjans inn á skrifstofurnar í gegnum svefnherbergi Jóns, en síðar kom í ljós að sú hafði ekki verið raunin.

2.300 krónur

Næsta dag hafði lögreglan hendur í hári Egils Hauks Hjálmarssonar sem játaði á sig morðið. Hann sagðist hafa komist klakkaust inn á skrifstofurnar eftir að hafa fundið lyklu í buxnavasa Jóns. Í fremri skrifstofunni var peningaskápur og í honum blikkkassi. Egill sagðist hafa skorid hann upp og hirt það fé sem í honum voru auk fjár sem var í ýmsum umslögum í peningaskápnunum; alls um 2.300 krónur.

Það var ekki fyrr en Egill var á leið út með ránsfenginn, í gegnum svefnherbergi Jóns, að Jón rumskaði. Sagðist Egill ekki hafa ætlað sér að ráða Jóni bana, en beitt látúnsstönginni með þessum hörmulegu afleiðingum. Egill Haukur Hjálmarsson var dæmdur til 18 ára vistar í typtunahúsi, en í slíkum stofnunum unnu fangar á daginn en sættu gæslu um nætur. ■

Gerður hjá Blush.is hannar fyrsta íslenska kynlífstækið

Opnar sig á Snapchat Ræðir erfið sambandslit og magabandsaðgerð

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Gerður Huld Arinbjarnardóttir, betur þekkt sem Gerður í Blush stofnaði sitt fyrsta fyrirtæki þegar hún var einungis 21 árs. Gerður réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur enda hefur hún alltaf verið ævintýragjörn og dreymin, en þegar kom að vali á fyrirtækjarekstri ákvað hún að stofna kynlífstækjaverslun.

Blush.is, kynlífstækjaverslun Gerðar, er nú orðin sjö ára og á þeim stutta tíma sem liðið hefur síðan fyrirtækið varð til hefur mikið breyst hvað varðar viðhorf Íslendinga til kynlífs. Umræðan hefur aldrei verið opnari og ekki er lengur feimnismál að ganga inn í kynlífstækjaverslun og kaupa tæki.

Margt hefur gengið á lífi Gerðar síðan hún hóf rekstur sinn á fyrirtækinu og kom hún á fund blaðakonu á kaffihúsi í Kringlunni til þess að ræða um verslunina, Snapchat, erfið sambandslit ásamt magabandsaðgerð sem hún fór nýlega í.

Ung móðir og atvinnulaus eftir fæðingarorlof

„Upphafið á Blush.is var þannig að ég og vinkona mín, Rakel Ósk, fengum þá hugmynd að stofna fyrirtæki saman. Við vorum báðar búnar að vera í fæðingarorlofi, vorum atvinnulausar og langaði að prófa eitthvað nýtt. Við enduðum svo í kynlífstækjunum, sem er kannski svolítið sérstakt,“ segir Gerður og hlær. Hún og Rakel Ósk fengu þá hugmynd að bjóða upp á ókeypis heimakynningar sem var nýbreytni á þessum tíma.

„Þar sem ég var svo ung og átti engan pening þá fór ég til pabba og bað hann um hjálp. Ég man enn þá eftir því hvað ég var ótrúlega stressuð. Þetta er ekki beint þægilegasta umræðan til þess að eiga við pabba sinn, en ég spurði hann hvort hann gæti lánað mér pening og hann spurði mig auðvitað til hvers. Ég sagði honum að ég ætlaði mér að stofna fyrirtæki og hann spurði mig þá um hvers konar fyrirtæki væri að ræða og ég sagði honum að mig langaði til þess að opna kynlífstækjaverslun. Hann horfði á mig og beið í smá stund, svo sagði hann við mig að það væri nú margt vitlausara í heiminum heldur en það og lagði bara inn á reikninginn minn. Þannig að við getum þakkað pabba mínum fyrir það að Blush.is er til í dag,“ segir Gerður kímín.

Gerður segir að reksturinn hafi að mestu gengið vel en af og til hafi komið tímabil þar sem ekki áraði vel.

„Þetta hefur verið ótrúlegur skóli fyrir mig og ég hef aldrei séð eftir þessari ákvörðun. Þetta er skemmtilegasta vinna sem ég hef verið í og ég segi stundum að ég sé mjög fullnægð í starfi,“ segir Gerður og hlær.

Elskar að fræða fólk um kynlíf

Gerður stofnaði opinn Snapchat-aðgang undir nafninu blush.is fyrir tveimur og hálfu ári sem notið hefur mikilla vinsælda. „Viðtökurnar voru eiginlega ótrúlegar. Það vissi engin hver Gerður í Blush var áður en ég opnaði snappið en í dag þegar ég er á almannaferi þá finn ég alveg að fólk er að fylgjast með mér.“

Gerður tók þá ákvörðun að vera mjög persónuleg á snappinu sínu og vera ekki eingöngu að kynna vörurnar sem hún er að selja heldur einnig leyfa fólki að kynnast henni nánar.

„Ég ræði við fólk um mína upplifun og fræði það sömuleiðis um ýmislegt tengt kynlífi eða kynlífstækjum. Ég reyni að hafa þetta eins persónulegt og smekklegt eins og ég get.“

Gerður segir að lítið hafi borið á áreiti í gegnum Snapchat en hún hafi þó lent í því einstaka sinnum.

„Ég hef fengið sendar typpamyndir og fæ stundum kannski einhver skilaboð sem eru óviðeigandi en það er mikill minnihluti sem sendir dónaleg eða leiðinleg skilaboð.“

Ástarlífið eftir erfið sambandslit

Fyrir rúmlega hálfu ári hættu Gerður og páverandi kærasti hennar Niels saman eftir fjögurra ára fjarsamband.

„Við vorum í sama geiranum, hann er líka að selja kynlífstæki og við erum bæði með netverslun. Við kynntumst á ráðstefnu úti í Þýskalandi og hann bjó í Hollandi og ég á Íslandi. Fjarsambandið var erfið en jafnframt ótrúlega lærdómsríkt og jákvætt á marga vegu. Þetta var ótrúlega gott og fallet samband á meðan það varði. Það var sameiginleg ákvörðun okkar að binda endi á sambandið og var hún ótrúlega erfið. Mér leið í marga mánuði eins og ég hefði misst ástvin þar sem við þurftum að slíta öllum samskiptum til þess að geta endað sambandið. Þannig að ég veit til dæmis ekkert hvað hann er að gera í dag og hef ekkert heyrt í honum síðan ákvörðunin var tekin. En ég sé ekki eftir henni og ég sakna hans ekki sem kærasta, en að sjálfsgöðu eru minningar sem maður saknar,“ segir Gerður sem kveðst hamingjusöm í dag.

Á svipuðum tíma og Gerður sleit sambandi sínu við Niels fór að bera á töluverðu þyngdartapi hjá henni.

„Ég hafði verið að þyngjast hægt og rólega síðustu árin. Alltaf að bæta á mig einu og einu auka kíló og ég fann ýmsar heilsufarsbreytingar hjá mér. Ég var orðin aum í hnjónum og mjöðmunum og bara almennt – svona eins og fylgir því þegar maður er orðinn of þungur – þannig að ég tók ákvörðun um að fara í magabandsaðgerð sem gekk ótrúlega vel.“

Gerður segir marga spyrja hana hvort hún mæli með aðgerðinni fyrir þá en hún segist eiga erfitt með að svara þeirri spurningu.

„Ég er ánægð með að hafa farið í þetta sjálf en ég hef heyrt alls konar sögur, bæði jákvæðar og neikvæðar, og það sem virkar vel fyrir mig virkar ekki endilega vel fyrir aðra og því er þetta virkilega persónuleg ákvörðun fyrir hvern og einn til þess að taka.“

Gerður segir að hugsun hennar gagnvart mataræði hafi gjörbreytst eftir aðgerðina og að hún sé mikil meðvitaðri um það hvaða næringu hún setji ofan í sig.

Kynlíf er svo stór hluti af lífinu

Miklar breytingar hafa orðið á umræðu og umfjöllun um kynlíf og kyn-

lífstæki síðustu ár og telur Gerður að þakka megi fjölmiðlum og samfélagsmiðlum um hversu jákvæð breytingin hefur verið.

„Það eru ekkert mörg ár síðan það fóru að koma greinar á vefmiðlum um kynlíf og þess háttar, þetta var svo mikið tabú. En í dag er mikið skrifað um þetta og þetta er orðið svo miklu miklu eðlilegra.“

En hver er framtíðin hjá Gerði?

„Ég hef verið að hanna mína eigin vöru sem er að koma á markað, vonandi á fyrsta ársfjórðungi. Stefnan er svo bara að halda áfram að auka við mig þekkingu og halda áfram að fræða fólk í gegnum snappið. Það skiptir mig ótrúlega miklu máli að halda áfram að fræða fólk og auka þekkinguna og umræðuna enn frekar.“

Blaðamaður forvitnast örlítið meira út í nýju vöruna sem Gerður hannaði og spyr hana hvort hún hafi prófað hana sjálf.

„Já, þetta er vara fyrir konur, en ég er ekki að finna upp hjólið. Það eru til sambærilegar vörur á markaðnum en þrátt fyrir það er þetta fyrsta íslenska kynlífstækið og það er alltaf skemmtilegt. Ég hef prófað það og þetta er nýja uppáhaldstækið mitt. Ég vona að öðrum muni líka það einnig.“





New York, Taíland, Spánn eða Balí?

DV tók saman kostnað við vikuferðalag ■ Gífurlegur verðmunur á gistingu og upphaldi

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Par sem hyggst fara í vikulangt frí erlendis í sumar þarf að gera ráð fyrir minnst 300 þúsund krónum í ferðakostnað samkvæmt lauslegri könnun DV. Vika í New York-borg kostar hér um bil það sama og vika í ferðamannaparadísinni Balí í Indónesíu ef miðað er við fjögurra stjörnu gistingu. Heildarkostnaðurinn er lægstur ef ferðast er til Barcelona á Spáni þó svo að þar sé hótulgistingin dýrust. Hér er miðað við þar sem hyggst fara í frí erlendis fyrstu vikuna í

júlí næsta sumar eða nánar tiltekið 2.-9. júlí. Miðað er við gistingu á fjögurra stjörnu hóteli. Gert er ráð fyrir að að borðað sé úti mestallan tímann og barinn jafnframt heimsóttur nokkrum sinnum. Þeir staðir sem litið er til eru Barcelona í Evrópu, New York í Bandaríkjunum, Phuket í Taílandi og Balí í Indónesíu.

Hér er um að ræða heildarkostnað fyrir utan lausan kostnað á borð við samgöngur, matvörur, snyrtivörur, skoðunarferðir og skemmtanir. Rétt er að taka fram að um gróflagan útreikning er að ræða og er listinn engan veginn tæmandi heldur eingöngu til viðmiðunar. ■

Fín og hefðbundin máltíð

Þriggja rétta máltíð fyrir tvo á finum veitingastað

Gert er ráð fyrir að parið geri vel við sig eitt kvöld í ferðinni og snæði kvöldverð á veitingastað í finni kantinum. Hér má sjá verðdæmi af veitingastöðum sem valdir voru af handahófi en í öllum tilfellum var miðað við þriggja rétta máltíð á fimm stjörnu veitingastað.

New York, Bandaríkin
Á veitingastaðnum Le Bernardin
Samtals: 27.056 kr.

Barcelona, Spánn
Á veitingastaðnum Passadis del Pep
Samtals: 23.526 kr.

Denpasar, Bali
Á veitingastaðnum Kubu.
Samtals: 11.698 kr.

Phuket, Tailand
Á veitingastaðnum La Gritta
Samtals: 6.633 kr.



Meðalverð á máltíð fyrir tvo á hefðbundnum veitingastað

Samkvæmt leitarvél numbeo.com er langdýrast að borða úti á Denpasar í Balí en máltíð fyrir tvo á hefðbundnum veitingastað kostar minna en fjögur hundruð íslenskar krónur.

New York, Bandaríkin: 3.870 kr.
Barcelona, Spánn: 2.502 kr.
Denpasar, Bali: 388 kr.
Phuket, Tailand: 2.271 kr.

Flug

Í hverju tilfalli fyrir sig var stuðst við leitarvél dohop.com til að finna ódýrasta flugfargjaldið þar sem farangursheimild er innifalin. Ódýrast er að fljúga til Barcelona á Spáni þar sem flugfar báðar leiðir fyrir tvo kostar rúmlega 89 þúsund krónur samtals. Sú upphæð er rúmlega einn þriðji þess kostnaðar sem fylgir því að ferðast til Phuket-eyju í Taílandi.

New York, Bandaríkin
Flugið frá Keflavík með WOW air á WOW Plus.
Samtals: 140.483 kr. fyrir báðar leiðir

Barcelona, Spánn
Flugið frá Keflavík með WOW air á WOW Plus.
Samtals: 88.983 kr. fyrir báðar leiðir.

Denpasar, Bali
Á leið út: Flugið frá Keflavík til Kaupmannahafnar með SAS. Flugið frá Kaup-



mannahöfn til Denpasar með Qatar Airlines með einni millilendingu í Doha. Á leið heim: Flugið frá Denpasar til Óslóar með einni millilendingu í Doha með Qatar Airlines. Flugið frá Ósló til Keflavíkur með Icelandair.
Samtals: 256.209 kr. fyrir báðar leiðir.

Phuket, Taíland
Á leið út: Flugið frá Keflavík til Kaupmannahafnar með SAS. Flugið frá Kaupmannahöfn til Phuket með Qatar Airlines með einni millilendingu í Doha. Á leið heim: Flugið frá Phuket til Kaupmannahafnar með Qatar Airlines með einni millilendingu í Doha. Flugið frá Kaupmannahöfn til Íslands með Icelandair.
Samtals: 258.831 kr. fyrir báðar leiðir.



Gisting

á fjögurra stjörnu hóteli í sjö nætur

Aftur er miðað við ódýrustu fjögurra stjörnu gistinguna á hverjum stað fyrir sig og stuðst við leitarvélina á bókunarsíðunni booking.com. Ódýrasta gistingin er á Phuket-eyju en þar kostar vika á fjögurra stjörnu hóteli álíka mikið og ein nótt á fjögurra stjörnu hóteli í miðborg Barcelona.

New York, Bandaríkin
Gisting fyrir tvo í sjö nætur á ROW NYC við Times Square (án skatta og gjalda)
Samtals: 87.395 kr.

Barcelona, Spánn
Gisting fyrir tvo í sjö nætur á Hotel Garbi Millenni (án skatta og gjalda)
Samtals: 103.407 kr.

Denpasar, Bali
Gisting fyrir tvo í sjö nætur á Hotel Bali & Spa (án skatta og gjalda)
Samtals: 24.414 kr.

Phuket, Taíland
Gisting fyrir tvo í sjö nætur á CA Residence (án skatta og gjalda)
Samtals: 17.532 kr.

Ferð á barinn

Ekki er óalgengt að áfengi sé haft um hönd í frí erlendis og hér er gert ráð fyrir nokkrum ferðum á barinn. Aftur eru hér tekin verðdæmi af stöðum sem valdir eru af handahófi. Til viðmiðunar má nefna að samkvæmt samanburðarvél á heimasíðunni numbeo.com getur bjórflaskan kostað 465 krónur í Denpasar, 834 krónur í New York, 375 krónur í Barcelona og 325 krónur í Phuket.

New York, Bandaríkin
230 Fifth Rooftop Bar
Mojito: 1.468 kr.
Flaska af Carlsberg: 943 kr.
Samtals: 2.411 kr.

Barcelona, Spánn
George Payne Bar
Mojito: 1.126 kr.
Flaska af Carlsberg: 469 kr.
Samtals: 1.595 kr.

Denpasar, Bali
Casablanca Bar
Mojito: 878 kr.
Flaska af Carlsberg: 272 kr.
Samtals: 1.044

Phuket, Taíland
Surfhouse Bar
Mojito: 878 kr.
Flaska af Carlsberg: 520 kr.
Samtals: 1.398 kr.



Heildarkostnaður fyrir tvo
Flug, gisting (án skatta og gjalda), 18 máltíðir á hefðbundnum veitingastað, ein þriggja rétta máltíð á finni veitingastað, þrjár ferðir á barinn.

New York, Bandaríkin
Samtals: 331.827 kr.
Barcelona, Spánn
Samtals: 265.735 kr.

Phuket, Taíland
Samtals: 328.068 kr.
Denpasar, Bali
Samtals: 341.632 kr.



SIÓVÁ



VÍS

vörður



Frí Tjónaskoðun

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is



554 2510

Álpakrennur & niðurföll

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt
silfurgrátt og dökkgrátt



Pakrennurnar eru frá GRÖVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegi 4C 202 Kópavogur | Sími 587 2202 | hagblikk@hagblikk.is | hagblikk.is

Brynhildur Guðjónsdóttir
Fer á kostum í hlutverki Davíðs Oddssonar, pólitískis guðföður frænku sinnar, í Borgarleikhúsinu.



Lítt þekkt ættartengsl

Ráðherrann og leikhússtjarnan

Óhætt er að fullyrða að það gusti um dómsmálaráðherra þjóðarinnar, Sigríði Ásthildi Andersen. Hæstiréttur Íslands úrskurðaði á dögunum að Sigríður hefði brotið gegn stjórnsýslulögum þegar hún vék frá niðurstöðu sérstakrar dómnefndar við skipan dómara við Landsrétt. Pólitískir andstæðingar urðu æfir og kröfðust afsagnar ráðherrans, sem situr þó sem fastast.



Sigríður Á. Andersen
Það gustar um dómsmálaráðherra þjóðarinnar.

Það er lítt kunn staðreynd að dómsmálaráðherra er náfrænka leikkonunnar Brynhildur Guðjónsdóttir, sem fer á kostum í hlutverki Davíðs Oddssonar í leikritinu Guð blessi Ísland í Borgarleikhúsinu þessi dægrin.

Ömmur þeirra, Sigríður Ásthildur og Regína Guðjónsdætur, voru systur. Þær ólust upp í Garðastræti 13, svokölluðu Hildibrandshúsi sem stendur við hliðina á Unuhúsi.



Jógvan Hansen Tekur kjötuætu-janúar fagnandi.



Ævar Austfjörð Er frumkvöðull í kjötuætu-lífsstílum og hefur aldrei verið betri.

Jógvan tekur kjötuætu-janúar með trompi

Mælir hiklaust með áttakinu en ætlar ekki að breyta því í lífsstíl

Einn af frumkvöðlum átaksins er Ævar Austfjörð, kjötiðnaðarmaður og heilsutæknir, sem tók kjötuætu-janúar föstum tókum í fyrra. Það gaf góða raun og síðan hefur átakið þróast út í lífsstíl sem vak-ið hefur talsverða athygli. „Það er erfitt að skjóta á tölur en ég myndi telja að um 50–100 manns séu að taka þátt af krafti. Aðrir ganga kannski ekki eins langt en hafa þó stóraukið kjötneyslu í mánuðinum,“ segir Ævar.

Eins og nafnið gefur til kynna þá snýst átakið um að borða helst rautt kjöt í flest mál þó að einnig sé í góðu lagi að borða fisk og

kjúkling og jafnvel kolvetnalágar dýraafurðir eins og ost og smjör. „Þetta snýst að mestu leyti að sneiða hjá kolvetni og plöntum. Ég mæli sterklega með þessu,“ segir Ævar sem segist ná betri árangri í ræktinni og upplifi betri líðan.

Einn af þátttakendum í áttakinu er tónlistarmaðurinn góðkunnir Jógvan Hansen. „Ég byrjaði 2. janúar og hef staðið mig nokkuð vel,“ segir Jógvan. Hann tekur sem dæmi að morgunmatúrinn hans hafi verið steikt hakk og hafi heimilisfólk gert athugasemdir við að Cheerios-ið hans liti ein-kennilega út. „Þetta er samt nokk-

uð strembið, sérstaklega af því að ég elska kolvetni og þá sérstaklega allt sem hægt er að gera með kartöflur. Ef ég fengi val um kjöt eða kartöflur á eyðieyju þá er ég ekki viss um hvað ég myndi velja,“ segir Jógvan en bætir hlægjandi við að þá yrði að sjálfsgöðu steikingarpottur að fylgja með jarðþeplunum.

„Ég átti mjög auðvelt með að sleppa öðru grænmeti og ávöxtum. Ég er alinn upp við fisk og kjöt í Færeyjum og hef ekki sterka tengingu við grænmeti eða hrísgrjón. Þetta höfðaði því frekar til mín en til dæmis veganúar,“ segir Jógvan, sem segist hafa gam-

an af því að taka þátt í öfgafullum áskorunum.

Jógvan segist þó hafa staðist raunina að mestu leyti en þó hafi hann aðeins svindlað varðandi neyslu áfengra drykkja. „Það er mikið um veislur í kringum mig og því hefur maður aðeins laumast í bjór eða léttvín en í mjög litlu magni,“ segir hann. Hann segist finna fyrir jákvæðum áhrifum af áttakinu. „Ég fann fyrir smá svima og sleni fyrstu dagana en síðan komst ég yfir það og er bara mjög hress núna. Ég mæli hiklaust með þessu átaki en ég efast stórlega um að þetta verði lífsstíll hjá mér,“ segir hann. ■

„ÞAÐ KÆMI MÉR EKKI Á ÓVART AÐ FINNA GEIR ÓLAFS Í STURTUNNI MINNI“

Söngkonan, flugfreyjan og gleðigjafinn **Helga Möller** er alltaf með bros á vör. Hún tók því vel í að sýna lesendum DV á sér hina hliðina og svara nokkrum undarlegum spurningum.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt núna? Kenna meira um fjármál, að gera skattaskýrslu og hvernig hjónaband gengur best upp.

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund krónum á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Spaksmannspjarir.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? Einu sinni diskórottning, alltaf diskórottning.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samíð? Imagine.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? Dans, dans, dans.

Hvernig myndirðu lýsa litnum gulur fyrir blindum manni? Gulur litur, eins og börn myndu sjá fyrir sér sólna.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? Sound of Music, hélt tombólu til að komast í eitt skiptið af mörgum.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er ekki lengur? Herðapúðar.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölundag? Já, ég borða mat þar til hann er ónýtur.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Já.


Hvaða ósíd hefur þér reynst erfiðast að hætta? Kreista bólar og kroppa ofan af sárum.

Á hvern óskraðirðu síðast? Ég óskra mjög sjaldan, en mig minnir að það hafi verið yngri dóttir mín sem getur verið algjört „pain.“

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Að hafa ekki séð Michael Jackson á sviði.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Marr í snjó.

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Ég vann einu sinni einn dag í fiski og mætti aldrei aftur.
Um hvað varstu alveg viss þangað til þú



HIN HLIÐIN

Helga Möller Vill sjá hjónabandsráðgjöf í skóla landsins

komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? Að það væri „heilalandi“ í rólunni en komast að því 35 ára að það væri „heilagur andi“ í rólunni, en maður setti stein í róluna þegar maður tók róluna frá og sagði þessi orð.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði? Ég hjálpi þér.

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögregluna? Ég þekki Geir Ólafs svo það kæmi mér ekkert á óvart að hann væri í sturtunni minni. Geir er svo óútreiknanlegur.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Að þroskast og verða betri manneskja með hverju árinu.

Hvað er framundan um helgina? Ég er að syngja um helgina.

Sumarið 2018 er komið

Allt að
25.000 kr.
afsláttur á mann
til 31. janúar

Frá kr.
55.395*



Frá kr.
63.395*



BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

*Öll verð eru með afslætti.

MADEIRA



Hotel Girassol

Frá kr. 144.695 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 144.695 m.v. 2 fullorðna í svítu.
5. apríl í 14 nætur.

MAROKKÓ



Golden Beach Aparthotel

Frá kr. 110.795 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 110.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
9. maí í 11 nætur.

MALLORCA



Hotel Sorrento / Portofino

Frá kr. 70.895 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 70.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 86.695 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
10. júní í 7 nætur.

SALOU



Cye Holiday Center

Frá kr. 66.545 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 66.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 87.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
5. júní í 9 nætur.

KRÓATÍA




Sol Stella Hotel

Frá kr. 113.545 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 113.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 140.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
18. júní í 11 nætur.

BIBIONE



Villaggio Planetarium Resort

Frá kr. 118.545 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 118.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 135.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
18. júní í 11 nætur.

BENIDORM



Don Jorge Apartaments

Frá kr. 61.545 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 61.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 73.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
3. júní í 7 nætur.

GRAN CANARIA



Parque Cristobal Bungalows

Frá kr. 70.245 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 70.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi. Netverð á mann frá kr. 81.095 m.v. 2 fullorðna í smáhýsi.
5. júní í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA



Estrella de Mar Apartments

Frá kr. 55.395 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 55.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 63.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
31. maí í 7 nætur.

COSTA DEL SOL



Bajondillo Apartments

Frá kr. 81.195 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 81.195 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 82.195 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
1. júní í 10 nætur.

KRÍT



Pella Steve I Apartments

Frá kr. 85.995 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 85.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 95.395 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
25. maí í 10 nætur.

TENERIFE



Globales Tamaimo Tropical

Frá kr. 58.545 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 58.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 69.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
23. maí í 7 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimferðir skýja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENEMM / SA - 1068708

Nýr ritstjóri Fréttatímans segir ósatt



Mikil leynd hefur ríkt yfir nýjum eigendum Fréttatímans. Fréttatíminn var úrskurðaður gjaldþrota en vefurinn birtist aftur á netinu nokkrum mánuðum síðar í breyttri mynd. Á síðunni kom hvergi fram um hver væri eigandi miðilsins.

Samkvæmt heimildum DV keypti Jóhannes Gísli Eggertsson lénið. Jóhannes hefur á síðustu árum verið umfjöllunarefni fjölmiðla vegna auðgunarbrota og hlotið fjóra refsisdóma frá árinu 2012. Í mars árið 2015 sagði Jóhannes Gísli í viðtali við DV að hann hefði snúið við blaðinu og vildi fá að njóta sannmælis. Nær sléttu ári síðar var hann gómaður við að svíkja vörur út úr vefverslun ELKO. Fyrir það fékk hann sex mánaða fangelsisdóm fyrir ríflega ári, í lok árs 2016, og hefur hann tekið út þann dóm.

Þá vakti athygli fjölmiðla seint á síðasta ári þegar Jóhannes Gísli þóttist vera unglingsstúlka til að koma upp um barnaniðinga. Segir Jóhannes Gísli í samtali við DV að hann vilji nú aftur bæta ráð sitt.

Skráður eigandi og titlaður ritstjóri er Guðlaugur Hermannsson fiskkaupandi. Þær upplýsingar voru ekki birtar fyrr en DV fór að grennslast fyrir um málið. DV ræddi við Guðlaug sem í fyrstu fór undan í flæmingi en kvaðst vera eigandi lénsins en neitaði allri aðkomu Jóhannesar að fjöl-

miðlinum. Jóhannes hafði skrifað frétt á vef Fréttatímans án þess að nafn hans kæmi þar fram. Í myndskreiði þar sem fjallað var um aðgerðir sérsveitar í Faxafeni mátti heyra rödd Jóhannesar þar sem hann titlaði sig blaðamann. Þá var sagt að blaðamaður Fréttatímans, sem var Jóhannes Gísli hefði verið á staðnum. Þá hefur Jóhannes kynnt sig sem blaðamann miðilsins. Nýr ritstjóri Fréttatímans, fiskkaupandinn Guðlaugur, ákvað að segja blaðamanni DV ósatt og fljótlega eftir samtalið var fréttinni

breytt og birt yfirlýsing um að Jóhannes hefði ákveðið að gefa Fréttatímanum myndskreiðið.

„Hann er ekkert að vinna neitt við [Fréttatímann]. Ég veit ekki alveg hvaðan þú hefur það en hann er ekkert að vinna við þetta,“ sagði Guðlaugur þrátt fyrir að Jóhannes hefði verið titlaður blaðamaður í fréttinni og hafi samkvæmt heimildum DV séð um fréttaskrif á vefinn. Vildi Gunnlaugur ekki upplýsa hvaða blaðamenn skrifa á Fréttatímann og sakaði blaðamann DV um

árásir á nýjan miðil.

DV ræddi við Jóhannes sem vildi í fyrstu ekki kannast við að starfa fyrir miðilinn. Hann viðurkenndi síðan að hafa starfað fyrir Fréttatímann. Óttaðist hann að vera dæmdur vegna vafasamrar fortíðar en kvaðst dreyma um að verða blaðamaður. Að sögn ritstjóra verður framtíð Jóhannesar ákveðin í næsta mánuði. ■

Lostinn logar í Landanum

■ Sjónvarpskonan **Edda Sif Pálsdóttir** hefur staðið vaktina í Landanum undanfarna vetur en eins og nafnið gefur til kynna kallar starfið á ferðalög vítt og breitt um landið. Nýlega opinberaði Edda Sif ástarsamband sitt við **Vilhjálms Siggeirsson**, sem starfað hefur sem kvikmyndatökumaður þáttanna. Párið ákvað að flýja yfirþyrmandi skammdegid á Íslandi í byrjun árs og það alla leið til Ástralíu. Þar eru nú kjöraðstæður til þessa að kynda undir ástareldum því gríðarleg hitabylgja geisar þar ytra. Hitinn hefur farið yfir 40 gráður víða um landið. Edda Sif hefur verið dugleg að birta myndir úr ferðinni á Instagram-síðu sinni en notandanafn hennar er eddasifpals.



Salka Sól verður Ronja

■ Næsta haust mun Þjóðleikhúsið setja á svið leikritið um Ronju ræningjadóttur eftir Astrid Lindgren. Um tólf ár eru síðan leikritið var sett á svið í Borgarleikhúsinu en þá fór Arnbjörg Hlíf Valsdóttir með hlutverk Ronju. Heimildir DV herma að fjöllistakonan **Salka Sól Eyfeld** muni fara með hlutverk Ronju í hinni nýju uppfærslu. Þá verður **Selma Björnsdóttir** leikstjóri verksins. Ljóst er að kokteillinn Selma, Salka og urmull af rassálfum getur ekki orðið annað en meistaraverk.



- 30% AF HARÐPARKETI -30% AF FLÍSUM -30% AF HÁPRÝSTI-DÆLUM
- 30% AF EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRUM -40% AF HOUSE OF YARN GARNI -40% AF PLASTBOXUM -30% AF POTTUM OG PÖNNUM -30% AF BARNABÍLSTÓLUM -40% AF GLÖSUM, BOLLUM OG KÖNNUM -30% AF HUNDA- OG KATTAMAT -30% AF MYNDARÖMMUM -40% AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM -40% AF KLUKKUM -40% AF JÓLAVÖRU -30% AF LJÓSUM -30% AF LOFTAPILJUM -30% AF MOTTUM OG DREGLUM -40% AF BAÐFYLGHIHLUTUM
- 30% AF BÍLAHREINSIVÖRUM -30% AF ÖRYGGISSKÓM -30% AF ÁLTRÖPPUM OG STIGUM -30% AF CAT VINNUSOKKUM -30% AF JÁRNHILLUM -30% AF TRANEMO VINNUFÖTUM -40% AF KAFFI- OG MATARSTELLUM

VALDAR VÖRUR Á ENN BETRI AFSLÆTTI!



Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Allt fyrir heimilið

12. janúar 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sværissón / agustb@dv.is





Flest sem lýtur að smíði og garðvinnu

MATTI SMÍÐUR

Matthías Pétursson húsgagna-smíður er með þrjátíu ára reynslu af smíði og vinnur með Matthíasi syni sínum, sem er að ljúka námi í húsasmíði, og mun taka við rekstri föður síns þegar fram líða stundir. Þeir feðgar taka að sér flest það sem lýtur að smíði, nýsmíði og lagfæringum. Matthías segist lengi vel hafa unnið við sérsmíði á innréttingum: „Undanfarin ár hefur sérsvið mitt hins vegar verið garðar og hellulögn. Ég tek að mér fjölbreytt verkefni eins og sumarhús, einkalóðir, lóðir undir nýbyggingar og eins eldra húsnæði. Að auki sé ég um nýja garða og endurgerð eldri garða.“

Sólpallar, skjólveggir og hellulögn

„Þegar líða fer að vori fara margir að huga að sólpöllum enda eru þeir ekki bara til þess að njóta sólarinnar heldur nýtast einnig sem frábær framlenging á sjálfri stofunni,“ segir

Matti. „Það er einnig annatími í hellulögn og girðingum. Skjólveggir, bekkir, kofar og geymslur spretta upp eins og gorkúlur í gördum landsmanna með hækkandi sól,“ bætir hann við og nefnir að fátt sé skemmtilegra en vorverkin.

Heitir pottar – framlenging á stofunni

„Fjölmargir hafa fengið sér heitan pott í garðinn á undanförunum árum. Það skiptir meginmáli að pallurinn við pottinn sé vel úthugaður og huga þarf vel að staðsetningu og umhverfi pottsins. Best er að pallurinn sé á tveimur hæðum og smíða tröppur á snyrtilegan hátt upp á efri pallinn til þess að auka rýmið umhverfis pottinn. Tröppurnar geta svo einnig nýst fyrir blómápotta og luktir sem gera umhverfið mun hlýlegra við pottinn. Á efri pallinum myndast þá líka rými fyrir borð og stóla. Þegar sólpallar

eru ekki stórir eins og í þessu tilfalli er mikið atriði að fella pottinn inn í umhverfið til þess að skapa rými. Rýmið umhverfis pottinn er t.d. hægt að nota fyrir glös og diska þegar hann er í notkun.“

Finna einnig fallegar lausnir fyrir landsbyggðina



„Við Mattarnir smíðum líka utan um sorptunnur á faglegan hátt og búum til falleg blómabeð til skrauts og ofan á hleðslur. Við notum ýmsar viðartegundir við smíðina eins og t.d. lerki, eik, furu og jafnvel tekk. Við tökum glaðir við verkum á landsbyggðinni og höfum sinnt verkefnum um land allt, eins og t.d. á Flúðum, Þingvöllum, Snæfellsnesi og í Skorradal. Við Mattarnir smíðum í raun allt sem hugsast getur – innandyra sem utan. Við getum séð um parketlögn, parketslipun, milliveggjasmíði, uppsetningu innréttinga, uppsetningu hurða,

þakviðgerðir og fleira,“ segir Matti.

Matti smíður, netfang: mattismidur@mattismidur.is, sími: 893-3300 og 691-0621 www.mattismidur.is



Þúsundþjalasmíður Matti er með yfir 30 ára reynslu í faginu og hefur í gegnum árin smíðað nokkur hundruð sólpalla með öllu tilheyrandi.



BAST



Lífsstílsverslunin Bast gleður augað og andann

Hugmyndafræðin á bak við Bast er að bjóða upp á alls konar vörur sem tilheyrja lífsstíl og heimili. Verslunin er staðsett á fyrstu hæð Kringlunnar, skammt frá Kaffitári og Hagkaupum. Heimilsvörur og búsaðhöld eru mest áberandi í versluninni en einnig er þar til sölu mikið úrval fylgihluta og skartgripa frá Tosh og Uniform-peysur sem eru íslensk hönnun og að fullu framleiddar á Íslandi. Þessi samsetning er kannski óvenjuleg en þó engin tilviljun heldur endurspeglar hún það andrúmsloft sem Bast vill skapa og snýst um lífsstíl.

Bast býður upp á heimilis- og gjafavörur undir þekktum gæðamerkjum. Má þar nefna A Simply Mess, sem framleiðir gjafavörur fyrir heimilið en nafnið segir mikið um hvernig hönnuðurinn lítur til heimilisins: Hann sér það sem vettvang fyrir skapandi fólk. Enn fremur má nefna Bitz-borðbúnað, Södhálmföt, Holms, DW Home og Vera Home-kerti og Peyrex-hægeldunarpotta.

Eitt af því vinsælasta í Bast eru Moscow Mule-bollarnir. Þá er gaman að segja frá hinni geysivinsælu pönnu sem einfaldar eldun á pokaeggjum til að gera réttinn gómsætan, Eggs Benedict.

Í Bast er mikið úrval af tækifær-



isgjöfum, meðal annars súkkulaði sem með fylgja skemmtilegar orðsendingar. Einnig eru til sölu

pottaplöntur sem eru mjög vinsælar núna og gaman að lífga upp á heimilið í skammdeginu með grænum plöntum.

Góð þjónusta, breitt vörurval og sanngjarnt verð eru á meðal þess sem einkennir Bast. Ávallt er eitthvað nýtt og spennandi á döfinni. Fram til 15. janúar er 20% afsláttur af öllum vörum. Margt spennandi er framundan, til dæmis opnar Bast vefverslun í febrúar. Allar nýjungar eru tilkynntar á Facebook-síðu Bast.

Hjá Bast færðu ýmiss konar tækifærissgjafir, brúðargjafir og afmælis-



gjafir, og margt til að prýða heimilið, til dæmis púða, kerti og servíettur – að ógleymdum viskustykkjunum og hekludu borðtuskunum, en hvort tveggja hefur ávallt notið mikilla vinsælda.

Bast tekur inn nýjar vörur að minnsta kosti tvisvar í viku. Þess vegna er ávallt eitthvað nýtt og spennandi til að skoða. Fylgstu með á Facebook-síðu Bast.



Gamla innréttingin verður eins og ný með einfaldri og ódýrri uppfærslu

Fyrtækið Björninn býður upp á allar tegundir af innréttingum innanhúss, allt frá innréttingum í bílskúrinn upp í eldhúsinnréttingar og baðinnréttingar; sömuleiðis fataskápa, bókahillur og margt fleira. Um er að ræða sérsmíðaða íslenska framleiðslu, eigin framleiðslu fyrirtækisins í einu og öllu. Rætur fyrirtækisins eru margra áratuga gamlar en það hefur verið til í núverandi mynd í yfir 20 ár.

Allar innréttingar í Birninum eru

sérsmíðaðar eftir óskum viðskiptavinarins. Hann ákveður viðartegund, höldur og innviði. Starfsmenn Bjarnarins teikna síðan upp verkið, smíða innréttinguna og setja hana upp sé þess óskað.

„Það eru margir aðilar sem selja innréttingar en það sem gefur okkur sérstöðu er að hjá okkur getur fólk endurnýjað hluta af innréttingunni, skipt út lúnum hurðum, fengið nýjar hillur inn í gamlar innréttingar, skipt um borðplötur, hvað eina sem

er farið að gefa eftir, fengið yfirhalningu á innréttingunni svo hún er eins og ný og fengið nýjar skúffur inn í gamlar innréttingar – en fyrir aðeins brot af kostnaðinum við nýja innréttingu,“ segir Páll Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Bjarnarins.

Verslun Bjarnarins er að Ármúla 20 og er opin virka dag frá kl. 9 til 17.30. Þangað er gott að koma og skoða allt úrvalið af innréttingum og ræða við fagmenn sem geta veitt hverjum og einum sérsniðna þjónustu.

Páll er ánægður með staðsetninguna við Ármúlann: „Ármúlinn er sterk og góð verslunargata. Hér eru mjög þekkt og traust fyrirtæki sem fólk þekkir. Hér er gott að vera með rekstur.“

Siminn hjá Birninum er 562-5000 en nánari upplýsingar og myndir af innréttingum er að finna á vefsíðunni bjorninn.is og Facebook-síðunni Björninn innréttingar.



HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRETTINGAR

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum



VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM



ÚRVAL INNRETTINGA



GOTT SKIPULAG



VÖNDUÐ GÆÐAVARA

OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



Sjáðu úrvalið
á goddi.is

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Fallegra heimili með gæðavörum á hagstæðu verði

PURKHÚS

Purkhús er vefverslun á vefslóðinni purkhus.is sem sérhæfir í fallegum vörum til að prýða heimilið. Eigandinn er Sara Björk Purkhús en að hennar sögn koma vörurnar víða að, til dæmis frá Bandaríkjunum, Indlandi og Kína, en sumar vörurnar hannar Sara sjálf og lætur framleiða fyrir sig, aðrar kaupir hún af heildsölum.

„Vörurnar eiga það allar sameiginlegt að prýða hús og heimili. Vinsælustu vörurnar eru DÍS blómavasi, HRINGUR kertasjaki, SAXI veggpunt og svo eru kitarlimmiðarnir líka mjög vinsælir. Það eru einhverjar vörur uppseldar núna en allt væntanlegt aftur á næstu vikum,” segir Sara, en

hún opnaði verslunina í september síðastliðnum:

„Vefverslunin hefur fengið mjög góðar viðtökur og ég er mjög þakklát fyrir það. Ég hef náð að auka vöruúrvalið á þessum fjórum mánuðum og stefni á að auka það enn frekar á næstunni. Ég var búin að vera með þessa hugmynd í kollinum, að stofna vefverslun með fallegum vörum fyrir heimili, í nokkurn tíma og lét loksins verða af því á síðasta ári, en mér hefur alltaf þótt gaman að gera fint í kringum mig og áhugi minn fyrir því jókst enn meira þegar ég flutti að heiman.“

Sara leggur jafn mikla áherslu á gæði og hagstætt verð á vörunum sem hún tekur inn til sölu og því þarf að vanda valið: „Þegar ég panta inn

vörur þá byrja ég á því að fá prufueintak og tek í framhaldinu ákvörðun um hvort ég panta vöruna inn. Ef mér líkar varan og gæðin þá panta ég vöruna. Ég hef fengið mörg prufueintök sem mér hefur ekki líkað nógu vel við og því ekki pantað þá vöru. Mig langar til þess að bjóða viðskiptavinum mínum fallegar vörur fyrir heimilið á góðu verði. Það er mitt markmið.“

Þess má geta að Purkhús sendir vörur heim til viðskiptavina um allt land og sendingarkostnaður er enginn.

Þessa dagana er gott tækifæri til að kynna sér purkhus.is því það er nýársútsala í gangi þar sem valdar vörur eru á 20–50% afslætti en allar aðrar vörur á 10% afslætti. Alltaf er eitthvað spennandi framundan.

„Ég er að taka inn nýja vöru sem kemur vonandi fyrir helgi en það er dásamlegur hringspegill á vegg. Hann er í þremur litum, kopar, gylltu og út í svargrátt. Hann er 40 sentimetrar í þvermál og er með fallegri glerhillu framan á. Þrátt fyrir að spegillinn sé ekki kominn í sölu ennþá hefur hann vakið mikla athygli og margir komnir á biðlista eftir honum. Ég er einnig að vinna í fleiri nýjum vörum en get ekki sagt frá þeim strax,” segir Sara að lokum.

Sjá nánar á purkhus.is, á Facebook-síðunni Purkhús og hjá Purkhús á Instagram.



Flamant
tímalaus hönnun



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is





Sælandsgarðar hjálpa þér við garðinn og hellurnar

FAGMENNSKA OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

Það er gott að hafa tímann fyrir sér í vorverkunum og þó að ekki sé komið vor er engu að síður tímabært að huga að garðinum, stéttunum og umhverfi sínu almennt. Eiríkur Sæland, garðyrkjufræðingur hjá fyrirtækinu Sælandsgarðar, er sérfræðingur á þessu sviði og hann bendir á að veturinn geti nýst mjög vel til vinnu í garðinum. Eiríkur er menntaður garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins og sótti sér frekari menntun í faginu til Noregs og Danmerkur. Hann hefur frá árinu 2008 rekið eigið fyrirtæki, Garðapjónustuna E. Sæland, sem hefur skipt um nafn og heitir nú Sælandsgarðar ehf. Tílefni nafnbreytingarinnar er það að sonur Eiríks, Kolbeinn Sæland vélstjóri er kominn inn í rekstur fyrirtækisins, en hann lýkur námi sem skrudgarðyrkjufræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands í vor. Auk þeirra feðga starfa við fyrirtækið skrudgarðyrkjumeistari og fleiri mjög reyndir starfsmenn.

Kjörinn tími til að klippa tré og runna

Eiríkur segir að þessar vikurnar sé kjörinn tími til að klippa tré og runna og fella tré sem skyggja á sólu eða þarf að fella af öðrum ástæðum. Undir vorið er í mörgu að snúast í gördum og þá er gott að vera búinn að klippa það sem klippa þarf, áður en kemur að beðahreinsunum og almennri hirdingu.

Starfsmenn Sælandsgarða eru færir fagmenn á þessu sviði og hafa mikla þekkingu á plöntum og mikla reynslu af klippingum og trjáfell-ingum. Þeir geta veitt ráðgjöf, gert kostnaðaráætlanir og komið með

þæði glæsilegar og hagkvæmar lausnir.

Eiríkur segir að nauðsynlegt sé að klippa limgerði reglulega til að viðhalda því og þétta það og koma í veg fyrir að það gangi úr sér. Í borgarlandinu er líka mikilvægt að snyrta tré reglulega svo þau nái því lagi sem fólk vill.

Hellulögn og hleðslur

Á þessum árstíma er líka kjörið að vinna í hellulögn og hleðslu þegar vel viðrar. Til dæmis að rífa upp og endurnýja gamlar hellulagnir í heimkeyrslum, á bilastæðum og göngustígum, og leggja nýjar. Oft þarf líka að endurnýja gamlar hleðslur eða gera nýjar, hvort heldur er með forsteyptum einingum eða náttúrulegu grjóti. Hellur og náttúrugrjót geta verið skemmtileg lausn í garðinum til að minnka garðslátt og gera ásýnd garðsins léttari, nútímalegri og flottari. Þarna þarf síðan líka að koma við sögu ráðgjöf og undirbúningur á borð við jarðvegsskipti og uppsetn-

ingu snjóbræðslukerfa eftir því sem við á og óskað er eftir.

Gras og beð

Þegar vorar er síðan orðið tímabært að hreinsa beðin, kantskera og semja um garðslátt.

Sælandsgarðar taka að sér öll þessi verk og hefur síðustu ár séð um garðslátt, beðahreinsun og alla umhirðu garða fyrir húsfélög, fjölbýlishús, stór og lítil fyrirtæki og stofnanir.

Sælandsgarðar ehf.

Starfsmenn Sælandsgarða mæta á svæðið, skoða umfang verksins, gera áætlanir um lausn með húseigendum og leysa í kjölfarið verkið af fagmennsku, fljótt og örugglega, á hagkvæman hátt.

Sælandsgarðar ehf. er vaxandi fyrirtæki sem tekur að sér verkefni allt árið um kring. Eiríkur og hans menn eru með öll nauðsynleg tæki og búnað í garðapjónustu og hellulögn – eru fagmenn sem leggja áherslu á persónulega þjónustu og vandaða vinnu.



Eiríkur Ómar Sæland



Hægt er að hafa samband við Eirík hjá Sælandsgörðum í síma 680-9903, með tölvupósti á netfangið eirikur_omar@hotmail.com og á Facebook-síðunni Garðapjónusta E. Sæland ehf.





Gluggatjöld, áklæði og veggfóður sem gera umhverfið fallegra og hlýlegra

BÓLSTRARINN

Petta eru gluggatjöld úr þunn-um efnum sem sést í gegnum og eru afar létt. Gluggatjöld gefa góða hljóddempun sem oft þarf í nútíma húsum," segir Hafsteinn Gunnarsson hjá Bólstrarinum en fyrirtækið selur meðal annars gluggatjöld, áklæði og veggfóður frá þekktum og virtum erlendum framleiðendum. Mjög gott dæmi um það er breski framleiðandinn Romo sem er eitt virtasta fyrirtæki heims á þessu sviði en Bólstrarinn hefur verslað við það í yfir 30 ár.

Það nýjasta frá Romo er veggfóður, gluggatjöld og áklæði með japönsku formi, undir merkinu Kirby Design. Um er að ræða hönnun frá Japananum Kishimoto og eru þessi mynstur afar vinsæl núna: „Þetta var fyrst sýnt á Milanó-sýningunni í maí í fyrra og vakti mikla athygli. Þetta er allt öðruvísi en maður hefur séð," segir Hafsteinn, en fjölbreytni í litum og mynstrum er mikil hjá Bólstrarinum.

„Allar vörur eru sérpantaðar en með því getum við boðið upp á svona mikið úrval; það tekur um viku að fá til landsins vöruna sem fólk velur," segir

Hafsteinn.

Bólstrarinn er gróið fyrirtæki og hefur starfað síðan árið 1944 í smá-sölu og við gerðir og bólstrun húsgagna. Verslun Bólstrarans er til húsa að Langholtsvegi 82 en fræðast má um starfsemina og vöruúrvalið á heimasíðunni www.bolstrarinn.is.

Endurreisn veggfóðursins

„Það er selt mun meira af veggfóðri núna en hefur verið og eru ástæðurnar bæði þær að veggfóður er að komast í tísku aftur á heimilum og að það er mjög vinsælt á veitingastöðum og hótélum enda gerir það umhverfið hlýlegra. Ferðapjónustan kemur þarna sterk inn og þjónustar Bólstrarinn mörg hótél og veitingastaði í þessum efnum. Við erum með mikið úrval af veggfóðri frá þekktum fyrirtækjum en við vísum á góða fagmenn sem taka að sér að setja upp veggfóður," segir Hafsteinn.

Sem fyrr segir er Bólstrarinn til húsa að Langholtsvegi 82 og opið er virka daga frá kl. 9 til 18. Sjá nánar á www.bolstrarinn.is.





Sérsmíðuð húsgögn án aukakostnaðar

PATTI EHF.

Við framleiðum okkar eigin sófasett í öllum þeim stærðum sem hver og einn viðskiptavinur vill. Allt hráefnið í sófasettin flytjum við inn sjálfir, þannig að það sé sniðið að okkur sófum. Við erum með okkar mólél sem við getum breytt og stílfært eftir óskum hvers og eins. Þetta er því í raun sérsmíði en ekki í þeim algenga skilningi að um sé að ræða mjög dýra vöru, í okkar tilfalli er sérsmíði einfaldlega það að þú kaupir þér til dæmis hornsófa en vilt fá hann í annarri stærð en þeirri stöðluðu og þá kostar hann bara það sama," segir Gunnar Baldursson hjá

húsgagnaversluninni Patti húsgögn ehf., Bildshöfða 18, Reykjavík.

Patti hefur verið til í þessari mynd frá aldamótun en á sér rætur marga áratugi aftur í tímann. Eins og lýsingin hér að framan gefur til kynna býður Patti upp á mjög persónulega þjónustu við sölu og framleiðslu húsgagna. Yfir 90 útfærslur á stofuhúsgögnum eru í boði og yfir 3.000 tegundir af áklæði frá virtum framleiðendum.

„Við flytjum einnig inn mikið af stólum (staflanlegum) og borðum (fellanlegum) fyrir hótél og veitingahús, sem geta nýst hvar sem er. Þetta eru mjög sterk húsgögn frá Þýskalandi. Þau

eru ekki bara fyrir ferðaþjónustuna heldur erum við að selja húsgögn inn í leikskóla, í félagsheimili, í félagsmiðstöðvar og víðar, þannig að við erum að selja þetta inn á mjög marga og ólíka staði," segir Gunnar.

En Patti býður upp á fleira til að fegra umhverfið en bara húsgögn. Undanfarið hefur verslunin boðið upp á afskaplega fallegar handunnar kristalvörur frá Julia Crystals, sem og búsaðaldavörur frá danska framleiðandanum Rice. Enn fremur eru í boði sælkeravörur frá A L'Olivier, til dæmis sinnep og olíur í finni kantinum, með t.d. truffle-sveppum, vörur sem fólk sér ekki í næstu matvöruverslun.



Sem fyrr segir er Patti til húsa að Bildshöfða 18. Opíð er virka daga frá 10 til 18 og laugardaga 11 til 15. Nánari upplýsingar á patti.is.



Flutningsþrif og Airbnb-þrif

STÓRFÍNT

Davíð Hansson hjá Stórfínt heyrði fyrst orðið flutningsþrif þegar hann sjálfur skipti um húsnæði fyrir einu og hálfu ári og var í tímaþröng eins og svo margir í þeim sporum. Hann nýtti sér slíka þjónustu sjálfur og losnaði þar með við mikið og tímafrekt erfið en eins og allir vita krefjast fasteignaskipti og flutningar mikils tíma og vinnu, svo ekki sé þrifunum bætt þar við. Fyrir ári stofnaði Davíð síðan hreingerningafyrirtækið Stórfínt sem sérhæfir sig annars vegar í Flutningsþrifum og hins vegar Airbnb-þrifum.

Davíð viðurkennir að flutningsþrif séu mjög erfið. „Jú, þetta er hörkupúl. Fólk sparar sér mikið erfiði við þetta og þetta er líka tímafrekt og fólk yfirleitt á síðustu stundu við að flytja út og skila af af sér," segir hann.

Í flutningsþrifum eru allir skápar þrifnir hátt og lágt, þar með talinn ísskápurinn. Þrifið er ofan á skápnum og allar hillur þrifnar vel og vandlega. Gluggar, innréttingar, veggir og flest annað er þrifið, svo hægt sé að skila íbúðinni með sóma. Allir gólfpletir eru ryksugaðir og að lokum skúraðir. Stórfínt er vel búíð tækjum og getur þurrkað burt erfiða bletti.

Borgaðu seinna

Núna geturðu greitt með Netgiró! Það er kostnaðarsamt að flytja og núna getur þú frestað greiðslu í 14 daga eða jafnvel skipt reikningnum upp í nokkrar greiðslur og þannig aukið sveigjanleika í útgjöldum.

Airbnb-þrif

„Við lentum síðan inni í Airbnb-þrifunum fyrir tilviljun en þau hafa vaxið hratt og eru orðin um helmingur af umsvifunum," segir Davíð.



Innifalið í þjónustunni er að skipt er um á rúmum, íbúðin þriffin, rúm, handklæði og tuskur eru þrifnar, og rusli er fleygt. Ekki er föst verðskrá í Airbnb-þrifum heldur eru gerð tilboð sem henta hverjum og einum.

Nánari upplýsingar er að finna á [heimasiðunni storfint.is](http://heimasiðunni.storfint.is).

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Fæst í næstu verslun

ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS

**GÓÐ BYRJUN
Á NÝJU ÁRI**

